

STAÐFRÆÐIORÐASAFN

**Kristmundur Hannesson
Gunnhildur Skaftadóttir**

**2. drög
1991**

**LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS**

Formáli

Samkvæmt ósk Ágústs Guðmundssonar forstjóra Landmælinga Íslands tókum við undirrituð saman það staðfræðiorðasafn er hér fer eftir.

Í orðasafninu eru eingöngu staðfræðiheiti og sérstakar staðfræðilegar merkingar annarra orða.

Tilgangur orðasafnins er að safna saman á einn stað skilgreiningum á nöfnum þeirra fyrirbæra sem fjallað er um í landgreiningu og kortagerð. Orðasafnið er að mestu tekið úr Íslenskri orðabók Menningarsjóðs frá 1988, með leyfi ritstjóra, Árna Böðvarssonar. Að öðru leyti er vísað til heimilda.

Talsvert er af jarðfræðiheitum í safninu en óhjákvæmilega eru sum staðfræðiheiti jafnframt jarðfræðiheiti.

Leitað var til ýmissa aðila og voru ábendingar þeirra þegnar með þökkum. Árni Böðvarsson las yfir lokapróförk. Kunnum við þeim öllum sérstakar þakkir fyrir.

Notkunarleiðbeiningar

Orðum orðasafnsins er raðað í stafrófsröð. Beyging ósamsettra orða er sýnd þegar hún er þekkt, en beyging samsettra orða er því aðeins sýnd að hún sé frábrugðin beygingu síðari (síðasta) liðar.

Við nafnorð eru sýnd kenniföll (nefnifall eintölu, eignafall eintölu, nefnifall fleirtölu): vogur, -s (=vogs), -ar (=vogar); völlur, vallar, vellir; vilpa, -u, -ur; varða, vörðu, vörður.

Sýnt er þágufall eintölu nokkurra karlkynsorða vegna misræmis innan beygingarflokksins: **hreppur, -s, -ar, melur, -s**, ÞGF: **hreppi, mel**. Svigar utan um endinguna **i** merkir að hún getur komið í þágufalli, en þarf ekki að gera það.

Dæmi:

áll, -s, álar (ÞGF **ál**) K... , **ís, -s, -ar** (ÞGF **ís(i)**) K...

Sýnt er eignarfall fleirtölu af kvenkynsorðum veikrar beygingar og nokkrum fleiri orðum sem hætta er á að ruglist saman við þau: kelda, -u, -ur, (EF **keldna**) KV,

ganga, göngu, göngur (EF **gangna**) KV, **göng** H FT (EF **ganga**).

Svigar, (), eru yfirleitt hafðir til nánari skýringar eða þegar svigaorðin geta komið í stað orða utan svigans.

Sums staðar er sett lóðrétt strik milli stofns og endingar (sælr K).

Skammstafanir

H	hvorugkynsnafnorð, hvorugkyn
K	karlkynsnafnorð, karlkyn
KV	kvenkynsnafnorð, kvenkyn
LO	lýsingarorð
ET	eintala
FT	fleirtala
NF	nefnifall
ÞF	þolfall
ÞGF	þágufall
EF	eignarfall
ÓB	óbeygjanlegt orð
sbr.	samanber
form.	formál
norðl.	norðlenska
staðb.	staðbundið mál
sunnl.	sunnlenska
vestf.	vestfirska
sjaldg.	sjaldgæft mál
sögul.	sögulegt efni

Skammstafanir á heimildum

ÁB	Árni Böðvarsson málfarsráðunautur
BI	Orðabók Sigfúsar Blöndals, Rvík 1920-1924
FS	Freysteinn Sigurðsson, Orkustofnun
GJ	Gísli Júlíusson, Landsvirkjun
HJ	Haukur Jóhannesson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Ob	Orðanefnd byggingaverkfræðinga, fylgirit með Vegamálum
OH	Orðabók Háskólans
OOS	Orð og orðtök í skipulagi. Skipulagsstofa höfuðborgar- svæðisins, september 1981
Stjt	Stjórnartíðindi 18. apríl 1986 A5
TT	Theodór Theodórsson, Landsvirkjun
ÞE	Þorleifur Einarsson, Jarðfræði, Rvík 1968
ÞE*	Þorleifur Einarsson, Jarðfræði, Rvík 1985
ÞV	Þórhallur Vilmundarson, Örnefnastofnun Þjóðminjasafns

aðalbraut KV **1** helsta leið. **2** gata eða vegur þar sem umferðin nýtur forréttinda fram yfir umferð frá aðliggjandi brautum. **3** helsta braut (á flugvelli).

aðalvegur K meginvegur; liggur milli héraða landsins og tengir þau saman (ÁB)

aðfall H hækkun sjávar með flóði, aðstreymi (andstætt útfall).

akrein, -ar, -ar KV viðbótarakrein meðfram akbraut við gatnamót, ætluð þeim sem ætla að aka inn á hana - sbr. frárein [AB].

afbýli H **1** hjáleigukot. **2** afskekkt býli [FS].

afbær K afskekktur bær.

afdalur (PGF **-dal**) K dalur út úr aðaldal; dalur fjarri mannabyggðum.

affall, -s, -föll H afrás vatnsfalls, kvísl.

afflæði H þurrlandismyndun við landlyftingu eða vegna lækkunar sjávarborðs.

afgata KV stígur sem liggur afleiðis.

afhellir K hliðarhellir, lítill hellir sem gengur út úr stærri helli.

afhóp H (staðb.) djúpt afmarkað vatnssvæði þar sem grynna er til hliða; lygna við árbakka.

afhýsi H hús eða herbergi út úr öðru; afvikið hús.

afkimi K skot, afsíðis horn eða staður.

afleggjari, -a, -ar K vegur eða vegarspotti út frá aðalbraut, t.d. heim að húsi.

aflstöð KV orkuver.

afrás KV afrennsli; útrás.

afrennsli H **1** vatnsfall sem rennur úr stöðuvatni, lægð eða þess háttar. **2** vatnsrennsli af flatareiningu (FS)

afrétt, -ar, -ir KV (norðl.), afrétti H, afréttur K (sunnl.), heiðaland notað sem sumarhagar handa búfé.

afréttarland H svæði sem telst til afréttar.

afstapi K brattur endi (stapi) á fjalli, klettahrygg eða hrauntaumi (FSI)

afvegur K hliðarvegur.

afæta KV vatn sem étur af sér ís og gerir hann ótraustan; kaldavermsl.

akbraut KV bílvegur, sá hluti götu sem ökutækjum er ætlað að aka eftir; sleðabraut í snjó.

akhlið H (staðb.) skarð sem sýnist vera milli fjalla, allbreitt að sjá.

akrein KV sá hluti tví- (fleir-) skiptrar akbrautar þar sem aðeins er ekið í ákveðna átt.

akur, -urs, -rar K ræktað sáðland.

akurgerði H afgirtur akur, girðing um akur.

ak|vegur (PGF **-vegi**) K braut sem ökutæki (bílar) fara.

alda, öldu, öldur (EF **aldna**) KV ójafna á landi, bylgjulaga hæð; (staðb.) aflöng lægð.

alfaraleið KV alfaravegur.

alfaravegur K fjölfarin leið eða gata.

almennigur (PGF **-menningi**) K **1** sameiginlegur afdráttur. **2** sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlögn landareignar. **3** sameiginleg eign fjórðungs til veiða, reka og beitar. **4** aðalhólf í rétt (sem fénu er safnað í áður en dregið er í dilka).

andhverfa, -u, -ur (EF **-hverfna**) KV hryggur eða ás þar sem jarðlögum hallar til beggja átta frá hryggnum (PE).

angalúða KV angalýja.

angalýja, -u, -ur KV bakkalýja, angi eða sepi af einhverju, smátrefja út úr einhverju.

annes, andnes H nes, útskagi.

apalhraun, -s, - H hraun með úfnu, sundurtættu yfirborði.

arða, örðu, örður (EF **arðna**) KV nabbi, lítil ójafna.

aska, ösku KV (duftkenndar) leifar eftir bruna: gosaska.

askja, öskju, öskjur eða **eskjur** (EF **askna, eskna**) KV ketilsig.

auðn, -ar, -ir KV eyðimörk, öræfi, óbyggð, ógróið land.

auga, -a, -u H 1 gat, hola (í ís); smáfen í mýri. 2 vatnsauga í landi og úti í pollum (uppkomuauga) [FS].

aur, -s, -ar K 1 leir (oftast sand- og malarborinn); for. 2 einkum FT **aurar**, ógróið flatlendi úr hnallungum, möl og sandi sem auravatn hleður undir sig.

auravatn, -s, -vötn H vatnsfall sem rennur dreift og í breytilegum kvíslum um aura er það hefur hlaðið undir sig.

aurbleyta KV efja, leðja, bleyta í söndum og aurum.

aurbotn K leðjubotn í vatnsfalli eða stöðuvatni.

aurkeila (EF **-keilna**) KV giljadrúlda, skriðuvængur, aflöng aurdyngja sem myndast af árframburði framan við gilkjafst.

aurskriða (EF **-skriðna**) KV sand- og grjótskriða; jarðvegsskriða.

aurvatn H vatnsfall sem rennur dreift og í breytilegum kvíslum um aura er það hefur sjálft hlaðið undir sig [ÁB].

á, ár, ár KV vatnsfall.

ábýli H 1 ábúð. 2 ábýlisjörð.

ábýlisjörð KV jörð í ábúð tiltekins manns.

áfall H 1 skriða. 2 dökk.

áfangastaður K hvíldarstaður, náttstaður eða lokaáfangi á ferðalagi.

áflæði H stækkun hafsvæðis við landsig eða hækkun sjávarborðs.

áfreði, -a, -ar K (einkum í FT **áfreðar**) frosinn snjór, svellalög, snjóstorka, áfreri.

áfreri, -a, -ar K hart frost á eftir hláku, áfreði.

áhlaup H skriða í fjallshlíð.

álkantur K halli ofan í ál [HJ].

áll, -s, álar (PGF **ál**) K djúp skora í vatnsbotni; árkvísl; sund milli eyja eða landa.

árbakki K fljótsbakki, bakki öðrum (sín hvorum) megin við vatnsfall.

árbotn K botn í vatnsfalli.

árbugða KV bugða eða hlykkur á vatnsfalli; bugðua.

árdalur (PGF **-dal**) K 1 dalur grafinn af vatnsfalli. 2 dalur sem á rennur eftir (FS)

árennsli, -is H aurskriður eða vatnsrennsli (á (gróið) land).

áreyri KV eyri við á; eyri mynduð af vatnsfalli.

árfar H árfarvegur.

árfarvegur K farvegur vatnsfalls.

árframburður K 1 það að straumvatn flytur með sér uppleyst og föst jarðefni [Ob]. 2 jarðefni sem árframburður hefur skilið eftir (í farvegi ár eða utan).

árgil H gil sem á fellur eftir.

árgljúfur H gljúfur sem á fellur eftir [HJ].

árhjalli, -a, -ar K hjalli sem verður til við það að á grefur sér farveg í seti, er hún hefur áður myndað með framburði sínum [Ob].

árkjafst K ármynni.

árvísl KV kvísl í á eða fljóti.

ármóður K ís- eða sjóhrönn við á.

ármót H FT staður þar sem tvær ár falla saman í eina.

ármynni H áros, mynni á á.

ármöl KV möl við á, eyrarmöl.

árnes H nes sem gengur út í á.

áros K ármynni.

árrof H rof, sem straumvatn veldur með því að losa mola og bera fram jarðefni í farvegi sínum [Ob].
árset, -s, - H framburður áa, jafnan lagskiptur [ÞE*].

árslétt, -u, -ur (EF -slétta) KV flatlent landsvæði, sem mikið árset hefur fyllt upp og jafnað [Ob].

ás, -s, -ar K 1 löng (og lág) hæð. 2 malarás [FSI].

áveita, -u, -ur (EF -veitna) KV landsvæði, engi sem veitt er á: áveituengi.

bakkalýja, -u, -ur KV angalýja, rætur melgresis utan í rofbökkum.

bakki, -a, -ar K 1 strönd, brún, barmur: árbakki, gjárbakki, sjávarbakki; land fram með ár-
eða sjávarbakka. 2 hæð, hóll, háls.

baldjökull K kúptur jökull, jökulbunga.

balli, -a, -ar K harður, sléttur grasflötur, grasi vaxin hólbunga.

banki, -a, -ar K fiskimið.

barð, -s, **börð** H bakki á landi: moldarbarð, móabarð, rofabarð.

barmur, -s, -ar (PGF **barmi**) K brún, þröm, jaðar.

barnamold, -ar, -ir KV pétursmold, smáger, ljósleit eðja mynduð á vatnsbotni
úr skeljum kísilþörungum; kísilgúr.

barrskógur K skógur af barrtrjám.

barrtré H tré sem ber barnálar en ekki lauf.

barrviður (PGF -viði) K barrtré.

basalt, -s H dökkleit, eðlisþung tegund storkubergs, algengasta bergtegund á Íslandi
(skiptist eftir gerð í blágrýti og grágrýti).

bálkur, -s, -ar (PGF **bálki**) K lágur garður eða stallur, hlaðinn úr grjóti eða torfi; garði í
fjárhúsi.

bárugarður K sand- eða malargarður sem þrýstingur lagnaðariss á stöðuvatni myndar við
ströndina.

bás, -s, -ar K lítill hellir sem sjór gengur í um flæði, kriki eða vík umlukt klettabelti,
lítill skora við klettótta strönd, lítið gil, lítið dalverpi [AB].

bátahöfn KV höfn ætluð (fiski)bátum.

bátalega KV bátalægi.

bátalægi H viðlegustaður fyrir (fiski)báta, bátahöfn.

beð, -s, - H 1 reitur í matjurta- eða blómagarði. 2 des í heygardi (stabbi milli geila). 3 rein í túni
[HJ].

beitarhagi K haglendi, beitaland, bithagi.

beitarhús H (oftast í FT) fjárhús langt frá bæjarhúsum.

beitarland H beitaland, haglendi, land þar sem búfé er beitt.

beitifjara KV 1 fjara þar sem búfé er beitt (t.d. á þang). 2 beitufjara.

beitaland, -s, -lönd H beitarland, haglendi.

beitufjara KV fjara þar sem beitu (kræklingi) er safnað.

bekkur, -s og -jar, -ir (PGF **bekk**) K 1 stallur í fjalli. 2 (fornm.) lækur.

belti, -is H aflangt svæði með sameiginlegum einkennum (t.d. um gróður, loftslag eða
landmótun): gróðurbelti, kuldabelti, hitabelti, temprað belt, gosbelti; klettabelti, samfelldir
klettur í röð (eftir fjallshlíð).

bensínafgreiðsla KV staður þar sem bensín er afgreitt, oftast einnig olía og aðrar vörur sem þarf
til að reka ökutæki [ÁB].

berg, -s, H 1 klöpp, klettur; bergtegund: gosberg, djúpberg. 2 fuglabjarg.

bergá K bergvatnsá.

bergeitill, -ils, -lar K bergflikki sem hefur storknað í jörðu niðri og sveigt upp jarðlögin
er yfir liggja.

bergfrauð H gljúpt berg [ÁB].

berggangur (PGF -gangi) K storkubergsgangur í eldra bergi, oft þunn berglög sem
storknað hafa í sprungum og standa venjulega hornrétt á lög grunnbergs [ÞE].

berggerð KV tegund, gerð bergs.

berggrunnur (PGF **-grunni**) K hin fasta klöpp undir lausum eða lítt hörðnuðum jarðlögum, storknuð eða fullhörðnuð fyrir ísaldarlok.

berghald H mjó klettasylla.

berghlaup H (stórt) framhlaup skriðu [HJ].

berghleifur, -s, -ar (PGF **-hleif**) K stórt flikki úr djúpbergi sem hvergi sér niður fyrir.

berghlein KV berghleifur.

bergkvika KV magma, hraunleðja; glóðheit bráðin efnablanda í jörðu niðri, kemur upp í eldgosum, meginhlutinn (síliköt) storknar í hraun og gosmöl, en hitt (vatn og gös) rýkur út í gufuhvolfið.

berglag H jarðlag úr föstu bergi.

berglind KV tær lind, bergvatnslind.

bergmolshrun, -s, - H það að bergmol sem losnar vegna veðrunar kletta, hrynur smám saman niður [Ob].

bergskriða, -u, -ur (EF **-skriðna**) KV samantvöðlaður haugur af brotnu og moluðu bergi sem myndast hefur þegar heilar fjallshlíðar hrundu fram [ÞE].

bergstandur (PGF-**standi**) K gígtappi, drangur, berg sem storknað hefur í lóðrétttri pípulaga rás og stendur eftir er eldfjallið hefur máðst.

bergtegund KV steintegund.

bergvatn H **1** tært vatn, uppsprettuvatn. **2** bergvatnsá.

bergvatnsá KV á með uppsprettuvatni.

bergæð KV lítið berginnskot, ílangt en annars óreglulegt að lögun, oft sívalt og greinótt.

beygjurein, -ar, -ar KV viðbótarakrein meðfram akbraut, til að tengja hana við hliðarbraut [ÁB].

biðrein, -ar, -ar KV akrein við gatnamót, þar sem bifreiðum er ætlað að staðnæmast og bíða, uns merki er gefið um að þær megi halda áfram [OOS].

bifreiðaaufgreiðsla KV staður þar sem bifreiðir eru afgreiddar.

bifreiðastæði H staður þar sem bílar mega standa, bílastæði.

bifreiðastöð KV stöð sem annast flutninga með bifreiðum; leigubifreiðastöð.

bifreiðavegur K vegur fyrir bifreiðir, bílvegur.

bifreiðaverkstæði H viðgerðarstaður fyrir bifreiðir.

biksteinn K perlusteinn, glerkennt súrt eða hálsúrt storkuberg, venjulega svart. Myndast við snögga storknun.

birkikjarr H lágvaxinn birkiskógur [ÁS].

birkilaut KV laut vaxin birki.

birkiskógur (PGF **-skógi**) K skógur aðallega með birkitrjám [ÁB].

bithagi, -a, -ar K beitarhagi, beitaland.

bílabraut KV **1** akbraut fyrir bíla. **2** hraðbraut.

bílageymsla KV geymsla fyrir bifreiðir.

bílastæði H bifreiðastæði.

bílastöð KV bílstöð, bifreiðastöð.

bílferja KV skip til bifreiðaflutninga.

bílhús H geymsluhús oft á mörgum hæðum fyrir bifreiðir [OOS].

bílskúr K geymsluskýli fyrir bifreið(ar).

bílstöð KV bifreiðastöð, miðstöð fyrir leigubifreiðir.

bílvegur K vegur fyrir bifreiðir.

bjalli, -a, -ar K (staðb.) hæð, ekki mikil um sig en tiltölulega brött, ás.

bjarg, -s, björg H **1** klettur, stór steinn, standberg. **2** fuglabjarg.

bjóla, -u, -ur KV toppmyndað fjall, strýta.

bjúgvatn, -s, -vötn H vatn, myndað er bugðótt á yfirgefur bugðu og lokar henni [ÞE].

blá, -ar, -r KV **1** mýri, svæða, flói þar sem grasið stendur upp úr vatninu. **2** bláleitt svell, einkum með öðru íslagi undir. **3** flatlendi þakið krapa.

blágrýti H dökk gosbergstegund, dulkornótt afbrigði af basalti; blágrýtismyndunin elstu jarðmyndanir á Íslandi.

bleikja, -u, -ur KV **1** hvít leirjörð, hreint kaóln. **2** barnamold, kísilgúr [HJ].

blettur, -s, -ir (PGF **bletti**) K lítið svæði.

bleyða, -u, -ur KV (staðb.) lítið fiskimið, einkum sand- eða leirblettur á hraunbotni.

bleyta, -u, -ur (EF **bleytna**) KV **1** for, sandbleyta. **2** bleytukrap. **3** blaut mýri.

blindsker, -s, - H sker sem stendur ekki upp úr sjó á fjöru, boði.

boði, -a, -ar K **1** blindsker sem brýtur á. **2** holskefla, brotsjór.

bolli, -a, -ar K lægð, dæld, hraunbolli.

bora, -u, -ur KV hola, gjóta; gat; eitthvað lítið, lítið greni.

borð, -s, - H **1** rönd, brún (dalsborð). **2** í samsetningum um efsta flöt, efsta lag einhvers: yfirborð, sjávarborð, vatnsborð, hraunborð.

borg, -ar, -ir KV **1** brött klettahæð: klettaborg, eldborg, hraunborg. **2** staður, bær: stórborg, höfuðborg.

borgarhluti, -a, -ar K stór svæði í borg er afmarkast af landslagi, umhverfi og mannvirkjum, t.d. stofnbrautum. [OOS].

borgarhverfi, -is, - H minni svæði er afmarkast t.d. af stofn- og/eða tengibrautum [OOS].

borgarís (PGF **-is(i)**) K þykkur rekís (rís oft hátt úr sjó), brot af skriðjökli, (sbr. helluís).

borhola (EF **-holna**) KV hola sem hefur verið boruð (t.d. eftir vatni).

botn, -s, -ar (PGF **botni**) K **1** innsti hluti fjarðar, dals eða gils. **2** lítið dalverpi, skvompa; FT **botnar** mýrardrög þar sem lækur myndast úr uppsprettum. **3** neðsti flötur eða grunnur einhvers: sjávarbotn, vatnsbotn. **4** (staðb.) skál, hvílt [FS].

botnlag H **1** gerð (sjávar)botns. **2** neðsta lag.

botnskrið H bergmylsna sem straumur flytur með sér eftir botni vatnsfalls.

botnurð KV **1** ruðningur undan skriðjökli. **2** jökulurð sem sest að undir skriðjökli. Hún liggur eftir yfirborði lands, ef jökullinn hopar eða hverfur [Ob].

ból, -s, - H **1** býli, aðsetur: hvergi á byggðu bóli. **2** bældur blettur, t.d. eftir kindur. **3** hellir. **4** kvíaból, svæði kringum kvíar. **5** legustaður báta.

bólstraberg H bögglaberg, basalt af sérstakri gerð sem minnir á hlaða af úttöðnum pokum eða bólstrum, algengt í móbergsmýndun Íslands, myndast þegar hraunkvika snöggkólnar fyrir áhrif vatns eða sjávar.

bólstrahraun H bólstraberg.

bót, -ar, bætur KV **1** (staðb.) stakur gróðurblettur, tó; uppblásturssvæði með örfoka landi umhverfis. **2** vik (inn úr strönd fjarðar); hvammur: dalbót.

braggi, -a, -ar K skáli, bráðabirgðaskýli til íbúðar eða annarra nota: hermannabraggi: síldarbraggi svefnskáli síldarverkafólks.

brandmór K (staðb.) góður mór, dökkur og harður.

bratti, -a, -ar K **1** það að vera brattur. **2** brekka, hlíð.

braut, -ar, -ir KV **1** ruddur vegur. **2** akvegur. **3** troðningur, slóð. **4** (ákveðin) leið, sú sem farin er: braut jarðar kringum sólu.

breði, -a, -ar K (staðb.) hjarnbreiða, fannbreiða, jökull.

breið, -ar, -ar (EF breiða) KV **1** snjóbreiða, flatneskja. **2** sá hluti ár þar sem hún slær sér út og verður lygn og breið [FS].

breiða, -u, -ur (EF breiðna) KV **1** breið, flatneskja. **2** eitthvað sem breiðir úr sér.

breki, -a, -ar K **1** blindsker, boði. **2** bylgja, brim, brotsjór.

brekka, -u, -ur (EF **brekkna**) KV halli, hallandi, hlíð.

brekkufótur, -fótar, -fætur (PGF **-fæti**) K neðsti hluti brekku [HJ].
brekkurót, -ar, -rætur KV neðsti hluti brekku [HJ].
brennisteinshver (PGF **-hver**) K (gufu)hver sem myndar brennistein.
brestur, -s, -ir (PGF **bresti**) K rifa, sprunga.
bréfhirðing KV minni háttar póstafréttisla.
brimbrjótur (PGF **-brjóti**) K mannvirki (garður) til varnar gegn brimi.
brimgarður, -s, -ar K samfelld brimröst eða brimveggur, einkum við strönd.
brimklif, -s, -H klettur, bakki eða brekka myndað við strandrof um og ofan við vatnsborð.
brimsker, -s, -H sker sem brimar á.
brimstallur, -s, -ar (PGF **-stalli**) K stallur myndaður við rof sjávar (brims) á föstu bergi [PE].
brimþrep H nær láréttur bergflötur um eða laust neðan við vatnsborð, myndaður við strandrof [PE].
bringa, -u, -ur (EF **bringna**) KV **1** grasi eða skógi vaxin bunga í hlíð. **2** sléttur, vel afmarkaður gróðurgeiri í hlíð [FS].
bringur, -s, -ir (PGF **bring**) K (staðb.) leiti, hjalli; gúll, bunga.
brinki, -a, -ar K (staðb.) **1** lítil ávöl hæð, stór þúfa. **2** brekka.
brík, -ar, -ur KV rönd, barmur, jaðar; klettasnös. **2** langur klettarani [HJ].
brjótur, -s, -ar (PGF **brjóti**) K sker sem sjórinn brýtur á.
brok, -s H blöðin á klóffu, klóffu, rauðbreyskingur.
brokflá V brokflói.
brokflói K mýrlendi vaxið fífu.
brot, -s, -H vað á vatnsfalli, straumfall á grynningum; brotnandi boði eða alda.
broti, -a K **1** frosinn snjór (eða ís) sem fólk eða skepnur stíga niður úr. **2** (brennt) rjóður í skógi.
brotsjór K holskefla, áfall.
brotskafl (PGF **-skafl**) K brotsjór.
brostallur (PGF **-stalli**) K stallur á yfirborði jarðar vegna misgengis.
brunagjall, -s H gjall og vikrar myndað við eldvirkni [ÁB].
brunagrjót H (mjög) brunnið hraun; hraungrjót.
brunahraun H hraun, eldhraun, mjög brunnið hraun.
brunasandur (PGF **-sand**) K **1** sandur úr hraunmylsnu. **2** eyðisandur, gróðurlaust sandflæmi.
bruni, -a, -ar K brunahraun, svæði þar sem brunnið hefur; hraunbruni.
brunnur, -s, -ar (PGF **brunni**) K **1** vatnsból. **2** uppspretta, lind.
brú, -ar, brýr KV **1** mannvirki til að tengja saman tvo staði yfir vatnsfall (gil, skurð) eða aðra torfæru; brúarhol undir brú; lagður vegur, upphækkaður vegur. **2** steinbogi, ísspöng.
brúargólf H þiljur eða plötur sem hvíla á brúarbitum og farið (ekið, gengið) er eftir.
brúarkampur (PGF **-kamp**) K hleðsla undir brúarsporði.
brúarpallur (PGF **-pall**) K brúargólf.
brúarsporður (PGF **-sporði**) K sá hluti brúar sem næstur er árbakkanum.
brúarstólpi K **1** staur eða stöpull undir brú. **2** stólpi á hengibrú.
brúarstrengur (PGF **-streng**) K strengur sem ber hengibrú uppi.
brún, -ar, FT -ir, brú (form. **brýnn, brýn**) KV FT brúnir, rönd, egg: fjallsbrún.
brúnkol H FT mókól, brennanleg bergtegund, mynduð af jurtaleifum minna ummynduðum en í steinkolum.
bryggja, -u, -ur KV **1** einhvers konar garður eða langpallur sem skip liggja við: bátabryggja, skipabryggja. **2** landgangur, landgöngubrú.

brysti, -is, - H (staðb.) leiti, hæð, barð, bungubrún í fjallshlíð, barmur á jarðfalli.

bugða, -u, -ur (EF **bugðna**) KV beygja, bogi, hlykkur; krókur, bugur; bugðuá.

bugðuá KV vatnsfall sem rennur bugðótt (meander).

bugt, -ar, -ir KV flói (inn í sjávarströnd); bugur.

bugur, -s eða **-ar, -ir** (ÞGF **bug**) K **1** bugða: lækurinn rennur í bugðum. **2** krókur, kimi, bogi, beygja, vik úr leið. **3** lítil bugt [HJ].

bullauga H örlítið op í efsta jarðlagið þar sem ferskt vatn vellur stöðugt upp [ÁB].

bunga, -u, -ur (EF **bungna**) KV ójafna, gúlpur; upphækkað hvolf, hæð, hvelving; jökulbunga.

bunki, -a, -ar K **1** hrúga, hlaði. **2** bunga, uppbólginns ís.

burst, -ar, -ir KV efsti hluti hússtafns: bæjarburst, húsburst.

burstabær K bær með bæjarhúsum í röð með (mörgum) samhliða stöfnum.

bú, -s, - H bær, (bóna)býli, bújörð

bújörð KV jörð sem búið er á; (góð) jörð undir bú

byggð, -ar, -ir KV sveit, hérað, byggð landsvæði; bústaður.

byggðahverfi H bæjarhverfi, (sveita)þorp; minnst þrjú býli reist á eignarlandi hins opinbera.

byggðarlag H byggð, hérað, sveit.

byggðarreitur K götur skipta þéttbýli í mismunandi stór svæði, t.d. bæjarhluta og bæjarhverfi. Byggðarreitur kallast hið minnsta slíkra svæða. Um hann liggja engar akbrautir en göngustígar gætu legið þar um. Oftast markast byggðarreitur af fjórum götum [OOS].

byggðasafn H (héraðs)minjasafn: Byggðasafn Rangæinga.

bygging, -ar, -ar KV hús: skrifstofubygging, sjúkrahúsbygging.

byggingarreitur K reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppdráttum. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð [OOS].

byggingarsvæði H skipulagt svæði sem verið er að byggja á [ÁB].

bylgja, -u, -ur (EF **bylgna**) KV alda, bára, boði.

byrgi, -is, - H **1** gerði, stífa fyrir sauðfé. **2** skúr, hjallur, oft hlaðinn úr grjóti.

býli, -is, - H bústaður, (bóna)bær.

býr, býjar, -ir K **1** bær. **2** borg. **3** byggð.

bæjarhella KV varinhella, stór hella fyrir framan bæjardyr.

bæjarhluti, -a, -ar K stór svæði í bæ er afmarkast af landslagi, umhverfi og mannvirkjum, t.d. stofnbrautum [OOS].

bæjarhverfi, -is, - H minni svæði í bæ er afmarkast t.d. af stofn- eða tengibrautum [OOS].

bæjarkampur K veggkampur á bæjarhúsi.

bæjarlækur (ÞGF **-læk**) K lækur sem rennur fram hjá bæ (notaður sem vatnsból).

bæjarstæði H staður þar sem bær stendur eða gæti staðið.

bæjarsund H sund milli þaka á sambyggðum bæjarhúsum.

bæjarþorp H öll (bæjar)húsin á sveitabæ.

bæli, -is, - H **1** ból, legustaður dýrs. **2** hreysi.

bær, bæjar, bæir K **1** sveitabær. **2** sveitarfélag, með fleiri en 1000 íbúa [Stjt].

bölti, -a, -ar K (staðb.) hjalli, brekka, hóll; þúst.

böltur, baltar, beltir (ÞGF **belti**) K **1** bölti, hjalli, brekka. **2** bunga í fjallshlíð, oft framhlaup [HJ].

dagmálastaður K sá staður er sól ber yfir á dagmálum (klukkan 9:00)

dagsmark H **1** hnúkur eða annað sem sólargangur er miðaður við, eyktarmark. **2** eykt, áttundi hluti sólarhrings, þrjár klukkustundir.

dala, dölu, dölur KV dæld.

dalbotn, -s, -ar (PGF **-botni**) K innsti hluti dals.

dalbót KV **1** vik í fjallshlíð, hvammur, dalverpi. **2** stór dalbót: afdalur [ÁB].

daldrag, -s, daldrög (daladrög) H hallandi upp af dalbotnum með giljum og lægðum.

dalhvapp H (staðb.) dallægð.

dalhveppi H (staðb.) smádalur.

daljökull, -uls, -lar K skriðjökull með upptök á litlu hjarnsvæði í dalbotni ofan snælinu [ÞE].

dalshlíð KV hlíð fjalls eða hæðar sem liggur að dal [Ob].

dalsig, -s, - H það þegar land hefur sigið milli tveggja samhliða sprungna.

dalskvompa, -u, -ur (EF **-skvompna**) KV lítill dalur.

dalsmynni, -is, - H ysti hluti dals þar sem dalurinn opnast.

dalur, -s, -ir (PGF **dal**) K djúp aflöng lægð inn á milli fjalla eða hæða (tíðast lokuð í innri enda); (staðb.) lítið lægðardrag í landslagi.

dalverpi H lítill dalur, laut, lág, hvammur.

dammur, -s, -ar (PGF **damm**) K **1** tjörn, einkum gerð með stíflu. **2** votlendi sem flæðir yfir á vetrum, fúamýri.

dap, -s, döp H leðja, aur, fen, pollur, smáhvarf.

daudís, -s, -ar (PGF **-ís(i)**) K **1** jökulís sem er hættur að skriða og fær ekki viðbót frá ákomusvæði. Hann er venjulega þakinn jökulruðningi. **2** ísjaki eða íshröngl sem hefur borist frá jökulbrún með jökulá eða jökulhlaupi og strandað á jökuláraurum eða hefur slitnað frá og setið eftir, þegar jökullinn hopar [Ob].

deigja, -u, -ur (EF **deigna**) KV væta, votlendi.

deiglendi, -is, - H votlendi [ÁB].

deiglumór (PGF **-mó**) K gráleitur, mjúkur leir, víða sendinn og lagskiptur, myndaður í og eftir ísaldarlok undir sjávarbotni.

delta, -u, -ur (EF **deltna**) KV óseyri, óshólmi.

des, -jar, -jar KV **1** heydes, heystakkur; staður undir útihey. **2** (mó)hraukur. **3** dys.

des, -s, - H **1** hlað undir heyi. **2** beð í kálgarði.

díki, -is, - H skurður, gryfja, foræði; pyttur.

dílaberg H dílagrjót.

dílagrjót H dílótt berg, storkuberg, venjulega dulkornótt eða smákornótt en með stórum kristöllum á víð og dreif.

díll, -s, -ar K **1** blettur, flekkur. **2** allstór kristallur í fínkornóttu storkubergi sem hefur fallið út í bergkviku áður en hún kom upp úr iðrum jarðar.

djúp, -s, - H dýpi; hafdjúp.

djúpald H djúp.

djúpáll K djúp renna eða áll (á sjávarbotni).

djúpberg H storkuberg, storknað djúpt í jörðu og venjulega stórkornótt.

djúprof H árof sem verður á botni farvegjar [Ob].

djúpsævi H djúpur sjór, hafdýpi (dýpra en 200 m).

dokk, -ar, -ir KV **1** (grasi vaxin) laut, skál. **2** síki.

drag, -s, drög H **1** mýrlend lægð, mýrarsund, keldudrag. **2** innsti hluti dals þar sem fjöllin eru lág og aflíðandi: dalsdrög; (einkum í FT **drög**) aflíðandi lágur hæðir:

hæðardrög. **3** FT **drög** uppsprettur og lækir sem sameinast í eitt: áin kemur upp í þrem drögum

dragá KV vatnsfall er myndast af fjölda smálækja og á sér ekki glöggt afmörkuð upptök, mjög breytileg í rennsli.

dranghús H háhýsi á tiltölulega litlum grunnfleti sem er svipaður að lengd og breidd. Einnig nefnt turnhús eða punkthús [OOS].

drangi, -a, -ar K drangur.

drangsteinn K uppmjór oddlaga steinn.

drangur, -s, -ar (PGF **drangi**) K uppmjór klettur eða steinn.

dráttarbraut KV slippur.

dreifbýli H strjálbýli, sveitabyggð.

drift, -ar, -ir KV nýfallinn snjór, skafl.

drulla, -u KV for, aur.

drúlda, -u, -ur (EF **drúldna**) KV strýtulaga hraukur.

drymilurð, -ar, -ir KV ávalur hæðarhryggur er verður til sem botnurð undir skriðjökli og er að jafnaði úr jökulruðningi. Langás hryggjarins hefur sömu stefnu og jökulskriðið. Drymill er dregið af írsk-gelíska orðinu druim með líkum hætti og drumlin á ensku. Druim er hæðarhryggur. Drymilurð er hæðarhryggur, orðin til sem jökulurð [Ob].

drýla, -u, -ur KV strýtumyndaður hraukur, drýli, lítil hrúga af heyi, sett saman til að það blotni síður.

drýli, -is, - H **1** keilumyndaður hraukur; móhraukur. **2** krappar öldur í röð, því nær kyrrstæðar, í ströngu auravatni sandbotni. **3** drýla, hraukur (hraukar) af hálfþurru heyi: rosadrýli.

dust, -s H ryk, mistur; duft.

dyngja, -u, -ur (EF **dyngna**) KV **1** hrúga, haugur. **2** bungu vaxið hraun með aflíðandi hlíðum, oftast myndað í einu gosi.

dys, -jar, -jar KV **1** upphækkuð gröf, venjulega hulin grjóthrúgu. **2** stór mosa- og moldarþúfa.

dys, -s, - H dys, upphækkuð gröf.

dý, -s, - H íhlaup í mýri, fen vaxið dýjamosa, dýjaveita. **dýjaveisa** (EF **-veisna**) KV dýjaveita.

dýjaveita (EF **-veitna**) KV dý, vot mýrardrög.

dýpi, -is, - H djúp, djúpur staður.

dýptarlína KV (á uppdrætti, landabréfi eða í landslagi undir yfirborði vatns eða sjávar) lína um (alla) staði sem hafa sömu dýpt, miðað við sjávarmál [ÁB].

dæl, -ar, -ar (EF **dæla**) KV laut, dalverpi, tjörn.

dæla, -u, -ur (EF **dælna**) KV dæl, laut, tjörn í laut.

dælbrú KV dalbrú, brautarbrú (þar sem vegur liggur undir járnbraut, "viadukt") [BI].

dæld, -ar, -ir KV laut, lág, skvompa, hvesta.

eðja, -u KV efja, leðja.

eðjuhlaup H skriðuhlaup, þegar eðja hleypur fram [Ob].

eðjuskriða KV skriða eftir eðjuhlaup [Ob].

efja, -u, -ur KV eðja, leðja, fen, forarflói, blaut mýri: efjuflói. **2** (staðb.) móeðja, sortueðja [FS].

egg, -jar, -jar KV skörp brún á fjalli: fjallsegg; FT **eggjar**: klettabelti við fjallsbrún.

eggjagrjót H hvassir steinar.

eið, -s, - H eiði.

eiði, -is, - H grandí, lág mjó landræma milli ness (höfða) og meginlands eða milli tveggja stöðuvatna.

einbýlishús H hús með einni íbúð stakstætt eða áfast öðru húsi (parhús) eða í húsaröð (raðhús) [OOS].

einstig H einstigi.

einstigi, -is, - H þröngur og torfær stígur eða leið.

ekra, -u, -ur KV akur.

eldborg, -ar, -ir KV eldvarp með bröttum gígveggjum sem hlaðist hafa upp umhverfis kringlótt gosop [PE].

eldfjall, -s, -fjöll H stórt eldvarp, oftast upphlaðið í marg endurteknum eldgosum.

eldfjallahryggur, -jar, -ir (ÞGF **-hrygg**) K eldfjall sem gjarnan stendur á sprungu og nokkurt bil er milli gosopanna í sprungunni [ÁB].

eldgígur, -s, -ar (ÞGF **-gíg**) K skál eða hola sem verður í jörðina, þar sem eldgos koma upp; gíghóll.

eldgjá, -r, -r K víð gossprungu ófyllt að gosi loknu.

eldhraun, -s, - H hraun, brunahraun.

eldhryggur, -s, -ir (ÞGF **-hrygg**) K aflangt eldfjall myndað við endurtekin gos úr sprungu [PE].

eldkeila (EF-**keilna**) Kv strýtulagað eldfjal [PE].

eldketill (ÞGF **-katli**) K eldgígur.

eldkúla (EF **-kúlna**) KV eldgígur.

eldleðja KV bergkvika.

eldstöð KV (oft í FT) eldfjall, staður þar sem eldgos er eða hefur orðið.

eldvarp, -s, eldvörp H hæð sem eldgos hefur hlaðið (með grjótkasti upp úr gígnum).

elfa, -u, -ur (EF **elfna**) KV elfur, fljót, vatnsfall.

elfur, -ar, -ar (ÞF og ÞGF **elfi**, EF FT **elfa**) KV fljót, stór á.

elgur, -s K bleytukrap (á jörðu), for, vatnsflaumur.

endurvarpsstöð KV útvarps- og/eða sjónvarpsstöð sem tekur á móti og sendir merki með rafsegulbylgjum; hluti stærra dreifikerfis [ÁB].

eng, -jar, -jar KV engi, slægjuland utan túns, í nútímamáli aðeins í FT **engjar**.

engi, -is, - H **1** (votlent) slægjuland utan túns, engjar. **2** (gróskumikið) gróðurlendi utan ræktaðs lands, úthagi.

enni, -is, - H (staðb.) fjallsnöf, múli, grasbrekka.

ey, eyjar, eyjar KV land umflotið vatni á alla vegu, hólmi.

eyðibýli H eyðibær.

eyðibær K bær sem ekki er lengur í byggð.

eyðiey KV óbyggð ey

eyðijörð KV óbyggð bújörð.

eyðimörk KV **1** auðn, sandauðn. **2** (fornm.) eyðiskógur.

eyðisandur K sandauðn.

eyðistaður K staður (einkum býli) sem er í auðn.

eyðitröð KV (fornm.) rétt sem hætt er að nota.

eyja, -u, -ur KV ey.

eyjabogi K röð af eyjum með virkum eldfjöllum sem liggja í boga undan strönd meginlands, á plötumótum þar sem úthafsskorpa einnar plötu skriður undir aðra og hverfur í möttulinn.

eykta(r)mark K H dagsmark, hóll eða annað kennileiti sem sólargangur miðast við.

eykta(r)staður (ÞGF **-stað**) K sá staður sem sólin ber við kl. 15:30.

eyland H ey, eyja.

eyrarmöl KV mól við á, ármöl [ÁB].

eyri, -ar, -ar KV sand- eða malarsvæði (stundum uppgróið) meðfram á (vatni), myndað af framburði árinna; einnig um sams konar hólma úti í á (vatni); lágur tangi eða nes (í sjó).

fall, -s, föll H stefna fljóts, vatnshalli; rennsli, straumur; hreyfing sjávar við flóð og fjöru: sjávarfall, aðfall, útfall; brotsjór.

fallhraun H skriða.

falljaki K (fornm.) ísstykki sem hefur brotnað af skriðjökulsbrún við að fljóta upp í vatni.

falljökull K 1 (fornm.) falljaki. 2 brattur skriðjökull.

fallvatn H vatnsfall, straumvatn (t.d. með tilliti til virkjunarmöguleika).

farvegur (ÞGF **-vegi**) K 1 leið (rás) vatnsfalls frá upptökum til ósa. 2 leið, slóð, alfaravegur, þjóðvegur. 3 leið hrauns, hlaups: hraunfarvegur, hlaupfarvegur [FS].

fell, **-s**, - H fjall, ekki mjög stórt, venjulega stakt (oft flatt að ofan).

fen, **-s**, - (EF FT **fenja**) H foræði, fúadý, kviksyndi.

ferja, **-u**, **-ur** KV 1 bátur (skip) til flutninga á ám (vötnum, sundum). 2 staður þar sem fólk og farangur er flutt yfir vatnsfall: ferjustaður.

félagshemili H samkomuhús, bælistöð fyrir starfsemi félags eða félaga (ákveðinna hópa).

firnerni H FT (fornm.) firnindi.

firnindi, H FT öræfi, óbyggðir, auðnir.

fiskeldi H uppeldi (og ræktun) fisks: fiskeldisstöð.

fiskeldisstöð KV staður þar sem fiskur er alinn til sölu [ÁB].

fiskeldistjörn KV tjörn til fiskeldis [ÁB].

fiskhöfn KV veiðistöð, útflutningshöfn fisks.

fiskimið, **-s**, - H staður þar sem fiskur er veiddur.

fiskiver H veiðistöð, útver.

fiskreitur (EF **-reit**) K svæði þar sem fiskur er þurrkaður.

fit, **-jar**, **-jar** KV gróið landsvæði (ekki víðáttumikið), mýrlendur bakki, raklendi, túnfit.

fjall, **-s**, fjöll H 1 hæð á yfirborði lands sem gnæfir hátt yfir umhverfið, oft samfellt hálendi. 2 afréttur.

fjallabak H bakhlið fjalla; svæði hinum megin fjalla.

fjallabálkur, **-s**, **-ar** (ÞGF **-bálki**) K röð eða þyrping fjalla [HJ].

fjallaskarð H fjallskarð [FS].

fjallaslægja (EF **-slægna**) K fjallslægja.

fjalldrapi K hrís, lágvaxið birkistöð.

fjallgarður (ÞGF **-garði**) K samhangandi röð fjalla, hvert fram af öðru.

fjalljaki, **-a**, **-ar** K borgarís.

fjalljökull K jökull (uppi á fjalli).

fjalllendi, **-is**, - H (mjög) fjöllótt landsvæði.

fjallrétt KV fjárrétt þar sem fé er réttað, þegar það kemur af afrétti.

fjallröðull K fjallsrönd eða -brún.

fjallsbrún K brún efst á fjalli [HJ].

fjallskarð H hvilft ofan í fjallshrygg, gil.

fjallslægjur KV FT slægjur í fjalllendi.

fjallsrætur KV FT neðsti hluti fjalls.

fjallsröðull K fjallsrönd.

fjallstindur (ÞGF **-tindi**) K toppur eða gnípa á fjalli.

fjallvegur (ÞGF **-vegi**) K vegur yfir fjöll og heiðar.

fjara, **fjöru**, **fjörur** KV 1 sjávarmál, mjó (grýtt eða sendin) landræma neðst við (vatns- eða) sjávarströnd. 2 það þegar lágsjávað er.

fjarðarbotn K 1 innsti endi fjarðar. 2 grunnur eða sjávarbotn í firði.

fjarðarhorn H 1 fjall, fjallsgnípa við fjarðarmynni. 2 (staðb.) bugar sinn hvorum megin við fjarðarbotna [HJ].

fjarðarkjafur (ÞGF **-kjafti**) K fjarðarmynni.

fjarðarmynni H staðurinn þar sem fjörður og rúmsjór mætast.

fjarfreði K ís eða svellalög í fjöru.

fjarfreri K fjarfreði.

fjarskiptamastur H mastur notað við fjarskiptasendingar eða móttöku; gerir kleift að hafa talsamband, skeytasamband og þess háttar um langa vegu [AB].

fjárborg KV grjótbyrgi fyrir fé úti víðavangi, veggirnir oft látnir dragast saman í þak að ofan eða reft yfir, en með engri jötu; stundum þaklaust.

fjargata KV stígur sem sauðfé fer eða hefur myndað.

fjánhús H hús handa sauðfé.

fjöl, fjalar, fjalir KV (staðb.) löng, mjó klettabrík út í sjó ýmist sjálfstandandi eða tengd landi [HJ].

fjörður, fjarðar, firðir K 1 (langur) vogur, vík inn í land venjulega minni á breidd en lengd. 2 landsvæði meðfram og upp af firði.

fjörður KV FT firðir: út í Fjörður, út í Hvalvatnsfjörð og/eða Þorgeirsfjörð.

fjöruborð H 1 flæðarmál. 2 mörk hástöðu sjávar, bæði jarðsöguleg og núverandi, ummerki mishárna flóða (FS).

fjörugrjót H urð í fjöru.

fjörukambur (PGF **-kambi**) K malarhryggur við flæðarmál.

fjörumark, -s, -mörk H 1 mark milli (reka) fjara. 2 flóðhæð, efstu mörk aðfalla.

fjörumál H þar sem sjórinn fellur lengst út við fjöru.

fjörumóður (PGF **-móði**) K allþykkt ís- eða snjólag í fjöru.

fjörumór, -mós, -móar (PGF **-mó**) K mór sem kemur upp á fjöru (vegna þess að sjávarborð hefur hækkað eða land sigið) [PE].

fjörusandur (PGF **-sandí**) K sandur við flæðarmál í fjöru [ÁB].

fjörusteinn K steinn í fjöru, brimsorfinn steinn.

flag, -s, flög H graslaust moldarsvæði, nýræktarland.

flaga, flögu, flögur (EF **flagna**) KV 1 flöt mýri. 2 lágt og lítið sker.

flak, -s, flök H fláki.

flati, -a, -ar K (staðb.) flöt, það sem er flatt, oft spilda uppi í hlíðum eða ofan við bakka [HJI].

flatlendi, -is, - H flatt, slétt land.

flatneskja, -u, -ur KV 1 flatt landsvæði. 2 eitthvað rislágt, lítilsiglt.

flá, -r, -r KV 1 lágur, flatur klettur. 2 mosafláki í halla; mýrlendi með sífrera og rústum; mýrarflói, sökkmamýri. 3 flái, skáhallur flötur.

fláki, -a, -ar K flatt (stundum hallandi) landsvæði, íssvæði.

flekkur, -s og -jar, -ir (PGF **flekk**) K blettur, svæði: kalflekkir í túni.

fles, -jar, -jar KV flesja, slétta, flatlendi; lágt sker sem er upp úr sjó við fjöru.

flesja, -u, -ur KV flöt, fles; lág slétta: mosaflesja, mýrarflesja.

fleygsprungu, -u, -ur (EF **-sprungna**) KV frostsprungu sem víkkar smám saman við endurtekin frost er ís myndast í henni [PE].

fleygsprungunet, -s, - (EF FT **-net(j)a**) H net af fleygsprungum [HJ].

flikrubergr H gjóskuset (túff) með flikrum af öðrum lit en aðalbergmassinn, oft sambrætt.

fljót, -s, - H á, stórt vatnsfall; breiður straumlygn kafli í á, stór hylur.

fljótsbakki K árbakki.

flóamet H FT (staðb.) samfelldir svellbunkar milli kletta, flóðamækir.

flóamýri, -ar, -ar KV mýri háð landslagi, helst í dældum, einkum í vatna- og tjarnastæðum [PE].

flóð, -s, - H 1 vatnagangur, vatnavöxtur, það að vatn (hraun) flæðir út úr venjulegum farvegi; tjörn, uppistaða; fljót, stórt vatnsfall: hamfaraflóð, hraunflóð. 2 það þegar sjór stendur hátt, hámark aðfalls. 3 snjóskriða.

flóða(r)mek(k)ur (-mikur) H (staðb.) flóða(r)mækir.

flóða(r)mækir K (staðb.) sverðlaga ísstykki, ísdröngull; flóamet, svellbunki.

flóðfar H flóðmál.

flóðgarður (PGF **-garði**) K stífla, garður gegn ágangi sjávar eða vatnsfalls.

flóðmál H (formn.) efsta flóðmark sjávar.

flói, -a, -ar K **1** stór, breiður fjörður. **2** flatt og slétt land með vatnsósa jarðvegi, mýrarflói (jarðvatn nær upp fyrir grasrót).

flug, -s, - H mjög háir og þverhníptir hamrar: hengiflug. **2** óðastrumur í á (flugstrumur) [FS].

flugbraut KV braut ætluð flugvélum til flugtaks og landingar.

flugvöllur (ÞGF **-velli**) K (afmarkað) svæði ætluð flugvélum til flugtaks og landingar.

flumbrur KV FT (staðb.) auðar þúfur eða hnjótar (upp úr snjó).

flúð -ar, -ir KV **1** flatt sker eða klöpp rétt undir vatnsborði (í sjó eða á). **2** (staðb.) torfusnepill, snidda. **3** lágur foss, straumbrot í á [FS].

flúra, -u, -ur KV flúð, klöpp; lágt þangi (slýi) vaxið sker, upp úr aðeins við stórstraumsfjöru.

flæð, -ar KV flóð, andstætt fjara.

flæða, -u, -ur (EF **flæðna**) KV snöggvaxið graslendi umhverfis djúlaveitur.

flæðarbakki K bakki sem sjór gengur upp undir um flóð.

flæðarmál H sá hluti strandar sem flóð gengur yfir; flæðarmál; mörk sjávar (landöldu) og þurrlendis í fjöru (hverju sinni).

flæðarsker H flæðisker.

flæðarurð KV urð eða sker sem sjór gengur yfir um flóð.

flæði, -is H, -ar KV eða KV ÓB **1** flóð, flæður. **2** flæðarmál. **3** (formn.) haf.

flæðiengi H áveituengi, engi sem vatni er hleypt á til að auka grasvöxt.

flæðiland H land sem er öðru hverju undir vatni.

flæðisker H sker sem fer á kaf um flóð.

flæðitangi K lágt nes sem sjór eða vatnsfall flæðir yfir [ÁB].

flæður, -ar, -ir (ÞF og ÞGF **flæði**) KV **1** flatt og blautt mýrlandi ofan við sjávarkamba.

2 (staðb.) flæði, flóð: háflæður háflóð. **3** land sem þráfaldlega og reglulega flæðir yfir: jökulflæður, þar sem jökulvötn renna um í vexti [FS].

flæja, -u, -ur KV (staðb.) mýrarfen, kelda.

flæmi, -is H stórt landsvæði, víðátta.

flös, flasar, flasir KV lágt, flatt sker, flæðitangi.

flösur KV FT grasgeirar.

flöt, flatar, flatir KV lítil slétta (venjulega gróin).

flötur, flatar, fletir (ÞGF **fleti**) K flöt, grund; sléttur, flatur blettur, flatt svæði, stórt eða lítið.

fok, -s H **1** það að vindur feykir til jarðefnum [Ob]. **2** löður, það sem fýkur.

fokefni H jarðvegsefni sem fýkur.

fokjörð KV jarðvegur sem fýkur.

fokmold KV mold úr aðfoknum ólífrænum efnum, venjulegur íslenskur þurrlendisjarðvegur.

foksandur (ÞGF **-sandi**) K sandur sem hefur borist með vindi.

fold, -ar, -ir KV **1** jörð, frón, land. **2** mosalág; harðvelli, gróðurlitlir ásar.

for, -ar, -ir KV **1** djúp sem liggur upp að fiskimiðum; áll í vatnsfalli, áll í forarmýri.

2 bleyta, aur, leðja. **3** FT forir (staðb.) úrvals slægjuland [FS].

forað, -s, foruð, foröð H torfæra, fen.

forargleypa KV leðju- eða forardý (í mýri), leirbleyta eða hvarf í vegi.

forarkelda K forargleypa.

forarvilpa KV forargleypa.

forbakki K sandbakki (við sjó eða vatnsfall).

forberg H nibba, bjargstallur, bjarg, móskafli við eða á sjó.

forbrekki, -is, - H (snar)brött brekka.

formlína KV óákveðin hæðarlína sem sýnir frekar lögun en hæð mishæðar [ÁB]

fornleifar KV FT leifar fornrar menningar, húsa, muna, lífvera

fornmenjar KV FT fornminjar.
fornminjar KV FT fornleifar.
forvað H forvaði.
forvaði, -a, -ar K **1** vað fyrir framan sjávarhamra, fært um fjöru, ófært um flóð. **2** flúðir.
foræði, -is, - H forað, fen, kviksyndi; for.
foss, -ar K straumvatn sem fellur fram af (háum) stalli.
fólkvangur, -vangs, -vangar (þGF **-vangi**) K svæði friðlýst til almenningsnota (nálægt þéttbýli).
framburður K aur (eða annað) sem vatnsfall ber með sér.
framdalur K efri hluti dals, uppdalur [ÁB].
framhlaup, -s, - H **1** hrun fram úr fjalli; það að skriðjökull hleypur skyndilega fram (sökum langvarandi þrýstings ofan frá). **2** hrúgur, jarðefni sem berast fram á undirlendi við slíkt [FS].
framræsla KV **1** það að ræsa fram: framræslumýrar. **2** land sem hefur verið ræst fram [HJ].
framræsluskurður (þGF **-skurði**) K skurður til að ræsa fram votlendi [ÁB].
frárein, -ar, -ar KV viðbótarein meðfram akbraut við gatnamót, ætluð þeim sem hafa beygt og ætla út á aðra braut - sbr. aðrein [ÁB].
freðmýri, -ar, -ar KV túndra, mýri, þar sem frost er í jörðu allt árið.
frer, -s, -ar K, (formm.) -s H freri.
freri, -a, -ar K hörsl, frosin jörð, klaki.
friðland H **1** griðastaður. **2** friðað land, land þar sem umferð er bönnuð án sérstaks leyfis (vegna náttúruverndar); landsvæði sem er friðlýst vegna sérstaks landslags, gróðurfars og dýralífs [OOS].
frostsprunga, -u, -ur (EF **-sprungna**) KV sprunga í jarðvegi sem myndast þegar jarðklaki dregst saman.
fuglabjarg H bjarg, sem sjófuglar verpa í.
fuglafjall H fjallendi, afréttur sem fuglar (álft) eru veiddir.
fúadý H rotið, vatnsósa fen [ÁB].
fúafen H mjög vatnsósa mýrablettur, oft illfær eða ófær manni [ÁB].
fúlaflói K rotin, vatnsósa mýri.
fúamýri KV vatnsósa mýri, oft illfær eða ófær manni [ÁB].
fylla, -u, -ur (EF **fyllna**) KV stykki, brot, spilda, t.d. sem hrynur úr fjallshlíð.
fyrirhleðsla KV stíflugarður; bygging stíflugarðs.
færa, -u, -ur (ET FT **-færna**) KV fær vegur, fær leið; andstætt við ófæra.
fætlingur, -s, -ar K (einkum í FT) grasgeiri í brattri hlíð, lítill slægjublettur (HJ)
fönn, fannar, fannir KV snjór, skaf: fannbreiða.
föxur KV FT litlar tjarnir vaxnar stór.
gaddjökull, -uls, -lar K jökull heimskautasvæði þar sem hitastig er ávallt undir frostmarki [ÞE*].
gagnvegur K beinn vegur, stysta leið, sbr. gegnvegur.
ganga- liður í samsetningum, EF FT af göng: jarðgangagerð.
gangberg H storkuberg sem myndast við storknun bergkviku í sprungu eða milli laga ofarlega í jarðskorpunni [Ob].
gangbraut KV braut fyrir gangandi fólk, gangstétt, stígur t.d. yfir akbraut.
gangbrú KV brú fyrir gangandi fólk.
ganga- forliður samsetningar, EF FT af ganga: gangnamaður, gangnaforingi.
gangnakofi K gangnamannakofi [ÁB].
gangnamannakofi K leitarmannakofi, kofi á afrétti, reistur handa leitarmönnum (gangnamönnum) [ÁB].
gangstétt KV (steinlögð) gangbraut (meðfram götum bæja og borga).

gangstígur K götuslóði; mjó gata (í bæ eða borg) ætluð gangandi fólki.

gangur, -s, -ar K **1** storkuberg sem fyllir oft (lóðrétt) sprungu í eldra bergi, eða stendur út úr á veðruðu bergi. **2** (staðb.) sylla sem hægt er að ganga eftir í annars torfærri hlíð [HJ]. **3** (staðb.) glufa (sem rofin er eftir gang) í gegnum klettabelti [HJ].

garður, -s, -ar (PGF garði) K **1** hleðsla, girðing: túngarður; til varnar: varnargarður, stíflugarður, virkisgarður; hryggur í landslagi, melás. **2** svæði afmarkað með garði eða girðingu: heygarður, kálgarður, skemmtigarður.

gata, götu, götur (EF FT **gatna**) KV stræti, stígur, vegur, leið: reiðgata, fjárgata.

gári, -a, -ar K **1** ýfing á vatni, smáalda. **2** (staðb.) (aflangt) uppblásturssvæði sem grasrót er farin af og jarðvegurinn er að fjúka; upphækkuð rák.

gegnvegur K aðalvegur gegnum þéttbýlisstað, greiðasta leið um þéttbýli [ÁB].

geil, -ar, -ir eða **-ar** KV **1** þröngt gil, skarð. **2** (fornm.) (einkum FT **geilar**) traðir heim að bæjum. **3** (staðb.) gata í (kál)garði.

geiri, -a, -ar K aflangur, oddlaga (þríhyrndur) skiki eða flötur: geiri í fjallshlíð gróðurtunga utan í gróðurlítilli hlíð.

gerði, -is, - H **1** girðing, garður. **2** (lítið) umgirt svæði; umgirt engi.

gervígur, -s, -ir og **-ar** (PGF **gíg**) K gjallgígur, myndaður við að hraun rennur yfir grunnt stöðuvatn, votlendi eða árfarveg [PE].

geymir, -is, -ar K ílát til að geyma eitthvað í: vatnsgeymir, olíugeymir.

gil, -s, - (EF FT **gilja**) H **1** djúpur lækjar- eða árfarvegur, klettagil, gljúfur. **2** (staðb.) fjallalækur í gljúfri.

gildrag, -s, -drög H grunnt gil, lítil lægð.

giljadrúlda (EF **-drúldna**) KV aurkúla, keilumynduð hrúga af mold og grjóti við mynni gils.

gilkeila KV giljadrúlda.

girðing, -ar, -ar KV **1** (staðb.) klettabelti. **2** það sem girt er (með) kringum eitthvað: gaddavírsgirðing, girðingarstaur. **3** afgirt svæði: girðingarhólf hólf í girðingu.

girðingur, -s, -ar K (staðb.) klettabelti í fjalli.

gistiheimili H gististaður sem selur gistingu og greiða í atvinnuskyni en er að einhverju eða öllu leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

gistihús H hús sem selur næturgistingu, hótél.

gistiskáli K staður með aðstöðu til gistingar en takmörkuð þjónusta veitt.

gististaður (PGF **-stað**) K staður sem gist er á.

gígaröð KV eldstöð mynduð af röð gíghóla.

gígarmur (PGF **-barmi**) K brún á gígskál [HJ].

gígbotn K botn á gígskál [HJ].

gígfylling, -ar, -ar KV bergstandur, gígtappi [PE].

gíghóll K eldstöð þar sem laus gosefni hafa myndað ávalan hól yfir gígnum.

gígrimi K hryggur úr lausum gosefnum sem hlaðist hefur upp til hliðar við gígop í eldgosi.

gígskál KV skál ofan í gíg [HJ].

gígtappi, -a, -ar K bergstandur, gígfylling, bergkvika sem hefur storknað í gígopinum [ÁB].

gígur, -s, -ir og **-ar** (PGF **gíg**) K **1** op sem eldgos kemur upp um. **2** (staðb.) melgrashóll á söndum: melgígur.

gígvatn H stöðuvatn sem sest hefur í kulnaðan eldgíg.

gípa, -u, -ur (EF gípna) KV djúp dæld.

gjall, -s H úrgangur úr bræddum málm; hraungjall.

gjallgígur, -s, -ir og **-ar** (F **-gíg**) K klepragígur [PE].

gjallhóll K hól úr gjalli [HJ].

gjallmúgar K FT sveigmyndaðir múgar á apalhrauni [HJ].

gjá, -r, -r KV **1** (löng, djúp) jarðsprunga eða skora með hamra- eða klettaveggjum (oft með vatni í). **2** (staðb.) mjótt og stutt fjallaskarð.

gjóska, -u KV fast, loftborið gosefni, (dust, aska, sandur, vikur, hraunkúlur): gjóskufall, gjóskuhlaup.

gjóskuberg H berg til orðið úr gjósku við farg undir jökli.

gjóskuset H set orðið til úr gjósku [ÁB].

gjót, -ar, -ir (staðb. **gætur**) KV gjóta, hola.

gjóta, -u, -ur (EF **gjótna**) KV (djúp, þröng) hola í jörðina (oft í hrauni eða grýttu landi), djúp laut milli þúfna, hvarf í vegi.

gjögur, -urs, -H, -urs, -rar K **1** hellisskúti, skjól milli hamra er lokast yfir höfði manns, skarð milli sjávarhamra. **2** (staðb.) drangar sem skaga fram í sjóinn.

gleiður KV FT (staðb.) grynningar (einkum í á eða læk), grunnt vatnsflæmi

gler, -s, -H **1** svell, svellgljá. **2** ókristallað storkuberg, glerkennt berg, t.d. hrafntinna.

gljá, -r, -r KV grunnt vatn, frosin mýri, slétt svell.

gljúfur, -urs, -H djúpt gil með þverhníptum hamraveggjum.

glompa, -u, -ur (EF **glompa**) KV op, hola, gat.

glufa, -u, -ur (EF **glufna**) KV skora, sprunga, rifa, glompa.

glæður KV FT (EF **glæðna**) grynningar (einkum í á eða læk), grunnt vatnsflæmi.

glæra, -u, -ur KV (staðb.) svell, hálka.

gnípa, -u, -ur (EF **gnípna**) KV fjallstindur, nípa.

gnúpur, -s, -ar K núpur.

golfvöllur K völlur, gerður til þess að leika golf á [ÁB].

gonsa, -u, -ur (EF **gonsna**) KV (staðb.) laut, hola.

gonta, -u, -ur (EF **gontna**) KV (staðb.) lægð, dæld, laut; gil, gjóta, hola.

gosaska KV smáger gosmöl, úr kornum undir 1 mm að þvermáli.

gosberg H storkuberg myndað úr gosefnum.

gosgangur (ÞGF **-gangi**) K berggangur, gangur.

goshryggur (ÞGF **-hrygg**) K hryggлага eldfjall.

gosketill, -ils, -katlar (ÞGF **-katli**) K hraungígur með flötum börmum.

gosmöl, -malar KV efni sem þeytast í loft upp í eldgosum og rignir niður aftur meira eða minna storknuðum.

gosop H op sem eldgos kemur upp um.

gossprungu, -u, -ur (EF **-sprungna**) KV jarðskorpungu sem eldgos hefur komið upp um.

gosstöðvar KV FT staður þar sem eldgos stendur yfir eða hefur orðið.

grafreitir (ÞGF **-reit**) K afmarkaður blettur til að grefta fólk í, einkum utan kirkjugarðs, sérstaklega helgaður og með staðfestingu yfirvalda: heimagrafreitur.

grandi, -a, -ar K **1** mjó landræma, eiði milli eyjar og lands. **2** barð eða þúfa sem stendur upp úr snjó.

grasafjall H fjall eða hálendi þar sem fjallagrös vaxa.

grasaheiði KV grasafjall.

grasamór K grasaheiði.

grasberg H óslægjubrún (við slegið land).

grasbolli K grasi vaxinn bolli, dæld, laut.

grasflæði KV stórstraumsflóð, hábakkaflæði.

grasflöt KV lítill, grasi vaxin slétta [ÁB].

grasgarður (ÞGF **-garði**) K jurtagarður, aldingarður; (lítið) girt gróðurlendi.

grasgeiri K (fleygmynduð) grasi vaxin spilda sem teygir sig upp (inn í) urð eða skriðu.

grashjalli K grasi gróinn hjalli [HJ].

graslendi, -is, - H grasi vaxið land [ÁB].
grasleysa KV staður þar sem ekki vex gras.
grassvörður (PGF **-sverði**) K **1** seigt lag trefja og róta þar sem gras og jarðvegur mætast. **2** efsta jarðlag gróins lands.
grastoddi K grastó.
grastorf H grastorfa.
grastorfa KV torfa með grasi á, efsta torfa.
grastottur K grastoddi.
grastó KV **1** smá grasblettur í klettasyllu. **2** grastoppur.
grasvöllur (PGF **-velli**) K (lítill) slétta grasi gróin, grasi vaxinn íþróttavöllur.
grágrýti H smákorntótt afbrigði basalts, ljósara og grófara en blágrýti.
greiðasala KV veitingasala: greiðasölustaður.
grettishaf H stór, stakur steinn (bjarg) sem Grettir Ásmundarson er sagður hafa lyft eða hefði getað loftað; bjarg flutt af skriðjökli.
grettistak H grettishaf.
gripahagi K búfjánhagi, beutiland, bithagi.
gripahús H hús handa búfé [ÁB].
grjót, -s H **1** (safnheiti) steinar, einkum óhöggðir og óreglulegir. **2** grýtt landsvæði [HJ].
grjótgarður, -s, -ar K garður hlaðinn úr grjóti.
grjóthóll K hóll að mestu úr eða með stórum steinum [HJ].
grjóthörgur, -s, -ar (PGF -hörg) K (fornm.) grjóthóll.
grjótjökull K jökull, alveg hulinn grjóti, sem fallið hefur fram hann [HJ].
grjótnám, -s H grjótnáma.
grjótnáma KV staður þar sem grjót er tekið til vinnslu.
grjótskriða, -u, -ur (EF -skriðna) KV brött hlíð þakin lausu grjóti.
grjóttak H grjótnám, grjótnáma.
grjóturð KV stórgrýtt urð [HJ].
groppa, -u KV **1** meyra, það að vera gropinn eða gljúpur. **2** eitthvað meyr og kvapkennt.
gróðurhús H hús með glerþaki (venjulega einnig upphitun) til að rækta í plöntur sem þurfa meiri hita en úti er: gróðurhúsarækt ylrækt.
gróðurlendi, -is, - H gróið land.
gróf, -ar, -ir (staðb. **græfur**) KV hola, laut, lág; vatnsgróf, mógröf; gróp.
gróp, -s, - H **1** gröf. **2** stórgerð jökulræk.
grund, -ar, -ir KV grasflöt; jörð, fold.
grunn, -s, H **1** grunnt vatn, grunnur sjór, landgrunn, vatns- eða sjávarbotn. **2** grunnt fiskimið. **3** FT sjór, haf.
grunnstingull, -uls K ísmyndun í botni ár eða lækjar.
grunnsævi H grunnur sjór, sbr. landgrunn.
grunnvatn H jarðvatn sem fyllir holur og glufur í jarðlögum og hefur ákveðið vatnsborð [Ob].
gryfja, -u, -ur KV **1** (alldjúp) hola í jörð, einkum grafin til að geyma eitthvað í: súrheysgryfja, sorpgryfja. **2** staður þar sem jarðefni (t.d. til vegagerðar) eru tekin á yfirborði jarðar: sandgryfja, malgryfja, grjótgryfja [ÁB].
grynning, -ar, -ar KV (oftast í FT) staður þar sem vatn er mjög grunnt (í sjó, vötnum eða ám), glæður, rif í sjó, grunnsævi.
grýlukerti H (stór) hangandi klakaströngull, ísströngull.
græða, -u, -ur (EF **græðna**) KV (gróður)ekra, teigur.
græfur KV FT **1** (staðb.) gil, lautir. **2** staður sem vatn hefur grafið sig niður í grófir, rásir og skurði [FS].
gröf, grafar, grafir KV grafin gryfja: mógröf, kolgröf.
gufa, -u, -ur KV **1** eimur, efni í loftkenndu ástandi: vatnsgufa. **2** sjóarlöður.

gufuhver K hver sem gýs gufu fremur en vatni: gufuhverasvæði háhitasvæði.

gúl/l, -s, -ar (PGF **-gúl**) K ávöl ójafna, gúlpur: hraungúll.

gúlpur, -s, -ar (PGF **gúlpi**) K **1** bunga, gúll. **2** litlar þéttar bylgjur á sjó.

göng H FT (EF **ganga**) yfirbyggður vegur, leið, grafin neðanjarðar eða gegnum fjall: jarðgöng.

göngubrú KV brú sem aðeins er ætluð gangandi fólki.

göngugata, -götu, -götur KV gata sem eingöngu er ætluð gangandi fólki [OOS].

göngukofi K gangnakofi, skjólshús handa gangnamönnum.

gönguleið KV göngustígur, sú braut eða slóð sem farin er eða hægt er að fara gangandi [ÁB].

gönguslóð, -ar, -ir KV leið, troðinn eða merktur stígur, ætlaður gangandi mönnum [ÁB].

gönguslóði K göngustígur, götuslóði.

götubakki K bakki (barð) meðfram niðurtroðnum stíg, t.d. fjárgötu.

götuslóði K ógreinileg gata.

götustæði, -is, - H svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað undir götu og það sem götunni tilheyrir, t.d. grasræmur, gangstéttir, gróðurbelti og landslöguð svæði til hljóðeinangrunar [OOS].

haf, -s, höf H **1** sjór, úthaf. **2** (staðb.) víðáttumikið en fábreytilegt landsvæði (hraunbreiða, sandfláki). **3** bil milli gilbarma, árbakka.

hafdjúp, -s, - H hið djúpa haf; dýpi í hafinu.

hafdýpi, -is, - H dýpi í hafinu, djúpt svæði úti í hafi [ÁB].

hafflötur K yfirborð hafs.

hafís K ís(breiða) á hafi: hafísjaki; rekís, heimskautaís.

haft, -s, höft H (mjó) ræma sem tengir eitthvað tvennt saman: haft á á brú (ísspöng) af náttúrunnar hendi.

hagi, -a, -ar K beitoland.

haglendi, -is H hagi, bithagi.

hak, -s, hök H (staðb.) sýling ofan í fjallsöxl eða fjall (oftast í hlíðum) [HJ].

hali, -a, -ar K hæðarrani, ílangur skiki: slægjuhali, túnhali, fjallshali.

hall, -s, höll H halli, brekka.

hallamýri, -ar, -ar KV algengasta gerð íslenskra mómýra, myndast í nokkrum halla þar sem jarðvatnsflötur fylgir yfirborði jarðvegsins.

hallandi, -a, -ar K brekka, halli [Bl].

halli, -a, -ar K brekka, hallandi, hall.

halllendi H hallandi land.

hallur, -s, -ar (PGF **halli**) K (formm.) **1** steinn. **2** hallandi, brött brekka.

hallvarp H (formm.) grjóthaugur.

hamar, -ars, -rar K klettaveggur.

hamrabelti H klettalengja.

hamraborg KV bergkastali, stór klettur.

hamrahyrna KV hvass hamar, klettahorn.

hamrakór K klettakví, kró milli hamra.

hamraveggur, -jar (eða -s), **-ir** (PGF **-vegg**) K þverhníptur klettaveggur (ÁB)

hangandi dalur K þverdalur eða hvilft langt uppi í hlíð; þverdalur grafinn af skriðjökli er fellur á meginjökul sem hefur meiri rofmátt og grefur því dýpri dal, þannig að þverdalur er eins og hangandi uppi í hlíðum þegar jökul hefur leyst [PE].

harðbali K svæði með þurrum og hörðum jarðvegi og litlum gróðri.

harðfenni, -is H harður (frosinn) snjór.

harðvelli, -is H þurrt og hart graslendi.

haugur, -s, -ar (ÞGF **haugi**) K **1** hóll, hæð; hrúga. **2** grafhæð, upphlaðinn legstaður.

háfjall H efsti hluti fjalls, hátt fjall; uppi á háfjöllum á öræfum, í óbyggðum, til fjalla.

háfjara KV lágfjara, þegar sjórinn stendur lægst.

háflóð H háflæði.

háflæði H eða KV þegar yfirborð sjávar nær hæst.

háhitasvæði H jarðhitasvæði með yfir 200° C á 1000 m dýpi (einkennast af gufuhverum, leirhverum og vatnshverum með miklum kísilútfellingum).

hájökull K hæsti hluti jökuls.

hálandi, -is H hálent landsvæði; óbyggðir.

háflenda KV hálf bújörð.

háls, -ar K hæð, ás, hæðardrag.

háslétta, -u, -ur KV sléttlent landsvæði sem liggur fyrir ofan ákveðna lágmarkshæð yfir sjávarmáli, mynduð við rof og upphleðslu (sbr. lágslétta).

háspennulína KV raflína með hærri en 500 volta spennu [ÁB].

hávaði, -a, -ar K **1** hæð á landi, hörgur, hnjótur, hálent svæði; FT **hávaðar** flúðir: þar eru miklir hávaðar í ánni. **2** íshrönn við vötn.

heiðarvegur K vegur yfir heiði [HJ].

heiði, -ar, -ar KV **1** háslétta. **2** lengri eða skemmri fjallvegur (jafnvel fjallaskarð) milli byggða. **3** lágvaxin bunga, landfláki sem ber herra en umhverfið. **4** (einkum erlendis) lyngmóar, land vaxið lyngi og kjarri (runnum).

heilsugæslustöð KV miðstöð fyrir alhliða læknisþjónustu og eftirlit er með heilsu fólks [ÁB].

heilsuhæli H stofnun þar sem fólk með langvinnan sjúkdóm dvelst sér til heilsubótar.

heimreið KV gata (vegur) heim að bæ.

hella, -u, -ur (EF FT **hellna**) KV **1** flatur, þunnur steinn. **2** flöt klöpp [FS]. **3** þunnt, hart jarðlag milli lausra jarðlaga. **4** FT hellur landsvæði með hellugrjóti [HJ].

hellir, -is, -ar (EF **hella**) K hola, t.d. inn í hlíð, hamra.

hellisgjögur H hellir, hellisskúti (mjög opin), gjarnan opin upp úr að einhverju leyti.

hellisskúti K lítill hellir.

helluberg H berg, einkum blágrýti sem klofnar auðveldlega í hellur.

helluhraun, -s, - H hraun með klöppum á yfirborði.

helluís K **1** flatur rekís. **2** íshella, ísfláki.

hem, -s, - H ísskæni.

hengiflug, -s, - H snarbrattur, hár staður; slútandi berg.

herskáli K íveruskáli hermanna, braggi til afnota fyrir her; gamall hermannaskáli notaður til íbúðar.

hesthús H hús handa hrossum.

hey, -s, - H slegið (þurrkað) gras.

heybandsvegur K leið frá engjum til hlöðu eða heystæðis.

heygarður (ÞGF **-garði**) K garður utan um hey.

heyhlaða (EF **-hlaðna**) KV hlaða undir hey, hús til að geyma hey í.

hérað ((formn.) **herað**), **-s, héruð, héröð** H landsvæði, sveit, byggð: Fljótaldshérað.

hilla, -u, -ur (EF **hillna**) KV klettahilla, bergsylla.

hitaveita (EF **-veitna**) KV leiðsla á heitu vatni úr jörðu til að hita upp hús.

hjalli, -a, -ar K bringur, skeið, allstór stallur eða sylla í fjallshlíð (eða landslagi):

hjarn, -s, hjörn H harðfrosin snjóbreiða, svellalög, snjólag sem er orðið allfast fyrir vegna samþjöppunar og endurkristöllumunar, eftir að það féll.

hjarnbreði K harðfrosin snjóbreiða, jökulfönn.

hjarnbreiða (EF FT **-breiðna**) KV snæbreiða, breiða af frosnum snjó.

hjarnfenni H hjarnfönn.

hjarnfönn KV harðfrosinn snjór, snjór með klakaskán.

hjarnjökull, -uls, -lar K jökull ofan snælnu.

hjarnskæningur K þunnt lag af frosnum snjó.

hjáleiga, -u, -ur (EF **-leigna**) KV kot, upphaflega leiguland, leigt út frá annarri jörð og hefur venjulega beutiland óskipt með henni.

hlað, -s, hlöð H **1** svæði (oft með hlaðinni stétt) framan við sveitabæ. **2** FT **hlöð** (staðb.) eitthvað upphlaðið, stillur, stíflur.

hlaða, hlöðu, hlöður (EF **hlaðna**) KV geymsluhús fyrir hey, korn og fleira.: heyhlaða, kornhlaða.

hlaðvarpi K sá hluti túnsins sem er næstur hlaðinu; það sem hallar út frá hlaðinu.

hlaup, -s, - H **1** mikill vöxtur í vatnsfalli, snögglegt flóð í jökulvatni, jökulhlaup; snjóflóð, skriðuhlaup, framhlaup, hamfarahlaup. **2** (staðb.) slark í vegi, hvarf. **3** bil, staður, sem stökkva má yfir, t.d. vatnsfall.

hlaupskriða (EF **-skriðna**) KV dyngja af jarðefni sem hefur skriðið eða hlaupið niður brekku [Ob].

hleðsla, -u, -ur (EF **hleðslna**) KV það sem hlaðið er, garður, veggur.

hlein, -ar, -ar og -ir KV klöpp (í flæðarmáli).

hliðardalur (PGF **-dal**) K dalur sem greinist út úr öðrum dal [Ob].

hliðarrof H árrof sem verður á bakka farveggar [Ob].

hlíð, -ar, -ar og -ir KV hlið á fjalli, löng og allbrött brekka (frá fjallsrótum upp á brún eða upp að klettabelti uppi við fjallsbrún).

hlíðardrög H FT aðdragandi að fjallshlíð, fjallsrætur.

hlíðarfótur K (einkum í FT) hlíðarlögg, fjallsrætur.

hlíðargeiri K gróðuræma í fjallshlíð.

hlíðarlögg KV (staðb.) fjallsrætur.

hlíðartagl H hlíðarfótur, neðstu drög fjallshlíðar.

hnaggur, -s, -ar K (staðb.) naggur, lítið sker.

hnaukur, -s, -ar K hnúkur.

hnaus, -s, -ar K **1** mel- eða grjótbunga í landslagi (t.d. í fjallshlíð). **2** (moldar)kökkur með grasrót, móköggull.

hnjóti, -a, -ar K hnjótur.

hnjótur, -s, -ar (PGF hnjóti) K ójafna, arða, þúfa, hnotti, lítil grasþúfa á eyðisandi.

hnjúkur, -s, -ar (norðl.) K hnúkur.

hnotti, -a, -ar K þúfa sem stendur upp úr snjó, hnjótur.

hnubbur, -s, -ar (PGF **hnubb**) K lítil ávöl þúfa.

hnullungur, -s, -ar (PGF **hnullungi**) K hnöttóttur ávalur steinn; hnullungagriót; hnullungaberg stórgert völuberg.

hnúa, -u, -ur KV (staðb.) ávalur hól eða hæð, oft uppi í fjöllum eða í slægjum

hnúkur, -s, -ar (sunnl.) K hnjúkur, fjallstindur; (einstakur, aflíðandi) fjallskollur; hæð, bunga.

hnyðlingur, -s, -ar K bergmoli sem brotnað hefur úr vegg gosrásar djúpt í jörðu og borist upp með bergkvikunni.

hola, -u, -ur (EF **holna**) KV **1** gat inn í eitthvað (ekki í gegn): hola í jörðina, hola í klettinn. **2** gröf.

holbakki K bakki sem holt er inn undir.

holklaki, -a K klaki efst í jarðveginum en þítt undir, þannig að frosna lagið hvelfist upp og holrúm myndast undir því.

holskafl K holskefla.

holskefla, -u, -ur (EF **-skeflna**) KV há alda sem hvelfist fram að ofan, íhvolf bylga.

holt, -s - H **1** lág, ávöl hæð (oft grýtt og lítt gróin, sbr. melholt, klapparholt); móaland hálfgróið eða lyngvaxið. **2** (fornm.) skógur.

holufylling KV moli eða flikki úr einni eða fleiri steintegundum sem hafa sest til úr jarðvatni í holum í bergi.

holurð KV mjög stórgrýtt urð með miklu holrými milli steina [FS].

holþýfi H kamrþýfi, þéttar, háar þúfur.

horn, -s, - H eitthvað sem skagar út, broddur, (fjalls)tindur: melahorn, móahorn.

horngrýti, -is, - H eggjagrjót.

hóll, -s, -ar (ÞGF **hól(i)**) K (lítil) ávöl hæð sem sker sig vel úr umhverfinu (a.m.k. ein hliðin brött).

hólmi, -s, -ar K **1** hólmur. **2** ósleginn grasblettur sem búið er að slá allt í kringum.

hólmur, -s, -ar (ÞGF **hólmi**) K **1** hólmi, lítil eyja, blettur umflotinn af vatni (oftast grasi vaxinn). **2** hólmi.

hóp, -s, - H lón, vatn sem ós liggur úr til sjávar.

hótel, -s, - H gistihús og oftast einnig greiðasala [ÁB].

hraðbraut KV akbraut (með tveimur akreinum í hvora átt) gerð fyrir akstur á miklum hraða.

hrafntinna KV gljásvart, glerkennt, súrt storkuberg (myndast við hraða storknun).

hraukur, -s, -ar (ÞGF **hrauk**) K stafli, stakkur: móhraukur, torfhraukur.

hraun, -s - H **1** hraunleðja, sá hluti gosefna sem í eldgosum rennur burt frá gosstöðvum á yfirborði jarðar, andstætt gjóska; hraunelfa rennandi hraunleðja. **2** storknuð hraunleðja (berg) á yfirborði jarðar, oft meira og minna gróin: eldhraun, brunahraun, hraunbunga hraun sem hefur gubbast upp um smágöt á storknaðri hraunskán og myndað hrúgu: hraungrjót, hraunsteinn, hraunlög hraun er hefur storknað í lögum. **3** urð, framhrun úr fjöllum; sprungnar, samfelldar klappir, grýtt landsvæði, stórgrýtt hæð, urðarhryggur; ósléttur sjávarbotn.

hraunborg KV brött klettahæð úr hrauni [ÁB].

hraunbreiða (EF **-breiðna**) KV breið hraunflatneskja [ÁB].

hraunbruni, -a, -ar K brunnið hraun.

hraunbrún, -ar, -ir KV brattur hraunjaðar.

hraunbunga (EF **-bungna**) KV hraunhóll [HJ].

hraundrýli, -is H lítil brött strýta úr hraunkleprum sem gosgufur hafa rifið með sér upp um smágat á storknaðri hraunskán.

hraundyngja, -u, -ur KV dyngja, gosdyngja.

hraungarðar K FT rennslissvigður í apalhraunum, oft mannhæðar háir [FS].

hraungata KV gata í hrauni.

hraungárar K FT **1** margir samsíða garðar á helluhraunsklöppum, fárra cm háir og breiðir, er myndast sem hrukkur í seigum berki á yfirborði rennandi hraunkviku. **2** hraungarðar [FS].

hraungígur (ÞGF **-gíg**) K gígur sem hraun hefur runnið frá [ÁB].

hraungjall H hrjúf, grófgerð, gropin gjóska, oft með glerkenndu yfirborði. Sekkur í vatni [Ob].

hraungjá KV (djúp og víð) hraunsprunga.

hraungjóta, -u, -ur (EF **-gjótna**) KV þröng hola í hrauni [ÁB].

hraungloppa (EF **-glopna**) KV hraunhellir (notaður sem fjárbyrgi).

hraungúll, -s, -ar K hraun sem hefur storknað í brattan kúf yfir gosopinu, en lítið breiðst út [PE].

hraunhaf, -s H víðáttumikið hraun.

hraunhella, -u, -ur (EF - **hellna**) KV samrunnið hraungrjót sem myndar hellu.

hraunhellir, -is, -ar (EF -**hella**) K neðanjarðargöng, mynduð í storknandi hrauni.

hraunhóll K bunga eða hóll í helluhrauni oft sprunginn í toppinn [HJ].

hraunhvelving, -ar, -ar KV þak í hraunhelli [ÁB].

hraunkarl, -s, -ar K hár, strýtumyndaður drangur í hrauni.

hrauketill (PGF -**katli**) K skvompa, smá jarðfall í hrauni.

hraunkúla, -u, -ur (EF -**kúlna**) KV hálfstorkið bergflikki, oft kúlulaga, sem þeytist upp í eldgosi.

hraunkvika, -u KV óstorkið hraun, hraunleðja.

hraunleðja, -u KV hraunkvika.

hraunreipi H hraungárar snúnir svo að þeir minna á reipi, einkum á helluhrauni.

hraunrimi K hraunhaft, hraunræma.

hraunstöpull, -uls, -lar K bergstrýta sem ýtist því nær harðstorkin upp úr gosopi [PE].

hrauntraðir (EF -**traða**) KV FT farvegur eftir hraunkviku sem hefur runnið milli storknaðra hraunbrúna á yfirborði jarðar.

hreppsfélag H sveitarfélag, hreppurinn sem sérstakt samfélag, byggð.

hreppur, -s, -ar (PGF **hreppi**) K sveitarfélag. Samkvæmt lögum er byggðinni í landinu skipt í staðbundin sveitarfélög. Sveitarfélög eru sjálfstæð í þeim skilningi að þau geta borið réttindi og skyldur. Þau geta þannig m.a. verið aðilar að dómsmálum. Sveitarfélög heita ýmist hreppar, kaupstaðir eða bæir og gefa heitin kaupstaður eða bær til kynna að íbúafjöldi sveitarfélagsins er yfir 1000 manns [Stjt].

hrifsing, -ar KV (staðb.) stallur í fuglabjargi: hrifsingarstallur: fara í hrifsingar síga niður á stalla í fuglabjargi.

hringiða KV straumur sem liggur í hring, svelgur.

hringsjá KV útsýnisskífa.

hrís, -s H eða K smávaxið birkikjarr, skógviðarbróðir; fjalldrapi.

hrísla, -u, -ur (EF **hríslna**) KV grein, kvistur; lítið (greinótt) tré.

hrísmór K mói vaxinn hrísi.

hrjóna, -u, -ur KV (staðb.) ójafna, hnjótur; þúfa, totti; FT

hrjónur há gróðurlaus fjöll eða hæðir (á fjallgarði).

hrjóstur, -urs, - H grýtt og graslítið landsvæði.

hroði, -a, -ar K dreifður, meyr ís á sjó eða vatni; dálítið brim.

hrossaborg KV hringlaga grjótskýli (þaklaust) með háum veggjum, ætlað hrossum til skjóls.

hró, -s, - H lítill þurr blettur eða hólmi, sem hærra rís, í blautri mýri; smáhæð eða holt.

hróf, -s, - H 1 hrörlegt hús, skúr, skýli, naust. 2 hró.

hruðl H íshröngl, hrul.

hrul, -s H (staðb.) mylsna, mulningur, íshröngl.

hrun, -s, - H skriða. hrunjökull K falljökull.

hrunskriða, -u, -ur (EF -**skriðna**) KV skriða í fjallshlíð, sem myndast við bergmolshrun í fjallinu [Ob].

hrúga, -u, -ur (EF **hrúgna**) KV dyngja, lítill haugur.

hryggur, -jar, -ir (PGF **hrygg**) K (fjalls)ás, kambur, aflöng hæð.

hröngl, -s H steinahrúga; íshroði: jakahröngl, íshröngl.

- hrönn, hrannar, hrannir** KV **1** alda, bylgja. **2** (í löng) dyngja: þarahrönn, jakahrönn.
- hús, -s, -** H **1** bygging með veggjum og þaki. **2** bær, býli: heimahús, bæjarhús; handa búfénaði: útihús.
- húsabak** H staður bak við hús: að (á) húsabaki bak við húsin.
- húsabær** K íbúðarhús á sveitabæ.
- húsagarður** (PGF **-garði**) K **1** hlaðinn garður við bæjarhús, oft þannig að veggir eða gaflar húsanna koma í stað hluta garðsins. **2** garður eða afmarkað svæði bak við (íbúðar)hús í borg eða kaupstað.
- húsagata, -götu, -götur** (EF **-gatna**) KV gata sem eingöngu er ætluð til umferðar þeim sem eiga erindi að húsum eða starfsemi við götu [OSS].
- húsasund** H sund milli húsa; bæjarsund, kverk milli tveggja húsbursta.
- húsatorf** H torf til að þekja hús.
- húsapörp** H þyrping húsa.
- húsapýrping** KV húsapörp.
- húshagi** K hagi heima við hús.
- húshjallur** K lélegt hús.
- húskytra** KV húskytra.
- húskytra** KV kofi; smákompa.
- hústótt** KV húsveggir án þaks, rústir húss.
- hvalbak** H jökulsorfin klapparbunga, oft í löng þvert á skriðstefnu jökulsins en stundum eftir henni.
- hvammur, -s, -ar** (PGF hvammi) K laut, hvilft inn í brekku eða hlíð, (lítil) dalskvompa, venjulega grasi vaxin.
- hvapp, -s, hvöpp** H **1** (staðb.) hvilft, bugur, dalbót. **2** lítil sylla á bjargi [HJ].
- hvappur, -s, -ar** (PGF **hvappi**) K (staðb.) lægð, dalverpi.
- hvarf, -s, hvörf** H **1** leiti eða hæð er byrgir útsýn. **2** hola í vegi. **3** (staðb.) það sem lengst sést til í fjallshlíð heiman frá bæ [HJ].
- hvarfleir, -s, -ar** (PGF **-leir**) K lagskipt set myndað í stöðuvatni eða firði undan mynni jökulár sem ber fram meiri og grófari bergmylsnu sumar en vetur svo að gróf og fín lög skiptast reglulega á í setinu.
- hvekkur, -s, -ir** K bugur, t.d. við á eða fljót, inn í fjall.
- hvel** (fornm. **hvél**), -s, - H **1** hvoll, (ávöl) hæð. **2** skál, hvilft.
- hveljökull** K kúptur jökull [ÁB].
- hveppi, -is, -** H (staðb.) dalhvapp, smáhvilft.
- hver, -s, -ar** eða **-ir** (PGF **hver**) K **1** heit vatnsuppspretta (með ýmsum uppleystum efnum úr berglögum neðanjarðar): hverasvæði, hveravatn. **2** gígur; skál í fjalli eða hól.
- hver, -s, -** H (staðb.) vatnspyttur; hvarf, blaut hola (í vegi); pyttur sem myndast í sandi af bráðnuðu jökulstykki eftir jökulhlaup.
- hverahella** KV hverahrúður.
- hverahrúður** H eða K frauðkennd, ljósleit bergtegund sem sest til úr hveravatni og myndar breiður á sumum hverasvæðum.
- hveraleðja** KV hveraleir.
- hveraleir, -s** (PGF **-leir**) K leir sem myndast við súra hveru er leysa sundur fast berg.
- hveralækur** K lækur frá hver.
- hveraoopna** KV vök á ís (vegna heittrar uppsprettu í vatninu).
- hverasvæði** H landsvæði þar sem hverir eru.
- hverfi, -is, -** H **1** bæjarhluti: bæjarhverfi, úthverfi; svæði þar sem bæir standa í hvirfingu, allþétt: byggðarhverfi, Oddahverfi Oddi og bæirnir í kring. **2** lægð, kvos.
- hverfismiðstöð** KV miðsvæði sem hefur aðallega gildi fyrir eitt bæjarhverfi [OOS].

hverfjall H fjall sem er allt einn öskugígur.

hvesta, -u, -ur (EF **hvestna**) KV **1** hringmynduð lægð. **2** lægð eða fannlaust smásvæði í skafli, oft með hengju í kring. **3** snjóskafli í gjá eða lægð.

hvilft, -ar, -ir KV **1** lægð, skál (einkum í grasi vöxnu svæði); skál í fjallshlíð. **2** mjög stuttur skálarlaga uppdalur, að jafnaði jökulsorfinn [Ob].

hvilftarjökull K skálarjökull.

hvin, -s H (staðb.) bjargbrún: vera kominn fram á (blá)hvinið.

hvol, -s - H (fornm.) grunn laut, grunnt lægðardrag (einkum í örnefnum).

hvolf, -s, - H hvammur, hvilft (í fjallshlíð).

hvoll, -s, -ar (ÞGF **hvoli**) K hóll, ávöl hæð, einkum í samsetn.: Kirkjuhvoll.

hvompa, -u, -ur (EF **hvompna**) KV (staðb.) leirpyttur.

hvomsa, -u, -ur KV (staðb.) hola í jarðvegi eða vegi.

hvæla, -u, -ur (EF **hvælna**) KV (staðb.) laut, hola.

hvæll, -s, -ar K dæld, laut, hola.

hylur, -s, eða -jar, -(j)ir (ÞGF hyl) K djúpur staður eða hola í (straum)vatni.

hyrna, -u, -ur KV hvass fjallstindur eða -egg.

hyrningur, -s, -ar (ÞGF **hyrningi**) K horn, hyrna, einkum í samsettum örnefnum:

Einhyrningur, Þríhyrningur [AB].

hæð, -ar, -ir KV hvoll, hóll, bunga, staður hærrí en landið í kring.

hæðardrag H aflíðandi lág hæð (einkum í FT) [AB].

hæðarlína KV (á uppdrætti, landabréfi eða í landslagi) lína um (alla) staði sem eru í sömu hæð yfir sjávarmáli.

hæðarpunktur (ÞGF **-punkti**) K mæld hæð yfir sjávarmáli [ÁB].

höfði, -a, -ar **1** K allhátt nes (oft leifar af fjalli eða hæð), venjulega stutt, bratt til endans, sem gengur fram og gnæfir yfir sjó, vatn eða undirlendi. **2** lítil, oft brött, endaslepp hæð [FS].

höfn, hafnar, hafnir KV **1** (staðb.) hagi, beit: sauðahöfn. **2** staður þar sem skip leggjast til að athafna sig, lega, bryggjusvæði: halda til hafnar.

höfuð, -s, - H höfði (einkum í örnefnum).

höfuðborgarsvæði H Reykjavík og sveitarfélögin í næsta nágrenni hennar mynda ákveðna heild að því er snertir landfræðilega afstöðu, atvinnumarkað, verslun, fræðslumál, samgöngur og byggðaþróun. Til höfuðborgarsvæðisins teljast Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjalarneshreppur [OOS].

höfuðból, -s, - H mikil jörð; jörð sem hjáleigur eru byggðar frá.

högg, -s, H (staðb.) klettabrún, (kletta)horn eða stallur í fjallshlíð.

högn, -s, H kúpmynduð ójafna, áberandi (efst) í landslagi (í örnefnum) [FS].

höl(l)kn, -s H (staðb.) grýtt og gróðurvana landsvæði, hrjóstur; flatt berg.

hörgajörð KV (staðb.) holt og hrjóstur.

hörgur, -s, -ar (ÞGF hörg) K fjall, fjallstindur; grjóthóll (með átrúnaði á); það eru ekki uppi nema hæstu hörgar, það er: hnjótar, þúfnakollar; hrjóstur, ófrjósamt landsvæði.

hörsli, -s H ójöfnur, örður, á frosnum snjólausum vegi eða annars staðar þar sem farið er um.

hörtli, -s H hörsli.

iða, -u, -ur (EF **iðna**) KV hringiða, iðukast, svelgur.

iðnhverfi, -is, - H bæjarhluti þar sem fleiri iðnfyrirtæki starfa en í öðrum hverfum [ÁB].

iðufall, -s, -föll H iðukast.

iðukast H (kröpp og) sterk hringiða; ólgandi straumfall; (lágur) foss.

iðustreymi H óreglulegur straumur þar sem hringiður myndast [Ob].

innhérað H hluti héraðs sem liggur fjær sjó; SÉRN. Innhérað hluti Fljótdalshéraðs.

innhverfi H eldri hluti bæjar eða borgar (gömlu hverfin) þar sem hnignun í fjölbreytileika umhverfis og mannlífs á sér stað [OOS].

innsigling KV skipaleið inn, hafnleið.

innskot, -s, - H storkuberg myndað neðanjarðar, yngra en jarðlögin umhverfis: innskotslag.

innskotsberg H storkuberg sem hefur orðið til við innskot, gangberg [Ob].

innsævi H sjór við strönd inni á flóum og fjörðum.

inntakslón H lón til vatnsmiðlunar til að jafna sveiflur í vatnsrennsli til vatnsvirkjunar [ÁB].

íhlaup H hvarf, hola.

íma, -u, -ur KV þunnt íshem.

íreki, -a, -ar K (staðb.) stór klettur fast við reiðgötu eða heybandsgötu.

ís, -s, -ar (ÞGF **ís(i)**) K 1 frosið vatn. 2 lagís, svell, sléttur ísflötur.

ísalög H FT víðáttumiklir svellflákar.

íshella (EF **-hellna**) KV stór flatur ísjaki, samfelldur, samanþjappaður ís.

íshroði K íshröngl, íshrafl.

íshröngl H dreifður, óreglulegur ís á sjó eða vatni [ÁB].

ísjaki K ísstykki, helst á sjó eða vötnum (umflotið), mismunandi að stærð og lögun.

ísklumpur, -s, -ar (ÞGF **-klumpi**) K stutt og þykkt ísstykki [ÁB].

íslög H FT ísalög.

ísrönd KV ísbrún, ysta rönd ísbreiðu.

ísskrið H ísrek, jakaburður (í straumvatni).

ísskrof H þunnt íslag, en holt á milli þess og undirlagsins.

ísskæni H þunnur ís, hem.

ísströngull (ÞGF **-ströngli**) K grýlukerti [ÁB].

ísveggur (ÞGF **-vegg**) K þverhniptur veggur jökuls [ÁB].

íþróttahús H hús til að stunda íþróttir í [ÁB].

íþróttaskóli K skóli þar sem aðalkennslugreinar eru íþróttir.

íþróttasvæði H svæði til að stunda íþróttir á.

íþróttavöllur (ÞGF **-velli**) K völlur (með tilheyrandi búnaði) til að æfa og keppa á.

jaðar, -ars, -rar (ÞGF **jaðri**) K 1 rönd, ysta brún; kantur: gróðurlendi á takmörkum votlendis og þurrlendis (oft við vatnsbakka).

jaðarbyggð KV afskekkt byggð (afdala- eða útkjálkabyggð).

jaðarrás KV farvegur leysingavatns milli hliðar og jökuls [ÞE].

jaðarrof H jökulrof við jaðar skriðjökuls þar sem jökullinn skriður fram með fjallshlíð [Ob].

jaðarskafli H snöggt slægjuland.

jaðarsvæði H útjaðar svæðis.

jaðarurð KV alda úr jökulruðningi mynduð við jaðar skriðjökuls.

jaki, -a, -ar K ísstykki, brot úr lagnaðarís eða skriðjökli.

jarðarpartur (ÞGF **-parti**) K hluti úr bújörð; lítil jörð eða landareign.

jarðbrú KV 1 brú af náttúrunnar hendi yfir læk eða þess háttar: brú gerð úr grjóti eða jarðvegi. 2 vegur yfir mýri gerður af mönnum [HJ].

jarðefni H 1 efni úr (í) jörðinni. 2 efni jarðar sem notað er til þess að búa til mannvirki eða er umhverfis mannvirki [Ob].

jarðfall H gjá, lægð sem myndast er jarðvegi skolar burt undan yfirborðinu en síðan fellur það niður.

jarðgrunnur K jarðlög ofan á berggrunni, mynduð í og eftir lok ísaldar, yfirleitt óhörðnuð að undanskildum hraunum.

jarðgöng H FT neðanjarðargöng.

jarðhiti K, **-hita** KV (úrelt mál) hiti sem á rætur að rekja til innri hita jarðar (t.d. í sambandi við laugar og hveru eða grunnvatn), jarðvarmi.

jarðhnaus (ÞGF **-hnaus**) K rofbakki [ÁB].

jarðlag H **1** ásigkomulag jarðar næst yfirborði. **2** lag úr lausu efni eða föstu (berglag) á eða undir yfirborði jarðar, aðskilið því sem liggur undir eða yfir, t.d. moldarlag á klöpp, leirlag í sandi, hraunlag í setbergi.

jarðlagastafi, **-a**, **-ar** K safn jarðlaga sem hlaðist hafa hvert á annað á tilteknu svæði [Ob].

jarðmyndun KV bergspilda eða samstæða af jarðlögum sem er jarðsöguleg eða bergfræðileg heild fyrir sig.

jarðrask H rót eða umbylting á jarðvegi.

jarðsig, **-s**, **-** H það að yfirborð jarðar sígur á afmörkuðu svæði.

jarðsil H jarðvegur mjakast mjög hægt (fáeina mm á ári) en stöðugt, niður brekku vegna smáhreyfinga í jarðveginum og þyngdar hans [Ob].

jarðsími K símstrengur neðanjarðar [ÁB].

jarðskorpa KV ysta skurn jarðarinnar, nær niður á dýpi um 5 km (undir úthöfum) til um 50 km (undir fellingafjöllum).

jarðskrið H jarðvegsskrið, hægfara hreyfing vatnsósa jarðvegs eða lausra jarðlaga niður brekku ofan á frosnu undirlagi eða klöpp.

jarðstrengur (ÞGF **-streng**) K strengur, leiðsla neðanjarðar.

jarðtrog, **-s**, **-** H afar stórt ílangt svæði þar sem margra km þykk setlög safnast fyrir samtímis því sem botninn sígur [ÞE].

jarðvarmi K varmi í jörðu, jarðhiti.

jarðvatn H allt vatn undir jarðaryfirborði t.d. jarðraki (í mold), sigvatn (á leið niður), stigvatn (sogað upp í hárpípur jarðlaga) og grunnvatn [FS].

jarðvegsgarður, **-s**, **-ar** (ÞGF **-garði**) K fyrirhleðsla úr jarðvegi, t.d. flóðgarður; uppgröftur, jarðvegur sem kemur upp úr skurði [ÁB].

jarðvegshlaup H skriðhlaup þegar moldarborinn jarðvegur hleypur fram [Ob].

jarðvegsskriða, **-u**, **-ur** (EF **-skriðna**) KV skriða eftir jarðvegshlaup, venjulega með haugum af mold og grjóti [Ob].

jarðvegsstífla, **-u**, **-ur** (EF **-stíflna**) KV fyrirhleðsla, garður gerður úr jarðvegsefnum [ÁB].

jarðvegur (ÞGF **-vegi**) K **1** hið efsta lausa jarðlag sem plönturætur geta smogið og fundið næringu í og er að nokkru leyti af lífrænum uppruna. **2** blanda úr bergmylsnu og rotnandi eða rotnuðum leifum dýra og plantna [Ob]. **3** efsta lag jarðskorpu sem laust er og liggur ofan á berggrunni [Ob].

jarðvæta KV jarðvatn sem er í ómettuðum jarðlögum milli jarðaryfirborðs og grunnvatnsborðs [Ob].

jökklamús KV mosavaxinn (kúlulaga) smásteinn á jökli.

jökluarúðningur K jökluarúðningur.

jökulalda KV **1** ávöl hæð sem jökull hefur hrúgað upp [FS]. **2** straumlínulöguð alda úr jökluarúðningi mynduð undir skriðjökli.

jökulá KV jökulvatn, vatnsfall sem á upptök í eða undir jökli.

jökuláraurar K FT jökulleir (oftast sand- og malarborinn) [ÞE].

jökulás K hryggur úr mól og sandi, myndaður af framburði vatns undir jökli. **jökulberg** H harðnaður jökluarúðningur.

jökulbotn K jökulhvilft.

jökulbunga, **-u**, **-ur** (EF **-bungna**) KV ávöl hæð á jökli [HJ].

jökulfell H fjall með jökli, snæhettu sem aldrei bráðnar.

jökulflúð KV klappahæð, sem skriðjökull hefur gengið yfir og núíð (sbr. hvalbak).

jökulgarður (ÞGF **-garði**) K ruðningur sem hefur ekist upp framan við skriðjökul.

- jökulgormur** K (gróft) grugg í (ströngu) jökulvatni.
- jökulgróp** H stórger jökulrák.
- jökulhetta** KV snæhetta, jökull á fjallstindi.
- jökulhlaup** H snögg vatnsflóð sem ryðst fram úr jökli og brýtur úr jaðri hans (vegna ákaftrar leysingar af völdum eldsumbrota eða vegna þess að jökullón fær framrás og tæmist).
- jökulhryggur, -jar, -ir** (ÞGF **-hrygg**) K aflöng jökubunga, aflangur kambur á jökli [ÁB].
- jökulhvel, -s, -** H ávöl hæð á jökli [HJ].
- jökulhvilft** KV sérkennilegur smádalur grafinn (oftast á ísöld) í fjallsbrún, sem skagaði upp úr meginjöklinum.
- jökulhvirkill** K hábunga jökuls, sem hann skríður frá í allar áttir.
- jökuljaðar, -s, -rar** K ysta brún jökuls [ÁB].
- jökulker** H dæld í jökulruðningi, venjulega vatnsfyllt, eftir ísflíkki sem hefur bráðnað.
- jökulkorgur** (ÞGF **-korgi**) K jökulgormur.
- jökulkúfur** (ÞGF **-kúf**) K efsti hluti jökuls, jökultindur.
- jökull, -uls, -lar** (ÞGF **jökli**) K **1** þykk breiða af harðfrosnum snjó eða ís sem tekur ekki upp á sumrum og helst áratugum (öldum) saman (algengast á hálendi). **2** fjall með jökli. **3** jökulgormur. **4** ísdröngull; ís, klaki; snjóbreiða, samfelld hjarn.
- jökulleðja** KV jökulleir.
- jökulleir** (ÞGF **-leir**) K bergsvarf sem skriðjökull skefur úr botnklöpp sinni, aðalefnið í flestum jökulruðningi og í gruggi jökulvatna.
- jökullón** H stöðuvatn myndað af jökli.
- jökullægð** KV sigdæld í jökli [ÁB].
- jökulmörk** H FT þau hæðarmörk sem fjöll þurfa að ná upp fyrir, til að á heim myndist jökull.
- jökulrák** KV rispa eða gróp sem skriðjökull hefur sargað í klöpp.
- jökulrispa** (EF **-rispna**) KV smáger jökulrák.
- jökulrof** H niðurrif bergs af völdum skriðjökuls.
- jökulruðningur** K bergmysna borin fram af jökli og sem liggur eftir þar sem jökullinn bráðnar.
- jökulsandur** K gróðurlítil slétta mynduð af framburði jökulvatna.
- Jökulsá** KV sérnafn á mörgum vatnsmiklum ám sem koma undan jökli: Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá í Lóni.
- jökulskál** KV jökulhvilft.
- jökulsker** H eða fjallshnúkur umkringd(ur) jökli, núnatakkur.
- jökulsporður** K totumyndaður jökulendi.
- jökulsprunga** KV sprunga í yfirborði skriðjökuls mynduð af völdum mishæðar í farvegi hans eða við jökulsporð þar sem aðhald frá hlíðum hættir.
- jökulsvelgur** K trektlaga vatnsrás í jökulís.
- jökultunguvatn, -s, -vötn** H stöðuvatn myndað við hopun jökuls [ÞE].
- jökulurð** KV **1** jökulalda. **2** bergmysna borin fram af jökli og liggur eftir þar sem jökullinn bráðnar, mun finnna en jökulruðningur [FS].
- jökulvatn, -s, -vötn** H **1** leysingarvatn úr jökli. **2** vatnsfall sem á upptök í jökli, jökulá.
- jökulvatnaset** H set sem jökulvatn hefur sett af sér, ýmist í farvegum í jöklinum (malarásar) eða í jökullónum (hvarfleir).
- jökulveggur, -jar, -ir** (ÞGF **-vegg**) K ísveggur í jökli [ÁB].
- jörð, jarðar, jarðir** KV **1** yfirborð jarðar. **2** haglendi, bithagi. **3** jarðvegur, mold. **4** bújörð, jarðeign, lögbýli.
- jörfi, -a, -ar** K **1** langt melholt, sandbakki, melhryggur; (fornm.) möl. **2** mót blauts og þurrs jarðvegs.

kafhlaup H eitthvað sem maður sekkur djúpt í.
kagaðarhóll K (formn.) kögunarhóll.
kaldavermsl H (-ve(r)sl H) uppspretta með stöðugu jöfnu hitastigi vetur og sumar.
kalmór K torfkennt, lélegt mólagn nærri grassverði eða í mógrafarvegg.
kambur, -s, -ar (ÞGF **kambi**) K **1** hryggur, eitthvað sem skagar upp, melhryggur, fjallsbrún; landræma milli siginna svæða, rishryggur; aflangur þunnur klettur. **2** sjávarkambur, malarkambur.
kamrabýfi H (staðb.) þýfi með þéttum, háum þúfum.
kantur, -s, -ar (ÞGF **kanti**) K jaðar, brún.
kargadjúp H mikið sjávardýpi.
kargahraun H mjög úfið hraun; ósléttur sjávarbotn.
kargabýfi H mjög krappt þýfi, mjög þýfður blettur.
kargi, -a K **1** kargabýfi; mjög úfið hraun: kargahraun. **2** mjög djúpur hylur: kargahylur. **3** (staðb.) gjall [HJ].
kast, -s, köst H **1** (staðb.) bunga, klettur (utan í fjallshlíð). **2** sterkur straumur á tiltölulega litlu svæði: straumkast, iðukast [ÁB].
kastali, -a, -ar K (staðb.) klettótt holt [HJ].
katla, kötlu, kötlur KV ketilsig [FS].
kaupstaður (ÞGF **-stað**) K sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa [Stjt].
kauptún H verslunarstaður; þorp.
keðjuhús H sambyggð einbýlishús, samföst á millibyggingum, t.d. bifreiðaskúrum [OOS].
kegri, -a, -ar K (staðb.) **1** (hlykkjóttur) jaðar gróðurlendi: víðikegri [FS]. **2** K FT kegrar grónar hvilftir á milli hamra eða grjótmúla [FS].
keila, -u, -ur (EF **keilna**) KV strýta, strendingur sem gengur í odd.
kelda, -u, -ur (EF **keldna**) KV dý, veita, pyttur, fen; (formn.) uppspretta.
keldudrag, -s, -drög H kelda; mýrarsund.
keldufall, -s, -föll H (staðb.) **1** keldudrag. **2** sprunga í móstál í mógröf.
ker, -s, - H **1** eldstöð mynduð við sprengigos en án upphleðslu á gígborrunum: Kerið í Grímsnesi. **2** kringlóttir flóapollar, djúpur pyttur eða hylur.
kerhóll, -s, -ar K eldvarp.
ketill, -ils, katlar (ÞGF **katli**) K **1** þröng og djúp laut, skessuketill. **2** (staðb.) stórir steinar,
ketilsig H hringlaga sigdæld í eldfjalli, mynduð eftir störgos þar sem áður var eldstöðin; sigdæld í jökli þar sem hveravirkni eða eldgos hafa brætt jökulinn (caldera).
kimi, -a, -ar K krókur, afkimi, skot.
kindagata KV fjárgata [HJ].
kindahagi K bithagi sauðfjár.
kindakot H lítil (léleg) bújörð þar sem aðeins er hægt að hafa fáeinar sauðkindur.
kindakropp H gróðurlitlir og strjálir sauðfjárhagar.
kinn, -ar, -ar KV hlíð, lítil brekka.
kirfi, kyrfi, -is, - H (staðb.) klettabás oft þröngur í mynnið við strönd [HJ].
kirkja, -u, -ur KV guðshús (kristinna manna).
kirkjugarður K grafreit, svæði þar sem látnir eru jarðsettir.
kirkjujörð KV bújörð í eigu kirkju.
kirkjusókn KV það svæði sem að lögum heyrir tiltekinni kirkju.
kirkjustaður (ÞGF **-stað**) K jörð (bær) þar sem kirkja stendur.
kista, -u, -ur (EF **kistna**) KV **1** kistulaga fjallshryggur; fannakista staður þar sem mikið snjóár. **2** (mó)gröf, þar sem tekið er undir til mótaks í einu, kistulaga móhlaði.

kíll, -s, -ar (PF **kíl**) K djúpur, lygn lækur eða árkvísl sem líður hægt fram; síki, lón; grasi vaxin lægð með blautum jarðvegi í botni.

kísilgúr (PGF **-gúr**) K barnamold.

kjarr, -s, kjörr H lágvaxinn skógur, hrísluskógur.

kjálki, -a, -ar K byggðarlag (öðrum megin ár eða fjarðar), afskekkt byggð, byggðarlag.

kjálkur, -s, -ar K (staðb.) kjálki.

kjós, -ar, -ir KV kvos, dæld, dalur.

kjördæmi H svæði sem hefur sérstaka fulltrúa (þingmenn) og kýs þá út af fyrir sig.

klakabrynja KV klakahúð, íshúð, klakastokkur utan um eitthvað.

klakadröngull (PGF **-dröngli**) K klakadröngull [ÁB].

klakadröngull (PGF **-ströngli**) K grýlukerti [ÁB].

klaki, -a K ís (einkum á þurru landi), frosinn jarðvegur.

klakkur, -s, -ar (PGF klakki) K brattur klettastapi eða hamar.

klambra, klömbur, klömbrur KV **1** ísstykki. **2** klömbruhnaus, hleðsluhnaus með sérstöku lagi, skáskorinn og þannig hlaðið að hver hnaus sé yfir samskeytum neðra lagsins.

klambrarhnaus K (fornm.) ferstrendur hnaus, klömbruhnaus.

klambrarveggur K (fornm.) veggur úr klambrarhnausum.

klambur, -urs H klambra, ísklumpur.

klammi, -a K svellaður snjór, áfreði, storka.

klasi, -a, -ar K mergð, samhangandi fjöldi einhvers: eyjaklasi, skerjaklasi.

klauf, -ar, -ir KV löng laut, geil eða skarð milli fjalla, geil í sjávarhamra.

kláfur, -s, -ar (PGF **kláfi**) K loftferja, kláfferja, farartæki, dregið á línu yfir vatnsfalli.

kleif, -ar, -ar KV **1** klif; geil í fjallshlíð skarð. **2** brött brekka (grýtt). **3** FT kleifar, kleifir klettur, afsleppir ofan til.

klembur, -urs H, klembur KV FT (staðb.) klakadröngl, klammi.

klemmingur, -s K íshröngl.

klepparnes H (úrelt mál) klettanes.

kleppur, -s, -ir (PGF **kleppi**) K (staðb.) klöpp.

kleppu(r)nes H (úrelt mál) klettanes.

klepragígur, -s, -ir og -ar K gígur með veggum úr hraunkleprum sem hafa komið upp hálfstorknaðir.

klepri, -a, -ar K **1** (óreglulegur) klaka-, ísströngull. **2** (óregluleg) hrúga: hraunkleprar [ÁB].

kleprur KV FT ísströnglar; áfreðar.

klettabelti H röð af klettum, langur klettur.

klettaborg KV hamraborg.

klettabrík KV klettasnös, langur klettarani [HJ].

klettaflug H háir og brattir hamrar, hengiflug.

klettanef, -s, - H klettur sem skagar fram [ÁB].

klettarið, -s, - H stallur í klettum [ÁB].

klettaslæfur KV FT (staðb.) smáklappir.

klettasnös, -snasar, -snasir KV klettanef, klettur sem skagar fram [ÁB].

klettastrípur (PGF **-stríp(i)**) K (staðb.) klettadrangur

klettasylla (EF **-syllna**) KV hilla eða langur stallur í klettum.

klettur, -s, -ar (PGF **kletti**) K bjarg, steindrangur.

klif, -s, - H hæð, einstigi, fjallaskarð; klettur.

klofi, -a, -ar K klauf, kví, klípa; gjá; landræma milli lækja eða áa.

klumpur, -s, -ar K kökkur, hnaus; stutt og þykkt stykki af einhverju.

klungur, -urs, - H grýtt klettótt land: hraun og klungur; klungurgjóta, hraungjóta.

klúka, -u, -ur (EF klúkna) KV hrúga, lítill heybólstur.

klömp, klampar, klampir KV (staðb.) klöpp.

klöpp, klappar, klappir KV sléttur, flatur klettur.

kobbi, -a, -ar K fyrsti hnaus stunginn úr nýju lagi í mógröf.

kol, -s, - H svört bergtegund, mynduð af plöntuleifum við efnabreytingar í jörðu niðri.

kolagröf KV kolgröf [AB].

kolgröf KV kolagröf, gröf sem kol voru brennd (gerð) í.

kollur, -s, -ar (ÞGF **kolli**) K 1 ávalur fjallshnúkur. 2 ávöl þúfa: þúfnakollur, graskollur.

kolsýrulaug, -ar, -ar KV laug með volgu vatni, blönduðu kolsýru [ÞE].

kot, -s, - H kotbýli, slæm eða lítil jörð.

kotbær K lítill bær, kot.

kór, -s, -ar (ÞGF **kór**) K lítill skúti í bergi, klettabás.

krap, -s, kröp H hálfbráðinn snjór, blanda af vatni og snjó, byrjandi ísmyndun.

krapablá KV djúpt krap; flatlendi þakið krapí.

krapaelgur (ÞGF **-elgi**) K djúpt (mjög vatnsblandað) krap.

krapaför KV kraparek í ám.

krapastella KV þétt krap (t.d. í ám).

krapí, -a K krapís.

krapís K krap.

krappaþýfi H krappt þýfi, kargalþýfi.

krappi, -a, -ar K krappaþýfi.

kreppa, -u, -ur KV það að kreppa að, vera samanbeygður, vera (að)krepptur, samanber árnafnið Kreppa.

kriki, -a, -ar K 1 skot, kimi. 2 kverk: kverk milli fjalla.

kró, -ar, krær eða krór KV 1 kimi, skot, horn. 2 hólfi í stekk sem lömb eru geymd í yfir nóttina (ærnar mjólkaðar). 3 fisksöltunarhús eða kompa.

krókur, -s, -ar (ÞGF **krók(i)**) K 1 afkimi. 2 (staðb.) fjarðarhorn [HJ].

krubba, -u, -ur (EF **krubbna**) KV 1 stía, smáhólf (innst) í fjárhúsi eða rétt; fjósþás, eitthvað þröngt, smákofi; jata. 2 laut [ÞV].

krummavík KV (staðb.) lítil vík eða smáfjörður (niðrandi).

kubbaberg H stuðlað basalt með stuttum og grönnum stuðlum, sem oft mynda sveipi í bergi [Ob].

kúla, -u, ur (EF **kúlna**) KV (kúlumyndað) kúlulagað fjall eða gígur [HJ].

kúpa, -u, -ur (EF **kúpna**) KV hólfi, hæð [FS].

kverk, -ar, -ar (fornm. -ur) KV horn, kriki: fjallskverk.

kvika, -u, -ur (EF **kvikna**) KV 1 (fornm.) uppsprettulind. 2 kviksyndi, sandbleyta. 3 bergkvika.

kviksandur, -s, -ar K laus sandur sem fýkur auðveldlega til; sandbleyta.

kviksendi H kviksandur.

kviksyndi H sandbleyta, mýrarfen, mikil forarbleyta.

kví, -ar, -ar KV 1 gjá, innilokað svæði; þröngur gangur. 2 rétt þar sem ær eru mjáltaðar eftir að fært hefur verið frá.

kvíból H staður þar sem kvíar standa.

kvíagarður (ÞGF **-garði**) K kvíaveggur.

kvíahnaus (ÞGF **-hnausi**) K ferhyrndur, flögulaga hnaus.

kvíaveggur (ÞGF **-vegg**) K veggur í kvíum.

kvísl, -ar, -ir KV lækur, lítil á; hluti ár sem hefur greinst frá öðrum hlutum hennar og rennur í sérstökum farvegi.

kvos, -ar, -ir KV dæld, dalverpi, þröngur bolli í landslagi, fjalli, hlíð.

kyrki, -is, - H jarðfall sem vatn rennur í.

kögunarhóll K (fornm.) sjónarhóll, útsýnishæð.

lag, -s, lög H samfelld (oftast lárétt) röð tiltekins efnis: kolalag.

laggangur K gangur sem hefur orðið til við það að bergkvika þrengir sér inn á milli jarðlaga og myndar innskotslag, venjulega samlagt lögum grannbergsins (Ob)

lagís (ÞGF **lagís**) K lagnaðarís.

lagnaðarís K ísmyndun á sjó eða vatni, sjór eða vatn þar sem yfirborðið hefur frosið [ÁB].

land, -s, lönd H **1** þurrlendi. **2** árbakki, vatnsbakki, strönd. **3** landareign, landsvæði.

landamerki H FT **1** landamæri. **2** (hugsuð) lína sem skilur milli jarða.

landbrot H **1** landskemmd af völdum vatns eða vinds. **2** niðurgrafinn lækur, mýrarlækur. **3** vin, gróðurreitur í auðn.

landbrú KV jarðbrú, brú gerð úr jarðvegi.

landeyja, -u, ar KV **1** óshólmi [ÞE]. **2** hólmi við sjó sem fjarar út í [HJ].

landfall, -s, -föll H **1** aðfall. **2** skriða.

landgrunn, -s, - H grunnsævi (venjulega miðað við að 200 m dýpi) rétt við land.

landgræðsla KV það að græða upp ógróið land, t.d. sandfláka eða uppblásturssvæði.

landgræðsluskógur (ÞGF **-skógi**) K skógur sem er plantaður til að græða upp land [AB].

landjörð KV **1** þurrlendi. **2** bújörð án sérstakra nytja af sjó.

landræma, -u, -ur (EF **-ræmna**) KV mjótt landsvæði [ÁB].

landsbraut KV þjóðvegur a.m.k. 2 km langur, nær a.m.k. til 3 býla.

landsfjórðungur K fjórðungur lands; einn fjögurra hluta sem Íslandi var skipt í (stundum tengdir lands- og kirkjustjórn með sérstökum hætti), Austfirðingafjórðungur, Sunnlendingafjórðungur, Vestfirðingafjórðungur, Norðlendingafjórðungur.

landshorn H útskiki, horn á landinu.

landskjálki K útkjálki, afskekkt landsvæði.

landslag H form, útlit náttúrunnar: fjöllótt landslag. grýtt landslag; náttúra, land.

landslag H (fornm.) landslag.

landspilda KV dálítið (aflangt) landsvæði.

landstaða KV (landfræðileg) lega lands.

landsteinar K FT steinar í fjöruborði: uppi í landsteinum alveg við ströndina.

landsvæði, -s, - H land, landrými, landshluti.

landvar H skjól við land.

landvegur K vegur á landi; andstætt sjóleið, flugleið.

landver K fiskiver, veiðistöð.

laufskógur K skógur lauftrjáa.

laug, -ar, -ar KV heit lind, volg uppspretta.

laut, -ar, -ir KV lægð, dæld, skvompa.

laxastigi K manngerð þrep í erfiðustu hlutum áa (flúðum, fossum) til að auðvelda laxi að ganga í árnar [ÁB].

laxá KV á sem lax gengur í; SÉRNAFN Laxá.

lá, -r -r, -r KV **1** sjórinn eða smábára við ströndina: í lánni í landsteinunum; sær, haf: til lár eða lands sjó eða landi. **2** þunnt lag einhvers ofan á vatni, brá: járnlá[ÁB].

láið, -s, - H land: um láð og lög, á láði og legi, láðs og lagar dýr.

lág, -ar, -ar KV dæld, lægð.

lágdalur K hinn lági hluti dals frá dalbotni út að dalsmynni [Ob].

- lágthiti** K jarðhiti þar sem hitastig vatns nær mest 150° C á 1 km dýpi: lágthitasvæði.
- láglandi, -is** H land sem liggur lágt (minna en 200 m) yfir sjó.
- látur, -urs, -** H 1 staður þar sem selir kæpa, leguból, bæli. 2 þagróin fjara: þaralátur.
- leðja, -u** KV for, eðja, drulla, efja, mjög blaut moldar- eða sandblanda.
- lega, -u, -ur** KV 1 það hvernig eða hvar eitthvað liggur, er staðsett; staður til að liggja á; skipalægi. 2 kyrrt svæði á sjó milli brimgarðs og lands.
- leguból, -s, -** H 1 hellir, notaður til að sofa í í viðlegu. 2 belgur eða ankeri sem bát er lagt við; dufl við fiskislóð.
- leið, -ar, -ir** KV 1 vegur, sú braut eða slóð sem farin er eða hægt er að fara. 2 sund á milli boða eða skerja; haf.
- leikhús** H hús þar sem sjónleikir eru sýndir í, sjónleikahús.
- leiksvæði** KV svæði (handa börnum) til að leika sér á.
- leir, -s, -ar** (þGF **leir**) K, (staðb.) H 1 smágerðasta bergmylsna mynduð við rof og veðrun fasts bergs, kornastærð minni en 0,002 mm; þjál steind sem getur tekið upp eða gefið frá sér vatn, mynduð við efnaveðrun. 2 leðja, aur.
- leira, -u, -ur**, KV svæði hulið leireðju; FT **leirur** (leirborið) svæði sem vatn flýtur yfir annað veifið.
- leirflag** H grassvarðarlaus blettur í leirjarðvegi [HJ].
- leirhver** K gruggugur hver með súru vatni sem leysir berg sundur í leir.
- leirrota** KV leirborin, graslaus jörð.
- leirsteinn** K bergtegund, harðnaður leir.
- leit, -ar, -ir** KV 1 hluti afréttar. 2 fiskimið; (fornm.) leitarstaður.
- leitarsvæði** H svæði þar sem einhvers er leitað; gangnasvæði.
- leiti, -is, -** H hæð.
- lendi, -is, -** H síðari liður samsetn.: deiglendi, graslendi, hálendi, mýrlendi, vallendi, skóglendi, þurrlendi.
- lending, -ar, -ar** KV staður þar sem lent er (oft naust).
- lendingarstaður, -ar, -ir** K 1 flugvöllur án þjónustu [ÁB]. 2 vör, staður þar sem unnt er að lenda áraskipi [ÁB].
- leyningur, -s, -ar** K lægð, dæld, hvarf.
- leysinga(r)vatn** H vatn sem myndast við snjóbráð.
- limgerði** H þétt runnaröð, notuð sem girðing.
- limgirðing** KV limgerði.
- lind, -ar, -ir** KV uppspretta, vatnsrás úr grunnvatni upp á yfirborð jarðar: vatnslind, uppsprettulind.
- lindá** KV bergvatnsá sem kemur upp í stórum lindum með jöfnu rennsli og hitastigi; andstætt dragá.
- líparít, -s** H ljósgrýti, kísilsýruríkt (ljósleitt) storkuberg, dulkornótt eða smákornótt.
- ljá, -r** KV teigur með nýslegnu heyi.
- loðdýrabú, -s, -** H búskapur með dýr (t.d. minka eða refi) með verðmætan feld (ÁB)
- loðnubræðsla** (EF FT **-bræðslna**) KV verksmiðja þar sem loðna er brædd
- loðnuverksmiðja** (EF FT **-smiðja**) KV verksmiðja sem vinnur úr loðnu, loðnubræðsla [ÁB].
- lón, -s, -** H 1 lygna í á, fljóti, hylur. 2 uppistaða, sjór innan landrifs.
- lópysja, -u, -ur** KV efsta lag í mómýri, glypjulegt torf.
- lurkamór** K mór með lurkum [HJ].
- lygna, -u, -ur** KV kyrrt vatn; straumlygn hylur í vatnsfalli.
- lyngheiði, -ar, -ar** KV lyngi vaxin heiði.

lystigarður K skemmtigarður, almenningsgarður.
lægð, -ar, -ir KV laut, dæld, slakki.
lækur, -jar, -ir (PGF **læk**) K lítið vatnsfall.
læma, -u, -ur (EF **læmna**) KV (sjaldg.) laut, dokk, grunnt nær rennslislaust vatnsfall; læna.
læmi, -is, - H smálækur, grunnt vatn, læna.
læna, -u, -ur KV **1** skjólgóður staður; laut, lægð. **2** lítill lækur, sytra; síki; kvísl úr vatnsfalli.
læningur K (form.) straumlítið vatnsrennslí, lón.
lögbyli H bújörð (í sjálfseignar- eða leiguábúð) utan skipulagssvæða, kaupúna eða kaupstaða.
lögg, laggar (löggar), laggir (löggir) KV lægð, lág: lögg milli áss og fjalls.
lögregla KV miðstöð löggæslu [ÁB].
lögsagnarumdæmi, -is, - H svæði er vald tiltekins héraðsdóms nær til, þinghá.
lögur, lagar, legir K vatn, haf: á láði og legi.
löss, lassar (PGF **löss**) KV eða H (K) ÓB lin, smákornt bergtegund mynduð við áfok.
malarás, -s, -ar (PGF **-ási**) K aflöng malarhæð; sand- og malarhryggur sem jökulvatn hefur sett af sér í farvegi undir jöklinum og verður eftir þegar jökullinn bráðnar.
malargryfja KV gryfja sem mól er tekin úr (til ofaniburðar í vegi).
malarhjallur, -s, -ar (PGF **-hjalli**) K flöt malarupphleðsla með brattri framlínu mynduð í sjó eða vatni.
malarkambur K malarhryggur (einkum við sjó); jarðlagamyndun hafs við flæðarmál.
malarkampur (PGF **-kampi**) K malarkambur.
malarnám H staður þar sem mól er tekin (t.d. til vegagerðar og bygginga)
malarnáma, -u, -ur (EF **-námna**) KV malartökustaður [ÁB].
mannvirki H eitthvað gert af manna höndum, einkum meiri háttar byggingar jarðfastar (t.d. hús, brú, virkjun).
mar, -ar (PGF **mar**) K sjór.
marbakki, -a, -ar K **1** sjávarbakki. **2** brattur hjalli úr mól eða sandi, myndaður undir vatnsborði meðfram strönd sjávar eða stöðuvatns.
mark, -s, mörk H **1** einkenni, merki; tákn sem sýnir eiganda eða umráðanda einhvers. **2** FT mörk, landamerki: hreppa- og sýslumörk.
mastur, -urs, möstur H mjög há stöng eða grindaturn, t.d. fyrir útvarps- eða loftskeytasendingar.
megineldstöð KV eldfjall með staðbundinni gosvirkni í langan tíma, fjölbreyttum gosefnum og oft öskjum og háhitasvæði.
meginhaf H aðalhaf, úthaf.
meginland H stórt landsvæði þar sem jarðskorpan undir er þykk og gerð úr léttum kísilsýruríkum bergtegundum.
melaborg KV melbarð með smávegis grastorfu á, melhubbur.
melabót KV blettur vaxinn melgresi.
melabuska KV rofalýja.
melahryggur, -jar, -ir (PGF **-hrygg**) K kambur, ás með melum [ÁB].
melakollur (PGF **-kolti**) K þúfa vaxin melgresi, melhubbur.
melarönd, -randar, -rendur eða **-randir** KV steinarönd sem myndast í halla gróðurvana lands, þegar smásteinar mjakast til við frostþenslu eða skríða í elgnum í fyrstu þíðum [ÞE].
melatíglar K FT frostflokkað grjót í melum í tíglamyndað mynstur [ÞE].

melbakki K **1** hlið melbarði. **2** (staðb.) melvaxinn bakki.

melbarð H barð í hæð, mel.

melborg KV hóll vaxinn melgresi, melhnubbur.

melhnaus (ÞGF **-hnaus**) K melhnubbur.

melhnubbur (ÞGF **-hnubb(i)**) K þúfa vaxin og mynduð af melgrasi og sandi sem hefur sest í rætur þess, melborg.

melhóll (ÞGF **-hól**) K holt með aurbornum smágrýttum jarðvegi.

melkollur, -s, -ar (ÞGF **-koll**) K efsti hluti, efsta bunga mels.

mell, -s, -ar K (staðb.) melur.

mella, -u, -ur KV **1** (staðb.) sprunga í jörðu. **2** fyrsta torfa úr flagi.

melland H land vaxið melgresi.

melur, -s, -ar (ÞGF **mel**) K svæði þakið mól eða smásteinum, hæð, hóll.

mið, -s, - H **1** merki, sjómerki (á landi), staður, fjall eða annað sem sjómenn nota til að miða eða marka af hvar þeir eru staddir. **2** fiskimið, staður úti á sjó þar sem fiskur er veiddur, miðað við kennileiti á landi.

miðbæjarsvæði H miðsvæði sem getur tekið yfir meira en eitt bæjar- eða borgarhverfi og hefur gildi fyrir allan bæinn [OOS].

miðbær K **1** miðhluti, miðbik bæjar, borgar. **2** sá bær (t.d. af þrem) sem stendur í miðið.

miðhverfi H miðsvæði sem tekur venjulega yfir eitt bæjarhverfi eða minna. Hefur aðallega gildi fyrir einn bæjarhluta, en stundum fleiri [OOS].

miðlunarlón H uppistöðulón, lón sem geymir vatn til að jafna rennsli til virkjunar [ÁB].

miðsvæði H **1** svæði í (um) miðju. **2** svæði þar sem verslun, stofnanir og þjónustustarfsemi safnast einkum saman og eru nefnd mismunandi nöfnum eftir stærð og hlutverki: miðbær, miðbæjarsvæði, miðhverfi, hverfismiðstöð, verslunarmiðstöð [OOS].

minjaskrá, -r eða -ar, -r (EF **-skráa**) KV skrá um fornminjar, gamla hluti, gamlar byggingar eða annað sem ástæða þykir til að varðveita (ekki alltaf tengt friðlýsingu) [AB].

minkabú H loðdýrabú [ÁB].

minnismerki H minnisvarði.

minnisvarði K **1** mannvirki, stytta eða því um líkt, reist til minningar um mikilmenni eða merkan atburð [ÁB]. **2** hvers kyns mannvirki sem minnir á menningarskeið eða sögulegt tímabil [ÁB].

misgengi H höggun, afstöðubreyting bergspildna um sprungu eða skriðflöt.

mislægi H hallamunur milli jarðlaga þar sem mætast jarðlög með innbyrðis ólíkum halla.

molaberg H berg, til orðið úr mylsnu annars bergs, lífrænna leifa eða gosefna.

modal, -ar, -ir KV jarðvegur, jarðvegsefni.

modalflag H grassvarðarlaust stykki í modaljarðvegi.

modalgata, -götu, -ur (EF **-gatna**) KV gata með moldaryfirborði en engum ofaníbörði né slitlagi.

modaljörð KV moldborinn jarðvegur.

modalarkofi K hús með modalveggjum og torfþaki.

morvatn H gruggugt vatn, jökulvatn.

mosató KV mosavaxinn smáblettur (ef til vill fáir cm í þvermál), einkum á gróðurleysu.

mosaþemba KV (bungumyndaður) mosafláki, mosaflesja.

mosaþúfa, -u, -ur (EF **-þúfna**) KV þúfa hulin mosa, þúfa mynduð af mosa.

mosi, -a, -ar K f FT mosar mosaþembur, landsvæði vaxið mosa.

móabarð H móbarð.

móabrysti, -is H (staðb.) algróinn móabali.

móakamrar K FT (staðb.) kamrabyfi.
móamýri KV land nokkru þurrlandara en mýri.
móaþúfa (EF **-þúfna**) KV þúfa vaxin lyngi eða snöggu, hörðu grasi.
móbarð H barð vaxið snöggu grasi eða lyngi.
móberg H molaberg myndað við eldgos, að mestu úr ummynduðu basaltgleri, brúnu að lit. Móbergsmyndunin er þykk og víðáttumikil jarðmyndun á Íslandi, hlaðin upp á ísöld, að miklu leyti úr móbergi.
módes, -jar, -jar KV (staðb.) stór móhraukur.
móð, -ar KV móður, ísbrún.
móða, -u, -ur KV 1 fljót, mikið en straumlítið vatnsfall. 2 (fornm.) leðja, aur.
móðskafli, -s, -ar (ÞGF **-skafli**) K snjóskafli meðfram á, læk eða fjörumáli.
móður, -s, -ar (ÞGF **móð**) K (hol) ísbrún meðfram á, læk, (klaka)hrönn eða snjóskafli í fjörumáli: fjörumóður, ármóður, móðskafli: (staðb.) meyrnt lag eða krap ofan á svelli; (staðb.) leirlag á grasi eftir flóð í á.
móflaga KV mósneið, sneið af móhnaus eða mókökk.
mógrjót H steinar úr móbergi.
mógröf KV gröf sem myndast við móstungu, gröf sem mór er stunginn í.
móhella KV hörðnuð fokmold, hart leirkennt lag (djúpt) í jörðu (t.d. í mógröfum).
móhlaði K móstæða, móhraukur.
móhnaus K mókökkur stunginn úr mógröf (síðan klofinn í flögur).
móhraukur (ÞGF **-hrauki**) K mór (svörður), hlaðinn upp í hrauk (til geymslu).
mói, -a, -ar K mór, mólendi.
mókista, -u, -ur (EF **-kistna**) KV 1 stór móhlaði. 2 mógröf tekin úr stærra mósvæði sem undirbúið hefur verið til mótekju með því að hreinsa jarðlag ofan af.
móklöpp KV klöpp úr móbergi.
mókol H FT brúnleit kol, minna ummynduð og hitaminni við brennslu en steinkol.
mólendi, -is, - H fremur ófrjótt (þýft) þurrlandi.
mómýlsna KV smáir mómolar, smámullinn mór.
mómýri KV 1 land nokkru þurrlandara en mýri. 2 mýri full af mó eða hentug til móvinnslu [FS].
mópysja KV lélegur, torfkenndur mór.
mór, mós, móar (ÞGF **mó**, í bæjarn. þó **Mói**) K 1 (norðl.) mói, mólendi, þýft, þurrt landsvæði með sérstökum gróðri. 2 jarðlag (undir grassverði) úr jurtaleifum myndað á votlendi, notað til eldsneytis, svörður: mógröf, fjörumór.
mórena, -u, -ur KV jökulruðningur.
mórilla, -u, -ur KV (staðb.) 1 skolbrúnn litur (t.d. í sjó eða vatnsfalli). 2 skolbrúnt vatnsfall.
mórylla, -u, -ur KV mórilla
múgi, -a, -ar K 1 hrúga. 2 garður úr slegnu grasi, sem myndast milli tveggja skára.
múli, -a, -ar K hár fjallsrani fram úr öðrum fjöllum.
myldi, -is H gróður mold; jarðefni af lífrænum uppruna, það er smágerðar, rotnaðar eða rotnandi leifar plantna og dýra [Ob].
mynni, -is, - H ós: ármynni, lækjarmynni: fremra op: mynni dals, fjarðarmynni, fjarðarkjaftur.
mýrafláki, -a, -ar K víðáttumikil mýri, mýrlent landsvæði.
mýrarauði K 1 rauði, járnbrá á mýravatni. 2 afbrigði af brúnjárnsteini, oftast frauðkenndur og óhreinn, myndast undir jarðvegi (fyrrum notaður til járnvinnslu).
mýrarfen, -s, - (EF FT **fenja**) H foræði, fúadý [ÁB].
mýrarkeis KV (fornm.) ófærudý, fen.
mýrarsund, -s, - H mýrarlægð milli hæða.
mýri, -ar, -ar KV votlendi, deiglendi, rakt (og flatt) landsvæði (oft með keldum).

mýrlendi, -is H votlendi, rakt landsvæði.

möl, malar, malir KV **1** smáir steinar, smátt lausagrjót. **2** FT malir landsvæði þakið möl [FS].

möndluberg H basalt, upphaflega blöðrótt, en blöðrur þess hafa fyllst ljósum aðkomuefnum.

mörk, markar eða merkur, merkur KV **1** skógur. **2** víðavangur.

nabbi, -a, -ar K (stein)nibba, smáþúfa.

naggur, -s, -ar K **1** lítill klettur með hvössum brúnum. **2** klettadrangi neðansjávar [HJ].

napi, -a, -ar K (staðb.) efsti tindur á fjalli.

nasi, -a, -ar K (staðb.) grasi vaxinn tangi, oddi.

naust, -s, -H, -ar, -ir KV skipa-, bátaskýli (oft þaklaust).

nál, -ar, -ar KV **1** gras sem er að byrja að koma upp. **2** (staðb.) mjótt sund milli skerja og lands [HJ].

náma, -u, -ur KV svæði þar sem (verðmæt) efni eru tekin úr jörðu.

námur, -s, -ar K (fornm.) náma: Námshraun.

nátthagi, -a, -ar K girt grasi vaxið svæði sem búpeningur var hafður í um nætur.

náttúruverndarsvæði H svæði þar sem ákveðið hefur verið að ósnortin náttúra skuli ríkja [OOS].

náttúruvætti H friðlýstur staður (t.d. gígur, hver, foss) eða annað í náttúrunni sem nýtur sérstakrar náttúruverndar og ekki má hrófla við eða breyta.

nef, -s, -H klettasnös.

nes, -s, -H tiltölulega mjótt (og lágt) landsvæði sem gengur út í sjó, vatn eða fram milli vatnsfalla.

neyðarskýli H lítið hús við strönd eða í óbyggðum ætlað skipbrotsmönnum og ferðamönnum í neyð. Skýlin eru búin fjarskiptabúnaði og allflest á vegum Slysavarnarfélags Íslands [ÁB].

nibba, -u, -ur KV nabbi, eitthvað hvasst sem stendur upp úr eða út úr einhverju: steinnibba; hvöss fjallsöxl.

niðurfall, -s, -föll H **1** jarðfall, sigið landsvæði. **2** svelgur.

nípa, -u, -ur (EF **nípna**) KV gnípa, hvasst kletta-, fjallsnef.

núnatakkur, -s, -ar (ÞGF **-takki**) K jökulsker.

núpur, -s, -ar (ÞGF **núpi**) K gnúpur, bratt fjall, sem gengur stakt fram úr eða upp úr fjallaklasa eða hálendu landsvæði.

nybba, -u, -ur KV nibba.

nýgræða, -u, -ur (EF **-græðna**) KV nýgróið land.

nýrækt, -ar, -ir KV nýlega ræktað landsvæði, land sem verið er að rækta.

nöf, nafar, nafir KV klettasnös, bjargbrún.

oddi, -a, -ar K tangi, lág og mjó landtunga sem gengur fram milli áa, lækja eða út í sjó eða vatn.

ofanburður (ÞGF **-burði**) K grjóthrun og framburður úr gili.

ofanfall H grjóthrun, skriða [HJ].

ofanhrun H skriða [HJ].

olíuleiðsla, -u, -ur (EF **-leiðslna**) KV útbúnaður sem flytur olú [ÁB].

op, -s, -H gat, gap, skarð, hola.

opna, -u, -ur KV **1** stór tjörn. **2** staður þar sem sjá má eitt eða fleiri jarðlög sem að öðru leyti eru hulin jarðefni eða gróðri [Ob].

orkuver H stöð sem framleiðir orku: raforkuver, kjarnorkuver.

orlofsbústaður (ÞGF **-stað**) K orlofsheimili [ÁB].

orlofsheimili H dvalarheimili fyrir fólk í orlofi.

óbrennihóll K hóll sem hraunkvika hefur ekki runnið yfir, oftast umluktur hrauni [ÁB].

óbrennishólmi K blettur sem hraunkvika hefur ekki runnið yfir, oftast umluktur hrauni [ÁB].

óbrinnishólmi K óbrennishólmi [ÁB].

óbyggð KV óbyggt land, (einkum) hálendi, öræfi.

ófaera KV ófær vegarkafli, staður (t.d. sjávarhamrar, dý, kviksyndi) sem torvelt eða ókleift er að komast yfir; andstætt við faera.

ójafna, -u, -ur KV misjafna, arða; smáhæð.

ós, -s, -ar (ÞGF ósi) K **1** mynni, ármynni, staður þar sem á fellur til sjávar, út í vatn o.s.frv. **2** (fornm.) uppspretta, upptök: á skal að ósi stemma 1) stífla, hefta skal ána við upptökin, 2) til að koma í veg fyrir eitthvað, verður að finna upptök þess. **3** (staðb.) lón innan við sjávarkamba þar sem vatn fellur til sjávar. **4** (staðb.) vatnsfall sem fellur stutta leið til sjávar.

óseyrarsléttu, -u, -ur (EF -sléttu) KV samfelld sléttlendi, venjulega með mörgum árkvísulum, sem hefur myndast við það að óseyrarsvæði hefur smám saman þakist árseti og orðið að ársléttu [Ob].

óseyri KV eyri við ós, uppfylling úr lagskiptri mól, sandi og leir í sjó eða stöðuvatni við ósa vatnsfalls sem hleðst upp undir vatnsborðinu og ofan þess.

óshólmi K óseyri (oft gróin).

paldra, pöldru, pöldur KV, **paldri, -a, -ar K, paldur, -urs, -rar** K (staðb.) **1** hjalli. **2** (einkum FT) smáþúfur, örður; svæði; götturoðningar, bakkar milli reiðgatna; graslausir blettir milli þúfna; pallar, stallar, þrep í brekkum; dreifðir pyttir í mýrlendi.

partur, -s, -ar (ÞGF parti) K slægjuland sem skipt hefur verið milli ábúenda eða jarða [HJ].

perlusteinn K biksteinn, líparítgler með svo mikið vatn bundið í sér að það breytist í froðu við upphitun.

péturmold, -ar, -ir KV barnamold, leir- og kísilblönduð mold, kísilgúr.

pollur, -s, -ar (ÞGF polli) K **1** dæld með vatni í, smátjörn: vatnspollur, forarpollur.

2 haf, sjór: fara yfir pollinn. **3** vik inn í strönd tengt sundi.

pósthús H hús þar sem afgreiðsla pósts fer fram.

pysja, -u, -ur KV efsta lag mós, kalmór, mór laus í sér: lópysja; seig vatnsmikil mýri; mosapemba.

pyttur, -s, -ir (ÞGF pytti) K djúp hola með vatni, þröngur hylur.

pæla, -u, -ur KV pæld jörð, sundurstungin, án grassvarðar; lægð sem verður þar sem torf (eða kekkir) hefur verið tekið; mýri.

raðhús H hús sem stendur í röð sambyggðra einbýlishúsa.

raflína KV leiðsla, ætluð til að flytja rafmagn.

randi, -a, -ar K autt barð eða rimi sem kemur undan snjó.

rangali, -a, -ar K langur, þröngur (krókóttur) gangur, afkimi, ranghali.

ranghali K rangali.

rani, -a, -ar K fjallsnöf, hryggur sem gengur fram undan fjalli; tunga, nes (sem gengur t.d. fram að ármótum).

rauðamöl KV rautt hraungjall, aðalefni margra gíghóla á Íslandi.

rauðakúla KV eldvarp, kerhóll [ÁB].

rauf, -ar, -ar KV **1** op, gat. **2** rifa, glufa.

ráðhús H skrifstofu- og fundarhús borgar-, (bæjar-) stjórnar.

rák, -ar, -ir KV **1** rönd. **2** æð (í tré, steini). **3** skora, mjó sylla (í klettum eða bjargi).

rás, -ar, -ir KV **1** rennsli: rás fljótsins. **2** renna, grunnur skurður eða farvegur; skora gerð í jarðveg fyrir sáningu; (staðb.) gata milli beða (desa) í (kartöflu)garði.

refabú H loðdýrabú.

reiðgata, -götu, -götur (EF -gatna) KV reiðfær vegur, gata troðin af hestshófum.

reiðvegur (ÞGF **-vegi**) K reiðgata [AB].

rein, -ar, -ar KV mjó ræma (lands).

reitur, -s, -ir (eða **-ar**) (ÞGF reit) K **1** afmarkað svæði til sérstakra nota: fiskreitur, grafreitur. **2** beð í garði.

rekafjara KV fjara eða flæðarmál þar sem reki er.

rekajörð KV jörð sem hefur reka þar sem reki er.

rekamark H mark milli rekafjoru tveggja eigenda.

reki, -a, -ar K rekafjara.

rekís K hafís á reki.

renna, -u, -ur KV rás, straumur.

rétt, -ar, -ir (EF **rétta**) KV allstórt (hlaðið eða steyp) gerði, oft með hólfum: fjárrétt, hestarétt.

rið, -s, - H **1** hrygningarsvæði fiska; staður þar sem (sum) sjávarspendýr fæða unga sína. **2** þrep, stallur (t.d. í hömrum).

rif, -s, - H ílöng sandeyri í vatni, grynningar í sjó; garður úr kóralskeljum: kóralrif.

rifa, -u, -ur (EF **rifna**) KV ílangt gat; sprunga, glufa.

rifgarður K aflangur og mjór klettaröðull.

rimi, -a, -ar K landræma, helst (grasi vaxin og) hærri en umhverfið: rimi í mýri; lágur og langur ás; jaðar.

rindi, -a, -ar K **1** grasgeiri (í fjallshlíð). **2** landrimi eða lágur hryggur í mýrlendi; barð eða rimi sem stendur upp úr snjó.

ris, -s, - H landspilda, umkringd sprungu, hefur hækkað miðað við landið í kring (handan sprungunnar).

rispa, -u, -ur (EF **rispna**) KV rák, grunn skora.

rip, -ur, -ur KV klettur, klettasnös.

ripur, -s, -ar K klettur, klettasnös; grasrönd, rimi, fit.

rjóður, -urs, - H autt svæði í skógi, grasblettur í kjarri; sleginn (eða bitinn) blettur.

rof, -s, - H **1** staður þar sem grassvörður og hluti jarðvegsins hefur fokið: rofbakki. **2** gröftur, slit bergs og jarðlaga af völdum jökuls, sjávar, vatna og vinda og brottflutningur bergmylsnunnar. **3** ruðningur, jarðvegslög ofan á mó í mógröf. **4** (staðb.) rofmór, mór sem hefur legið úti og frosið.

rofabakki K rofbakki.

rofalýja KV plöntu- og rötartrefjar í rofi, melabuska, bakkalýja.

rofbakki K torfa, jarðvegsspilda eða -brún þar sem vindur eða vatn hefur sorfið jarðveginn niður fyrir grassvörð svo að sér í sárið, en grasrót er enn uppi á bakkanum.

rofbarð, -s, -börð H vindsorfið moldarbarð [AB].

rofdalur (ÞGF **-dal**) K grafinn dalur.

rofflötur, -fleti, -flatar K yfirborð lands eða bergs sem hefur orðið fyrir rofi

rofmór K kalmór; lélegur mór.

rofmörk H FT **1** dýptarmörk rofs. **2** takmörk sem því eru sett á hverjum stað, hve rof getur lækkað yfirborð lands mikið [Ob].

rofslétta, -u, -ur (EF **-sléttna**) KV slétta mynduð við vatns- eða vindrof

roksandur, -s, -ar (ÞGF **-sandi**) K foksandur, sandur, sem hefur rokið fyrir vindi.

rot, -s, - H (staðb.) **1** fúablettur í mýri. **2** lygnt, djúpt síki með gróðri í. **3** (einkum FT) landblettur með rytjulegum gróðri.

rota, -u, -ur KV fúinn, graslaus blettur.

rófa, -u, -ur (EF **rófna**) KV eitthvað svipað skotti að lögun; aflangt engjastykki.

rót, -ar, rætur KV **1** neðsti hluti einhvers: fjallsrætur. **2** mót grass og jarðvegs: túnið er sendið í rót.

rótafjall H rótarfjall.

rótarfjall H **1** fjall sem stendur við rætur annars stærra fjalls. **2** fjalllendi þar sem hvannarót vex.

rótarjökull K jökulbreiða mynduð af mörgum daljökum jafnvel allt niður á láglandi.

ruðningur, -s (ÞGF **ruðningi**) K **1** ruðning, það að ryðja: áin er í ruðningi. **2** dyngjur sem myndast við gröft. **3** afrof, eða ofanafstunga í mógröf.

rúst, -ar, -ir KV **1** hrunin bygging, roftóft, leifar af föllnu húsi. **2** stór þúfa, lágur bunguvaxinn mýrarhóll með sífrera (í flám): rústamyndun. **3** (staðb.) hlaðvarpi, blettur framan við hús.

ræktarland H ræktað land.

ræktun, -ar, -anir KV rækt, yrking: ræktunarlóð lóð til ræktunar.

ræsi, -is, - H **1** skurður, stokkur sem vatni eða skólpi er veitt eftir: göturæsi, ræsi undir veg. **2** skor, skora.

röð, raðar, raðir KV **1** brún, rönd, kantur. **2** (samfelld) röð jökulgarða: Búðaröðin [FS].

röðull, -uls, -lar K **1** fjallsbrún, hæðarhryggur, fjallsöxl. **2** melalda með gildrögum beggja vegna. **3** hamar, klettur.

rönd, randar, rendur eða **randir** KV **1** brún, barmur, þröm, röð, jaðar. **2** aurrák á jökli samsíða skriðstefnu hans, venjulega frá skeri úr jöklinum fram á brún hans.

röst, rastar, rastir KV **1** straumröst, iða, iðukast, iðustraumur. **2** freyðandi rák á sjó; hryggur, garður, hrönn; upphleypt rák (t.d. á yfirborði einhvers). **3** sjór. **4** (úrelt mál) breiddar- eða lengdarstig. **5** lengdarmál, mislangt á mismunandi tímum.

safn, -s, söfn H stofnun þar sem safngripir eru geymdir: bókasafn, þjóðminjasafn.

safnahús H hús sem söfn (t.d. sýningarsalir og geymslur) eru í.

safnbraut KV ein af helstu umferðargötunum innan hvers hverfis. Umferð sem á uppruna sinn í húsagötum hverfisins, safnast saman á safnbrautum og þar gefst henni færi á að komast út á tengibrautir og stofnbrautir, og gagnkvæmt [OOS].

safnhús H **1** bygging fyrir safn. **2** haughús, hús sem kúamykju er safnað í til áburðar.

sakka, sökku, sökkur (EF **sakkna**) KV forbleytumýri [FS].

sambýlishús H íbúðarhús sem í eru fleiri en ein íbúð [OOS].

samhverfa, -u, -ur (EF **-hverfna**) KV það að jarðlögum hallar saman. Andheiti: andhverfa [FS].

sandauðn KV eyðimörk, víðáttumikill sandur.

sandbleyta, -u, -ur (EF **-bleytna**) KV sandkvika, sandysja.

sandfláki K sendið flatt landsvæði [ÁB].

sandflesjur KV FT sandfletjur.

sandfletjur KV FT sandsléttur.

sandflúð KV flöt sandbreiða rétt undir vatnsborði (í sjó eða á) [ÁB].

sandfönn KV sandskafl, sanddyngja.

sandgígur (ÞGF **-gíg**) K **1** sandhóll. **2** fjallsgil (hálf)fullt af sandi. **3** holur eða niðurföll í sandi, þar sem vatn vellur upp [FS].

sandhella, -u, -ur (EF **-hellna**) KV lítið eitt harðnaður sandur linari en sandsteinn.

sandhóll (ÞGF **-hól**) K smáhæð eða haugur af sandi.

sandkvika, (EF **-kvikna**) KV sandbleyta, blautur sandur sem menn og skepnur sökkva í, sandysja.

sandnám H staður þar sem sandur er tekinn (t.d. til bygginga); það að taka sand.

sandnáma, -u, -ur (EF **-námna**) KV sandtökustaður.

sandrif H **1** sandflúð, sandgrynning. **2** rif úti fyrir lónum, fjörðum [FS].

sandskafl, -s, -ar (PGF **-skafli**) K sandur sem fokið hefur í skafl [ÁB].

sandsteinn K sandlög (setberg) límd saman af aðkomuefnum úr jarðvatninu.

sandur, -s, -ar (PGF **sandi**) K **1** smá korn er kvarnast hafa úr möl og bergi (efnis- og safnheiti); sandsvæði, sandauðn, sandflesjur. **2** eldfjallaaska.

sandyrja, -u, -ur KV sandbleyta.

sandysja, -u, -ur KV sandbleyta.

sandæta, -u, -ur (EF FT **-ætna**) KV (staðb.) skorningur í (sendnum) jarðvegi.

saur, -s, -ar K (staðb.) sori í vötnum.

sáðakur K plægt land er sáð hefur verið í [ÁB].

sáðjörð KV akurlendi, sáðland, sáðakur.

sáðland H land er sáð hefur verið í, sáinn akur.

sel, -s, - (EF FT **selja**) H útihús í högum langt frá bæjum þar sem búfenaður er látinn ganga á sumrin.

selalátur, -urs, - H staður þar sem selir liggja og kæpa, sellátur.

selhöfn KV (formn.) beitarland sem tilheyrir seli.

selland H land þar sem haft er í seli.

sellátur H selalátur.

set, -s, - H það að setjast til, falla til botns, einkum úr vatni; berg eða laust jarðlag myndað úr mylsnu eða upplausn sem hefur sest til.

setberg H harðnað set.

setlag, -s, -lög H jarðlag úr seti [Ob].

seyl, -ar, -ar (EF **seyla**) KV mikið vætusvæði í mýri; grasi vaxin vatnsrás í votlendi, mýrarlæna, votlend grasræma milli holta.

seyla, -u, -ur (EF **seylna**) KV **1** deigla í jörð, kelda, mýri, fen; (votlend) graslaut. **2** vík þar sem sandkvikur eru um fjöru.

seyra, -u, -ur (EF **seyrna**) KV kelda, dý; smálækur, sytra, seytla.

seytla, -u, -ur (EF **seytlna**) KV smálækur, seyra, sytra.

sig, -s, - H staður sá í bjargi sem sigið er í.

sigalda KV (staðb.) hryggur eða alda í landslagi (t.d. þar sem skriðul jarðvegstorfa í hallandi mýri mætir viðspyrnu í grunninum).

sigdalur, -s, -ir K sigdæld.

sigdæld KV jarðspilda sem hefur sigið milli tveggja brotalína.

sina, -u, -ur KV dautt gras frá fyrra ári, visnað gras.

síða, -u, -ur (EF **síðna**) KV **1** strandlengja: sjávarsíða. **2** hérað meðfram fjalli eða fjallgarði: fjallssíða; SÉRNAFN Síða 1) sveit í Vestur-Skaftafellssýslu, 2) (formn.) meginhluti Skaftafellssýslna.

sífreri K klaki í jörðu árið um kring.

síki, -is, - H **1** kíll, aflangur uppistöðupollur. **2** skurður. **3** (lítill) lækur sem rennur á sandi.

4 árlæna, straumlygn kvísl í á eða fljóti.

síldarbræðsla, -u, -ur (EF **-bræðslna**) KV verksmiðja þar sem síld er brædd.

síldarverksmiðja KV verksmiðja sem vinnur úr síld, síldarbræðsla.

sími, -a, -ar K talsími (ritsími), símaáhold.

símstöð KV afgreiðslustaður fyrir símtöl (símskeyti).

sjár, sjávar K sjór.

sjávarbakki K marbakki; (brattur) bakki við sjó.

sjávarborð H yfirborð sjávar.

sjávarfall H (einkum FT sjávarföll) straumur í sjó í tengslum við flóð og fjöru; útfall og aðfall.

sjávarflötur (ÞGF -fleti) K yfirborð sjávar.

sjávargata, -götu, -götur (EF gatna) KV gata sem liggur að eða frá sjó.

sjávarhús H skemma við sjó, fyrir búnað fiskibáts (árar, reiða o.s.frv.) og afla

sjávarjörð KV bújörð við sjó.

sjávarkambur K sand- eða malarhryggur við sjávarströnd.

sjávarkampur (ÞGF -kampi) K sjávarkambur.

sjávarmál H **1** þau mörk sem sjórinn nær á hæsta flóði. **2** flæðarmál. **3** meðalhæð sjávar.

sjávarpláss H kaupún við sjó, fiskimannabær. **sjávarrof** H rof af völdum sjávar.

sjávarset H setlag myndað í sjó.

sjávarsíða, -u, -ur (EF -síðna) KV strönd, byggðin við ströndina.

sjávarsker H flæðisker [ÁB].

sjávarströnd KV strönd við sjóinn.

sjávarþorp H þorp við sjávarsíðuna.

sjóarhús H skemma við sjó, þar sem sjávarafli er geymdur.

sjór, sjóar, (sjá(v)ar) eða **sjós, sjóir** K samfelld salt vatnsmagn er hylur mikinn hluta af yfirborði jarðar, haf, sær, sjár, mar, ægir.

sjúkrahús H spítali, stofnun þar sem sjúkir menn fá lækni meðferð og hjúkrun.

sjúkrahæli H hæli, vistheimili fyrir sjúka menn.

sjúkraskýli H (lítið) sjúkrahús, hús fyrir sjúklinga (einkum í sambandi við aðsetur héraðslæknis).

skafi, -s, -ar (ÞGF **skafli**) K samfokin fönn, sandur eða mold, hryggлага að ofan.

skagi, -a, -ar K (stórt) nes, langur höfði.

skalli, -a, -ar K graslaus blettur eða svæði; nakið land; (staðb.) bert svæði eða hjarn þar sem fé var gefið hey úti að vetri til.

skarð, -s, skörð H vik, rifa; lægð eða geil ofan í fjallshrygg, bil eða lægð milli fjallshnúka eða (há) fjalla: fjallaskarð.

skari, -a K hálfrosinn snjór; hart efsta lag snjós; krapastingull í ám eða vötnum, frost- eða ísskán í tjörn, ísskán á læk eða polli.

skák, -ar, -ir KV reitur: engjaskák.

skál, -ar, -ar eða **-ir** KV dæld í jörðina, hvilft (t.d. í fjallshlíð).

skálarjökull K hvilftarjökull, smájökull nálægt snælinu í hvilft eða skál í fjalli

skáli, -a, -ar K kofi, (allstórt) skýli, skemma, lítið hús: ferðamannaskáli, fjallaskáli; bráðabirgðahús: herskáli.

skári, -a, -ar K **1** ræma slegin með orfi þannig að sláttumaður gengur fyrst beint áfram nokkurn spöl og slær (fyrrri hálfskári), snýr svo við og slær á móti þeim ljáförum (síðari hálfskári), þannig að slegna heyið liggur í hrygg (ljámúga) eftir miðjum skáranum eða maðurinn gengur til baka meðfram óslægjunni og slær skárann alltaf í sömu átt; hálfskári. **2** sárið á óslægjunni. **3** straumlaga gárar eða aurlag í skriðjökli (upphaflega gosaska eða árstíðabundið áfok, kemur fram við leysingu).

skeið, -ar, -ar eða **-ir** KV hjalli, hilla í fjalli eða bergi.

skeið, -s, - H skeiðvöllur; sléttlendi: sandskeið.

skeiðflötur K sléttur völlum, hlaupabraut.

skeiðgata KV gata þar sem hægt er að hleypa hesti á skeið.

skeiðvöllur K hlaupabraut; kappreiðabraut.

skemma, -u -ur KV geymsluhýsi, oftast sérstök bygging.
sker, -s, - (EF FT **skerja**) H **1** klettur, klöpp í eða rétt undir sjávarborði. **2** (staðb.) grjóthruða, grasi vaxin sandþúfa; hraunstrýta, stakur klettur inni í landi eða á jökli.
skerðing, -ar, -ar KV (einkum í FT) götuslóði í hlíð eða brekku.
skerjabálkur (ÞGF **-bálki**) K skerjagarður.
skerjabrún KV (staðb.) fjallsbrún með stökum klettum.
skerjagarður (ÞGF **-garði**) K röð af skerjum fyrir ströndinni.
skerjagrunn H grunn með mikið af skerjum á [HJ].
skermsl H FT grýtt (og ógróið) land, hagleysi, hörsl, skersl.
skernaggur K lítið sker.
skersl H FT skersli, grýtt (gróðurlaust) land, skermsl.
skersli H FT skersl.
skessuketill, -ils, katlar (ÞGF **-katli**) K hola í berg, mynduð við núning steinhnullunga sem þyrlast í hringiðu.
skessuskítur K **1** þéttur, ljósleitur leir (t.d. milli mólaga). **2** deiglumór[HJ].
skiki, -a, -ar K landræma, lítill blettur, sneið, skækill.
skiksi, -a, -ar K smáskiki, horn, lítill skækill, snepill.
skilarétt KV rétt þegar fé eða hrossum er réttað eftir (aðra og) þriðju aðalleit, (önnur og) þriðja rétt.
skipaleg H skipalega.
skipalega KV skipalægi.
skipalægi H staður til að láta skip liggja fyrir akkeri eða bíða á.
skipsflak H flak af skipi.
skíðabraut KV braut gerð eða mörkuð í snjó til skíðakeppni.
skíðabrekka, -u, -ur (EF **-brekkna**) KV brekka vel fallin til að renna sér á skíðum.
skíðalyfta, -u, -ur (EF **-lyftna**) KV lyfta til að flytja skíðafólk upp skíðabrekku [ÁB].
skíðaskáli K hús ætlað til afnota fyrir skíðamenn.
skíðasvæði H landsvæði þar sem skíðaþrótt er iðkuð [ÁB].
skjólbelti H gróðurbelti (tré eða kjarr) ræktað til skjóls öðrum gróðri.
skjólgarður K garður til skjóls, hlífðarveggur, t.d. gegn vindi, særoki, sandfoki.
skor, -ar, -ir (fornm. **-ar**) KV klettaskora, vik inn í kletta.
skora, -u, -ur KV skor, vik, laut, lág, skorningur.
skorningur, -s, -ar (ÞGF **skorningi**) K mjó laut, lág, þröngur farvegur: lækjarskorningur; bifuskorningur, mjó lág á milli tveggja þúfna.
skotbyrgi H veiðiskýli, byrgi til að skjóta frá.
skothús H **1** veiðimannahús; bygging á skotbakka. **2** hlaðið byrgi [HJ].
skógarbelti H víðáttumikið (aflangt) skógarsvæði; skjólbelti myndað af trjágróðri.
skógardrög H FT kjarr, lágvaxinn eða gisinn skógur.
skógarklettur (ÞGF **-kletti**) K skógi vaxin hæð, með klettum efst.
skógarrjóður H rjóður, trjálaust svæði inni í skógi.
skógarufs KV (staðb.) skógi vaxin hlíð eða brekka.
skóglendi, -is H viði, skógi vaxið land.
skógur, -ar (eða **-s**), **-ar** (ÞGF **skógi**) K landsvæði vaxið trjám.
skólahús H hús notað til skólahalds.
skólaverkstæði H verkstæði sem skóli notar til verklegrar kennslu.
skóli, -a, -ar K **1** náms-, kennslustofnun. **2** hús undir slíka stofnun.
skrið, -s H krapí (ís) sem flýtur með straumi: það er skrið í ánni.
skriða, -u, -ur (EF **skriðna**) KV **1** brött (fjalls)hlíð (að mestu) þakin lausu grjóti. **2** FT skriður (staðb.) brött, grýtt fjallshlíð [ÁB]. **3** jarð(vegs)hrun.

skriðflötur K sléttur eða rákaður flötur í bergi sem sýnir að um hann hefur yfirlagið ýst fram yfir undirlagið.

skriðjökull K skriðandi jökull, einkum tota sem gengur fram úr meginjöklinum og liggur undir snælfínu.

skriðufall H skriðuhlaup.

skriðufótur, -ar, -fætur (PGF **-fæti**) K neðstu mörk skriðu sem hefur steypst fram úr fjalli [ÁB].

skriðuhlaup H jarðvegshrun, það að skriða fellur.

skriðuhraun H líparíthraun sem hefur ekist saman í urðarhóla.

skriðuvatn, -s, -vötn H stöðuvatn sem myndast þegar skriða stíflar dal.

skriðuvængur (PGF **-væng**) K aurkeila, giljadrúlda.

skrof, -s, H þunnt, hrönglkennt íslag ofan á þykkari ís; ís sem vatn er runnið undan.

skurður, -ar, -ir (PGF **skurði**) K grafin renna eða rás; skorningur, farvegur: skurðir eftir læki.

skúti, -a, -ar K skvompa, örgrunnur hellir, skýli er myndast af einhverju (t.d. kletti), sem slútir eða skagar fram.

skvompa, -u, -ur (EF **skvompna**) KV lág, laut: dalskvompa; hola, hvarf í vegi, gjóta; vatnsþyttur í jarðsigi.

skvompur, -s, -ar K (staðb.) skúti (í bjargi).

skýli, -is, - H skúr, hreysi, hús (sem ekki er búið í): verkamannaskýli; strætisvagnaskýli afdrep fyrir fólk á biðstöð strætisvagna.

skækill, -ils, -lar (PGF **skækli**) K **1** útjaðar túns eða engja. **2** eitthvað lítið: torfuskækill; lítið tún.

skæring, -ar, -ar KV vegarstæði þar sem jarðefni hafa verið fjarlægð og yfirborð lands skert [ÁB].

skör, skarar, skarir KV rönd, brún, kantur; ýmsar sérhæfðar merkingar: ísrönd (t.d. við vatnsbakka), jökulrönd. (staðb.) torfuskör graslaus sniðkantur torfu.

slakki, -a, -ar K lægð, dæld, skvompa, lág, hvilft (t.d. inn í fjallshlíð).

slark, -s, slörk H (staðb.) stuttur vatnsósa vegarkafli, hvarf í vegi; rótlítt mýrarblettur, kelda, torfæra.

slétta, -u, -ur (EF **sléttna**) KV **1** flöt, flatlendi. **2** sléttað landsvæði: túnslétta.

sléttlendi, -is H slétta, slétt land; láglandi.

slippur, -s, -ir (PGF **slipp**) K verkstæði til að gera við (smíða) skip í þurrkví.

slökk, -ar, -ir KV (staðb.) lægð, dæld.

slóð, -ar, -ir KV **1** (troðinn) stígur, slóði; vegur. **2** hérað, svæði, leið; land; sjór, skipaleið.

slóðgata KV götuslóði, stígur.

slóði, -a, -ar K sö, stígur: gönguslóði, götuslóði.

slý, -s H votengjasvæði með sérstökum gróðri.

slýja, -u, -ur KV þráðóttur leir [HJ].

slýjar KV FT (staðb.) mýrlendi, stargresisfen.

slægja, -u, -ur (EF **slægna**) KV **1** slegin en órókuð spilda, ljá, slegið gras. **2** óslegið land; grasið á óslegnu landi; slægjuland, engjar.

slægjuland, -s, -lönd H land, þar sem hægt er að slá.

slöður, -urs H slakki, lægð ofan í eitthvað: slöður í fjall(i).

smábátahöfn KV höfn sérstaklega ætluð smábátum [ÁB].

smiðjumór K **1** deigulmór, hvarfleir [HJ]. **2** mór notaður í smiðjuafli.

snagi, -a, -ar K nöf, klettahyrna.

snapagi K fremur magurt haglandi að vetrarlagi.

sneið(i)gata KV sniðgata, gata sem liggur skáhallt (upp brekku).

sneiðing, -ar, -ar KV **1** sniðgata. **2** halli, flár veggur.

sneiðingur, K sniðgata, skágata; Stutt tengibraut, t.d. frá einni akbraut upp á aðra sem liggur þvert á hana, rampi.

snidda, -u, -ur (EF **sniddna**) KV **1** (fremur) þunnur, ílangur (oft tígullaga) (torf)hnaus til að hlaða úr. **2** nibba, hvasst horn sem skagar fram úr einhverju. **3** FT **sniddur** snöp, snapir, litlir hagar.

sniðgata KV sneiðgata.

snjóalög H FT mikill snjór um allt, það er: hvarvetna mikill snjór.

snjódæld KV dæld sem snjó leysir seint úr [HJ].

snjófergja KV mikill snjór.

snjóflóð H snjóskriða, snjór sem fellur úr brattri hlíð (niður á jafnlendi).

snjólína KV snælína.

snjór, -s eða **-(v)ar, -(v)ar** K frosin vatnsgufa sem fellur til jarðar í hvítum, kristölluðum kornum: snjófönn, snjóskafli; snjólag á jörðu.

snjóskafli K snjófönn, helst öldu- eða bungulaga; snjóblettur þar sem snjólaust er í kring.

snjóskriða, -u, -ur (EF **-skriðna**) KV snjóhrun, snjóflóð [HJ].

snjóþilja KV snjólag á jörðu.

snoppa, -u, -ur (EF **snoppna**) KV grasblettur meðfram læk.

snorka, -u, -ur (EF **snorkna**) KV storka, eitthvað storkið (frosið), frosin snjóhúð.

snæhetta, -u, -ur (EF **-hettna**) KV fönn sem þekur fjallstind [ÁB].

snælína KV hæðarmörk á skriðjökli, sú hæðarlína þar sem snjóa leysir ekki ofan við og jökull myndast við meðalárshita.

snær, -s eða **-var** K snjór.

snöp, snapar, snapir KV, **snöp** H FT léleg beit þegar skepnur ná aðeins til jarðar á stöku stað, grastottar.

snös, snasar, snasir KV **1** klettaneff, nöf, þröm. **2** snöp, grastottar.

sog, -s, - H **1** afrás, afrennsli úr vatni eða úr einni á í aðra; djúp lækjarskora. **2** fall öldu frá og að ströndu: aðsog, útsog.

sorphaugur (ÞGF **-haugi**) K staður þar sem sorp er losað, oft brennt og urðað

sorta, -u, -ur (EF **sortna**) KV rotnaðar jurtaleafar úr mýrum, fyrrum notaðar til litunar (sbr. sortulyng).

sortaflói K fúamýri.

sókn, -ar, -ir KV umdæmi kirkju: kirkjusókn, sóknarkirkja.

spennistöð KV einn eða fleiri spennar með útbúnaði og tengingum við veitukerfi.

spilda (staðb. **spílda**), **-u, -ur** (EF **spildna**) KV landsvæði, skák lands; hluti úr slægjulandi, afmarkaður (aflangur) flötur: ísspilda; breiða, flekkur: mósspilda.

spítali, -a, -ar K, (formm.) **spítall, -s** K sjúkrahús.

sporðlón, -s, - H jökultunguvatn [ÞE].

sprengigígur (ÞGF **-gíg**) K kringlótt gosop myndað við sprengigos.

sprengigjá KV gjá sem sprengigos hefur orðið í.

sprungu, -u, -ur (EF **sprungna**) KV rifa, rauf, skora, rispa; skurður; gjá.

sprungusveimur, -s (VÞF **-sveimi**) K afmarkað kerfi af sprungum sem allar hafa svipaða stefnu.

sprungusvæði H þyrping sprungna á tilteknu svæði, t.d. jökli [ÁB].

spræna, -u, -ur KV vatnslítil á, smálækur.

spöng, spangar, FT **spengur eða spangir** KV mjó ísræma, t.d. á vatnsfalli, ísbrú.

stabbi, -a, -ar K **1** heykleggi í hlöðu eða heystæði. **2** stafli, eitthvað sem hlaðið er upp: fiskstabbi.

staði, -a, -ar K (formm.) stabbi, stakkur af heyi eða korni.

staður, -ar, -ir (ÞGF **stað**) K **1** (lítið) svæði með óákveðnum mörkum, blettur (stór eða smár). **2** höfuðból, prestssetur, biskupssetur.

stafn, -s, -ar K **1** fjarðarbotn. **2** dalbotn [FS].

stafur, -s, -ir K (staðb.) **1** landræma milli tveggja gilja í fjallshlíð. **2** brött brekka, einkum í örnefnum.

stakgrýti H (staðb.) staksteinar.

stakkgarður K (fornm.) heygarður.

stakkstæði, -s, - H fiskþurrkunarreit; sá hluti fiskreits þar sem fiskstakur stendur eða hefur staðið.

stakur, -s, -ar (ÞGF **stakk(i)**) K **1** klettur eða bjarg, flatt að ofan. **2** hlaði, eitthvað sem stakkað er: heystakur, fiskstakur.

staksteinar K FT stakir steinar, steinar sem skjóta upp kolli hér og þar.

stallasig, -s, - H lóðrétt misgengi um tvær eða fleiri samsíða sprungur, þannig að signi sprungubarmurinn er til sömu hliðar á þeim öllum.

stalli, -a, -ar K stallur, þrep, hjalli.

stallur, -s, -ar (ÞGF **stalli**) K þrep; sylla, klettarið; vik inn í eitthvað.

standberg H lóðréttur klettaveggur, bergstandur.

standgangur K berggangur.

standstapi K stakur klettur.

standur, -s, -ar (ÞGF **standi**) K drangur, stakur klettur á landi.

stapi, -a, -ar K **1** allhár, brattur (sjálfstæður) klettur (ýmist aflangur eða jafnhliða). **2** höfði (sem gengur í sjó fram); ávalt (hringlaga) móbergfell (með basalhellu). **3** (staðb.) stabbi.

stararflói K stararmýri.

stararmýri KV (votlend) mýri vaxin stór.

starengi H, **-engjar** KV FT engi vaxið stór.

starmýri KV mýri vaxin stór.

stál, -s, - H slétt, lóðrétt hlið einhvers, veggur: móstál stungin hlið mógrafar, mólag í mógröf, móhlaði, bergstál: heystál hlið sigins heys í heystæði, hlöðu; heystabbi; rönd á óslægju við sleginn blett.

steinbogi, -a, -ar K **1** bogi úr steini; brú af náttúrunnar hendi. **2** stiklur.

steinbrandur (ÞGF **-brandi**) K surtarbrandur úr smágerðum jurtaleifum.

steind, -ar, -ir KV steintegund, mínral, frumefni eða frumefnasamband sem kemur fyrir sem sjálfstætt efni í náttúrunni.

steingervingur, -s, -ar (ÞGF **-gervingi**) K steinrunnar leifar dýra og plantna, varðveittar í jarðlögum.

steinmór, -mós, -móar (ÞGF **-mó**) K sérstaklega harður mór (hefur oft fergst undir skriðu eða áreyri), liggur dýpra en pysja.

steinn, -s, -ar (ÞGF **steini**) K moli úr hörðu bergi.

steintegund KV bergtegund, kristallað, nokkurn veginn hreint efni í náttúrunni, skilgreint eftir efnasamsetningu og kristallagerð, t.d. kalkspat, kvars, demantur.

steintorf H (staðb.) fastur, þéttur mór, góður til eldsneytis.

stekkur, -jar eða **-s, -ir** eða **-ar** (ÞGF **stekk**) K einhvers konar fjárrétt þar sem lambakró (með dyrum inn í) var hlaðin af innst.

stétt, -ar, -ir KV **1** hellu- eða steinlögð gangbraut meðfram akvegi, einnig gangbraut heim að húsi eða yfir bæjarhlað. **2** FT stéttir stiklur, stillur.

stiklur KV FT (EF **stiklna**) stillur, stíflur, steinar eða þess háttar til að stikla á.

stilla, -u, -ur (EF **stillna**) KV (oftast í FT) staksteinar, stiklur, steinar til að stikla á.

stífla, -u, -ur (EF **stíflna**) KV **1** fyrirhleðsla, garður: stíflugarður, stífla í læk. **2** FT stíflur stillur, steinar til að stikla á yfir læk.

stíflugarður (ÞGF **-garði**) K stífla, fyrirhleðsla til að mynda uppistöðulón, stíflulón [ÁB].

stíflulón, -s, - H uppistöðulón [AB].

stígur (stigur), -s, -ar eða **-ir** K þröngur vegur, slóði; mjó gata í bæ; vegur heim að bæ, afleggjari.

stofnbraut KV akbraut einkum til aksturs á tiltölulega löngum leiðum um þéttbýlissvæði og unnt á að vera að komast fljótt leiðar sinnar á þeim [OOS].

stokkur, -s, -ar (ÞGF **stokk(i)**) K strengur, þröngur farvegur í læk eða á: áin rennur í stokk(i) þ.e. fellur þröngt; síki, læna.

storka, -u, -ur (EF **storkna**) K **1** þunnur, stamur ís. **2** frosið snjólag á jörð, áfreri. **3** snorka. **4** storkuberg.

storkuberg H storka, bergtegund mynduð við storknun bergkviku.

stórgrýti, -is H stórt grjót, stórir steinar.

strandbelti H sá hluti vatns (sjávar) sem er næst ströndinni þar sem dýralíf er að jafnaði fjölskrúðugt).

strandhérað H hérað sem nær til strandar.

strandlendi, -is H strandlengja, land með ströndum fram.

strandlengja, -u, -ur (EF FT **-lengna**) KV strandlendi, langt, samfellt landsvæði með sjó.

strandlína KV takmarkalína lands og sjávar eða vatna (nú eða fyrrum) [AB].

strandstaður K staður þar sem skip hefur strandað.

straumbrjótur (ÞGF **-brjóti**) K garður eða annar útbúnaður til að brjóta straumbunga.

straumfall H straumur, straumur sem fellur í tiltekna átt (einkum í sjó), sjávarfall.

straumhvörf H FT straumbreyting í á, kyrr blettur í stríðum árstraumi.

straumiða, -u, -ur (EF **-iðna**) KV iðukast, hringiða.

straumkast H þungur, sterkur straumur.

straumlína KV meginstefna rennandi vatns (í vatnsleiðslu).

straumröst KV iðustraumur.

straumur, -s, -ar (ÞGF **straumi**) K **1** rennsli vatns: árstraumur. **2** (fornm.) fljót, (stórt) vatnsfall. **3** (fornm.) sjór, einkum alllangt frá landi. **4** sjávarfall, tengt afstöðu tungls og sólar: stórstraumur, smástraumur.

straumvatn H rennandi vatn, fljót, á.

strengberg H **1** gangur, berggangur. **2** sylla í fuglabjargi.

strengur, -s eða **-jar, -ir** K **1** ílöng sneið af einhverju, löng og jafnþykk ræma úr efsta lagi jarðvegs; jarðvegslengja sem skerst upp við plægingu. **2** straumfall, stríður (stríðasti) hluti straums, árrennsli í þröngum farvegi. **3** strengberg, löng sylla eða gangur í fuglabjargi.

strípur, -s, -ar (ÞGF **stríp(i)**) K hvass fjallstundur.

strókadrylli H uppmjótt drylli.

strýta, -u, -ur (EF **strýtna**) KV keila, uppmjótt fjall eða tindur.

stræti, -is H (breið) gata í borg, bæ.

strætisvagnaskýli H afdrep fyrir fólk á biðstöð strætisvagna [AB].

strönd, strandar, strendur eða strandir KV hluti lands sem liggur að sjó eða vatni.

stuðlaberg, -s, - H storkuberg, einkum blágrýti, sem við kólnunina hefur dregist saman í stuðla (oftast fer- til sexstrenda).

stuðull, -uls, -lar (ÞGF **stuðli**) K (í stuðlabergi) stendur bergstandur sem myndast við það að storknandi hraun dregst saman og springur (í stuðla).

stykki, -is, - H partur, hluti einhvers; landsvæði.

stöð, -var, -var KV staður þar sem eitthvað tiltekið er unnið eða fer fram: biðstöð, símstöð, veiðistöð; miðstöð.

stöðull, -uls, -lar K **1** staður þar sem kvíær eða kýr voru mjólkaðar. **2** biðstöð.

stöðurein KV ræma á akbraut eða meðfram henni þar sem leggja má bifreiðum [OOS].

stöðutjörn KV straumlaus tjörn, lítið stöðuvatn.

stöðuvatn H allstórt vatnsflæmi landi girt alla vegu, vatn sem stendur allan ársins hring (yfirborð þess jafnhátt yfirborði jarðvatnsins).

sumarbúðir K FT dvalarstaður hóps að sumarlagi, t.d. til æskulýðsstarfsemi.

sumarbústaðahverfi H þyrping sumarhúsa sem standa allþétt (hver lóðin upp að annarri) [ÁB].

sumarbústaður K bústaður, hús sem einkum er ætlað til að vera í á sumrin.

sumarhagi K beitarhagi að sumarlagi.

sumarhótel H gistihús aðeins opið að sumarlagi [AB].

sumarhús H **1** (fornm.) sel. **2** sumarbústaður.

sund, -s, - H **1** (mjótt) belti hafs (vatns) milli landa eða eyja, milli meginlands og eyjar. **2** (blautt) ílangt landsvæði, oft milli tveggja hæða, ása: flóasund, mýrarsund. **3** mjó gata, stígur. **4** skarð í brimgarð.

sundhöll KV stór yfirbyggð sundlaug; bygging yfir stóra sundlaug.

sundlaug KV laug (með heitu vatni) til að synda í.

surtarbrandur (PGF **-brandi**) K mókol, brúnkol, kol í millilögum íslensku blágrýtismyndunarinnar.

svað, -s, svöð H **1** fen, for, forað. **2** hlað sem hefur troðist niður og er orðið hart.

svaði, -a, -ar K **1** (fornm.) eðja. **2** klettaflúð við sjó.

svakk, -s H raki í jörðu, mýrlendi; fen.

svakkandi, -a K leðja, mýri sem sekkur í.

svakki, -a K raki í jörð; vatn undir grassverði, þannig að jörðin dúar þegar stigið er niður: svakkamýri.

svangi, -a, -ar K dæld, slakki (t.d. í heyi).

svarðarflaga KV mólflaga.

svarðarmöld KV svarðarmór.

svarðarmór K (staðb.) svörður, ofanstunga niður að mólagi.

sveimur, -s K meira og minna regluleg röð af samsíða sprungum: sprungusveimur, gangasveimur.

sveit, -ar, -ir KV **1** hreppur, hreppsfélag; sveitarfélag. **2** hérað. **3** land, landsbyggð.

sveitarfélag H hreppur, bær, kaupstaður. Byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög sem eru lögaðilar og heita ýmist hreppar, bæir eða kaupstaðir. Heiti kaupstaður eða bær gefa til kynna að íbúafjöldi sveitarfélagsins sé yfir 1000 manns [Stjt].

svelgur, -s, -ir (PGF **svelg**) K **1** hringiða í vatnsfalli, hafi. **2** fen á vegi, mjög blautur vegarkafli, grjótræsi í vegi. **3** (staðb.) elgur, vatnsflaumur. **4** niðurfall þar sem á hverfur niður í neðanjarðar farveg [AB].

svell, -s, - H íslag (á vatni, vegi og hverju sem er).

svellahölkni H íshröngl á jörðu.

svellalög H FT ísalög.

svellbólstur, -urs, -rar (PGF **-bólstri**) K svellbunki.

svellbunki K kúptur, háll klakablettur.

svið, -s, - H **1** svæði, rúm, umdæmi: vatnasvið. **2** fiskimið.

svigða, -u, -ur KV **1** straumgári á storknuðu hrauni. **2** bugða í á [FS].

svunta, -u, -ur (EF **svuntna**) KV (staðb.) landskækill; dálítill aurbreiða fram úr gilkafti.

svæða, -u, -ur (EF **svæðna**) KV (staðb.) blautt starengi; blá; FT **svæður** svæði þar sem vatn vætlar upp úr sandi á mörgum stöðum.

svæði, -is, -H (meir eða minna afmarkaður) hluti einhvers (lands eða sjávar), sem hefur (venjulega) eitthvað sameiginlegt.

svörður, svarðar, sverðir (ÞGF sverði) **K 1** grasrót. **2** torf. **3** (torfkenndur) mór, ofanafstunga niður að mólagi. **4** (staðb.) (eldsneytis)mór.

sylla, -u, -ur (EF **syllna**) KV stallur, hilla, langur stallur í klettum.

sytla, -u, -ur (EF **sytlna**) KV vætla, seytle, sytra.

sytra, -u, -ur (EF **sytra**) KV sytla, seyra, seytle, uppspretta, lækjarspræna.

sýling, -ar, -ar KV skurður, skorningur.

sýsla, -u, -ur (EF **sýslna**) KV lögsagnarumdæmi, hérað.

sælubú H (formn.) einhvers konar gistihús, bújörð með þeirri kvöð að ábúandi skyldi ala önn fyrir vegfarendum.

sæluhús H hús til að gista í í óbyggðum, á öræfum.

sæluland H land þar sem sælt er að vera, dveljast.

sælusetur H (formn.) sæluhús.

sær, sævar (ÞGF **sæ**) K sjór, haf.

sæsími K símastrengur sem liggur í sjó.

sæstrengur K neðansjávarstrengur, einkum til að leiða rafmagn, eða fyrir síma.

sætrur KV FT (EF **sætra**) hagar, haglendi.

sögustaður K staður sem er sögufrægur og því oft friðaður [ÁB].

sökk, sakkar KV fen, forað, dý.

sökk, -s, -H 1 lægð, hola, hvilft. **2** (staðb.) í FT blautar mýrar.

sökkvandi, -a K fen, dý sem sekkur í.

sökkvi, a K mjög blaut mýri.

tagl, -s, tögl H (neðsta) drag: í fjallstöglum 1) þar sem fjallið byrjar að hefjast frá jafnsléttunni; 2) lágur (og mjór) rani: hrauntagl.

tangahlaup H (staðb.) stysta leið milli tveggja nesja sitt hvoru megin fjarðar.

tangi, -a, -ar K lítið, lágt nes.

tanki, -a, -ar K tankur.

tankur, -s, -ar K geymir fyrir vökva: olíutankur, lýsistankur.

tá, -ar, tær KV langt og mjótt nes, nesoddi; lágur oddi einhvers í landslagi: bjargtá.

tá, -s, -H stétt, gangstétt; vegur, stígur.

teigur, -s, -ar (ÞGF **teigi**) **K 1** landspilda, einkum ræktuð spilda eða engi; grasgeiri í fjalli. **2** nýslegin landspilda eða spilda sem verið er að slá. **3** dagsláta, 30 faðmar á hvern veg (á túni). **4** land, jörð.

tengibraut KV akbraut sem tengir einstaka bæjarhluta við stofnbrautanetið og tengir nálæga bæjarhluta saman innbyrðis [OOS].

tengivirki H ákveðinn hluti raforkukerfis á afmörkuðu svæði, þar sem er endabúnaður flutnings- og/eða dreifilína, tengi- og/eða rofabúnaður og stundum aflspennar [GJ].

tindur, -s, -ar (ÞGF **tindi**) K fjallstoppur, efsti hluti fjalls; fell sem rís upp úr fjallaklasa.

típpur, -s (ÞGF **típp**) **K 1** (við vegagerð) Sá staður á vegi sem ofaniburður er losaður á. **2** staður þar sem (jarðvegi) efni er haugað upp vegna skurðgraftrar eða stíflugerðar [TT].

tjaldstaður **K 1** staður þar sem tjald er. **2** staður fyrir tjald.

tjaldstæði H staður til að tjalda á.

tjaldsvæði H svæði ætlað undir tjöld, tjaldvagna og hjólhýsi.

tjarn, -s, tjörn H (staðb.) tjörn.

tjörn, tjarnar, tjarnir KV lítið stöðuvatn; pollur.

toppur, -s, -ar (ÞGF **toppi**) K hæsti, efsti hluti einhvers, tindur: fjallstoppur.

- torf, -s** - H **1** jarðvegur í mýrum og flóum, seigur af jurtarótum; (staðb.) mór, svöður. **2** grassvörður, ristur upp í þunnum lengjum, torfum, t.d. til að setja á húspak.
- torfa, -u, -ur** (EF **torfna**) KV **1** gróið landsvæði, umlukið ógrónu landi. **2** (norðl.) bæjarhverfi, húsaþyrping.
- torfbær** K bæjarhús með torfbaki og torfveggjum.
- torfgröf** KV mógröf, svarðargröf.
- torfhús** H **1** (staðb.) kofi til mógeymslu. **2** hús úr torfi.
- torfmýri** KV **1** (fornm.) mómýri, svarðarmýri. **2** mýri með góðri torfristu.
- torfrista, -u, -ur** (EF **-ristna**) KV staður þar sem torf er rist, (skorið ofan af jarðveginum).
- torfvöllur** K **1** völlur, landsvæði þar sem torf er skorið eða hægt er að skera það. **2** (staðb.) staður til að þurrka mó á.
- torfæra** KV **1** hindrun. **2** óvegur, torfarin leið eða vegarkafli.
- torfæri** H torfæra.
- tó, -(a)r, -r** eða **tær** KV grastoppur, grastó; gróinn bergstallur, grasi vaxin klettasylla, lítill gróðurblettur.
- tóft, -ar, -ir** eða **tættur** (EF tófta, tótta) KV **1** tótt (moldar- eða gjót)veggir án þaks; einkum opið heystæði við fjárhúsenda. **2** hrunin bygging, rústir. **3** (fornm.) landskiki.
- tómt hús** H hús sem ekkert jarðnæði fylgir.
- tótt, -ar, -ir** eða **tættur** KV tóft.
- trampur, -s, -ar** (ÞGF **trampi**) K (staðb.) **1** fjóströð. **2** troðinn stígur, troðinn blettur (t.d. við enda heimreiðar, á hlaði eða í snjó).
- trantur, -s, -ar** (staðb.) K kollur, hæð.
- troðningur, -s, -ar** (ÞGF **troðningi**) K troðinn stígur, óglögg gata: götutroðningur.
- trog, -s, -** H aflöng svæði sem liggja á hafsbotni meðfram jöðrum meginlanda. Botn troganna sígur smám saman en jafnframt hefst setlagamyndun í þeim. Er þetta undanfari setlagamyndunar [PE].
- trumba, -u, -ur** (EF **trumbna**) KV **1** (staðb.) nesoddi, hæðarrani. **2** ávalur stallur í fjallsöxl [HJ].
- tröð, traðar, traðir** KV **1** náttagi; afgirt gróið svæði fyrir skepnur. **2** FT traðir götutroðningar (afmarkaðir með görðum eða girðingum, gegnum tún heim að eða frá bæ, einkum sá hlutinn sem næst er bæ).
- tröllahlað, -s, -hlöð** H **1** klettur með garðs- eða gerðislögun. **2** standgangur.
- tröllahlaði, -a, -ar** K (vestf.) tröllahlað [HJ].
- tunga, -u, -ur** (EF **tungna**) KV oddlaga landspilda milli tveggja vatnsfalla, gilja eða grunnra dalverpa.
- tún, -s, -** H **1** ræktað grasi vaxið (og afgirt) landsvæði (einkum umhverfis bæi). **2** (staðb.) hlað, bæjarhlað. **3** í samsetningum: kauptún, föðurtún.
- túndra, -u, -ur** (EF **túndra**) KV freðmýri, mýrlendi með frosti í jörðu árið um kring.
- túngarður** K garður umhverfis tún.
- tæpa, -u, -ur** (EF **tæpna**) KV (staðb.) tæp klettasylla, ysta nöf.
- töng, tangar, tangir** eða **tengur** KV (staðb.) tangi, nes.
- töpp, tappar, tappir** KV lítill hólmi; smásker.
- ufs, -ar, -ir** eða **-ar** KV **1** hæð; fjallsegg. **2** FT ufsir láréttir bergstallar.
- umboðsjörð** KV (sögul.) konungsjörð sem sérstakur umboðsmaður (forpaktari) hafði að léni.
- umdæmi** H hérað, tiltekið (starfs)svæði: læknisumdæmi.

umferðarbraut KV akbraut, fyrst og fremst ætluð fyrir gegnakstur.

Umferðarbrautir eru greindar í þrjá flokka, stofnbraut, tengibraut og safnbraut [OOS].

umferðarmiðstöð KV **1** samgöngumiðstöð (í borg, bæ); t.d. aðaltorg almenningsvagna. **2** staður þar sem mjög mikil umferð er.

undirborg KV **1** útborg. **2** FT **-borgir** klappir, hæðir kringum aðra(r) meiri.

undirfell H hæð sem gengur út úr herra fjalli eða jökli.

undirfjall H fjall sem gengur út frá öðru herra fjalli.

undirgangur (ÞGF **-gangi**) K undirgöng, neðanjarðargöng.

undirgöng H FT (EF **-ganga**) undirgangur, neðanjarðargöng.

undirhlíð KV neðri hluti fjallshlíðar.

undirland, **-s**, **-lönd** H láglandi, undirlendi.

undirlendi, **-is** H sléttlendi, flatt landsvæði (læggra en eitthvað annað tiltekið); láglandi.

undirlendisjökull, **-uls**, **-lar** K rótarjökull [ÞE].

undirskógur (ÞGF **-skógi**) K lágur, þéttur gróður í skógi.

undirvarp H (slétt) jökultunga sem jökulá fellur fram undan.

uppblástur, **-urs** (ÞGF **-blæstri**) K eyðing jarðvegs af völdum fok, fok jarðvegs.

uppblásturs/svæði H svæði sem er að blása upp, sbr. örfoka.

uppdalur (ÞGF **-dal**) K **1** efri hluti dals; framdalur. **2** dalur sem skerst inn í fjall á þann veg að dalsmynnið er uppi í fjallshlíðinni [Ob].

uppgangur (ÞGF **-gangi**) K uppspretta, gígur.

uppgróður (ÞGF **-gróðri**) K nýlegur gróður á landi þar sem áður hefur verið gróðurlaust.

uppröftur, **-graftar**, **-greftir** (ÞGF **-grefti**) K jarðvegur sem mokað er upp úr gröf, skurði eða þess háttar.

upphérað H efri hluti héraðs; landsvæði sem liggur allfjarri ströndu.

uppistaða KV **1** lón, vatn sem safnast fyrir (t.d. við stíflu); áveituengi. **2** girðingarstaur.

uppistöðuengi H engi sem vatn er látið standa á (til að auka grasvöxt).

uppistöðulón H uppistaða. .

uppland H sá hluti landsvæðis sem liggur fjær strönd og nær fjöllum, óbyggðum (en einhver annar tiltekinn hluti).

upplendi H uppland.

uppsát, **-ar**, **-ir** KV uppsátur.

uppsátur H staður, þar sem hægt er að setja skip (bát) á land.

uppspretta KV lind, vatn sem kemur úr jörðu.

upptypingur K píramíði, keilulaga hrúga.

uppvarp H gosop.

ups KV ufs.

urð, **-ar**, **-ir** KV **1** stórgrýtt landsvæði; grjótþyngjur sem hrunið hafa úr fjöllum eða björgum. **2** (staðb.) mjó, grýtt landræma niðri við vatnsborð ár. **3** FT **urðir** skriðurunnin hlíð [HJ]. **4** stórgrýti: jökulurð, þelaurð [FS].

urðarás (ÞGF **-ási**) K hæðarás þakinn urð.

urðarhraun, **-s**, **-** H skriðuhraun.

urðarhryggur (ÞGF **-hrygg**) K aflöng hæð þakin urð [ÁB].

urðarkast H skriða sem hefur fallið á syllu, þræðing í bjargi [ÁB].

urðarrani, **-a**, **-ar** K (urðar)rönd í jökli, urðarhryggur.

útborg KV minni borg í námunda eða áföst við stærri borg.

útbær K bær sem stendur utarlega á nesi eða við strönd; bær nálægt dalsmynni.

útfall H **1** útstreymi (t.d. ár úr stöðuvatni eða undan jökli), frástreymt sjávarfall, útfjar, útfiri, andstætt aðfall. **2** ós, mynni: útfall árinna.

útfiri, -is H **1** fjara (andstætt flóð), útfjar. **2** landræma sem sjór fellur af við útfall.

útfjar, -s H útfall, útfiri.

útgardur (ÞGF **-garði**) K **1** gerði, girðing milli engis og beitilands. **2** (fornm.) afskekktur staður; hús sem stendur fjarri öðrum byggingum.

úthaf H stórt haf, meginhaf.

úthagi K beitiland, hagi langt frá bæ.

úthérað H fjarlægt hérað.

úthús H útihús.

úthverfi H byggð í útjaðri borgar (stundum aðskilin frá meginborginni af óbyggðu svæði).

útihús H gripahús; önnur hús en íveruhús fólks.

útvistarsvæði H svæði, ætlað til útiveru, hvíldar, hressingar og útiþróttar (OOS).

úttjörð KV **1** jörð minni en höfuðból (oftast leigujörð). **2** engi, óræktað land (sbr. tún). **3** gróðurlendi utan túns [FS].

útkjálki K afskekkt landsvæði (einkum við sjó).

útländ H (staðb.) ytri (vestari) bakki vatnsfalls.

útlenda KV **1** hjálenda. **2** sá hluti af heimalandi jarðar sem liggur fjær bæ en bitfjánhagar hennar.

útnári K útkjálki, útkjálkabyggð, mjög afskekkt byggð.

útnes H afskekkt nes eða skagi.

útrétt KV fjárrétt í öðru réttarfélagi.

útrækt KV útgræðsla, ræktun óræktarlands.

útskagi K afskekktur skagi, útnes, afskekkt landsvæði.

útsker H sker sem liggur langt frá landi.

útskiki K útjaðar (t.d. á túni).

útslægjur KV FT (EF **-slægna**) áburðarlaust slægjuland, engjar.

úströnd KV **1** afskekkt strönd. **2** fjara.

útsveit KV **1** afskekkt byggð. **2** sveit er liggur að sjó; sá hluti sveitar er liggur nær sjó.

útsýnishæð KV hæð með góðu útsýni.

útsýnisskífa KV kringla sem sýnir afstöðu kennileita og áttir og örnefni eru merkt á.

útsýnisstaður (ÞGF **-stað**) K staður með góðu útsýni.

útværpsstöð KV sendistöð útværps, hljóðværp, þráðlaus sending og móttaka merkja með rafsegulbylgjum (samsvarandi hljóðbylgjum) [ÁB].

útværpsviti K stefnuviti, sendistöð sem notuð er til að ákvarða stað skipa og flugvéla [ÁB].

útvær H veiðistöð, fiskiver fjarri heimili útróðrarmanna.

vað, -s, vöð H staður þar sem fært er að vaða eða ríða yfir vatnsfall.

vaðall, -als, -lar (ÞGF **vaðli**) K **1** grunnt vatn; leirur við sjó sem fellur yfir á flóði, grunnur áll. **2** bleyta, eðja, for.

vaðill, -ils, -lar K (fornm.) vaðall, landgrynningar í sjó sem vaða má yfir eða ganga þurrum fótum um útfiri.

vallargarður (ÞGF **-garði**) K túngarður.

vallarjörð KV valllendi.

valllendi, -is H hart og þurr graslendi sem ekki er borinn áburður á.

vangi, -a, -ar K (staðb.) hlíð, síða, brekka.

vangur, -s, -ar (ÞGF **vangi**) K **1** völlum, grund; jörð. **2** í samsetningu: á víðavangi.

varða, vörðu, vörður (EF **varðna**) KV stein- eða moldarhraukur, hlaðinn til vegvísunar (varðaður vegur).

varinhella KV hella úti fyrir bæjardyrum, bæjarhella.
varmaafstöð KV orkuver sem framleiðir raforku með jarðhita [ÁB].
varmaorkuver H varmaafstöð [ÁB].
varp, -s, vörp H **1** fjallshryggur; ás eða hæð einkum á vatnaskilum, vatnaskil. **2** eggver, staður þar sem fuglar verpa.
varphólmi K (friðaður) hólmi eða eyja þar sem fuglar verpa.
varpi, -a, -ar K hlaðvarpi, túnjaðar sem liggur að hlaðinu.
varpland H (friðað) varpsvæði fugla.
vatn, -s, vötn H **1** stöðuvatn. **2** vatnsfall, á, fljót.
vatnakerfi H vatnsföll á tilteknu svæði og tengsl þeirra.
vatnamót H FT svæði þar sem vötn eða vatnsföll tengjast eða sameinast.
vatnaskil H FT svæði þar sem vötn deilast, mörk milli vatnasviða, t.d. hæsti hluti heiðar, markalína, þaðan sem vatn fellur í mismunandi áttir.
vatnasvið H **1** það landsvæði sem vatn safnast af til tiltekins vatnsfalls. **2** landsvæði með sjálfstætt kerfi vatnsfalla.
vatnasvæði H það landsvæði sem vatn safnast af í eitt vatnsfall að lokum: vatnasvæði Þjórsár [ÁB].
vatnsafstöð KV orkuver sem framleiðir raforku með vatnsafli [ÁB].
vatnsauga H (lítill) uppsprettulind, gat sem vatn vellur út um upp á yfirborð jarðar.
vatnsaustur, -urs, -rar K (fornm.) vatnsból, brunnur.
vatnsbakki, -a, -ar K bakki vatns, vatnsfalls.
vatnsborð H yfirborð vatns.
vatnsbotn, -s, -ar K efsta lag jarðvegs undir vatni [ÁB].
vatnsból H staður þar sem (neyslu)vatn er tekið.
vatnsdrag H lítið vatnsrennsli, lind, lækur (sem fellur í stærra vatnsfall).
vatnsgur (ÞGF **-elg**) K mikil bleyta, vatnsflaumur.
vatnsfall H rennandi vatn í náttúrunni, (einkum) elfur, fljót.
vatnsgeymir, -is, -ar K geymir (stór eða lítill) undir vatnsbirgðir [ÁB].
vatnshalli K það að yfirborð lands eða mannvirkja hallast svo að vatn rennur burt af því.
vatnshver (ÞGF **-hver**) K hver sem vatn rennur frá; vatnshverasvæði lághitasvæði (hitinn fer sjaldan upp fyrir suðumark).
vatnshæð KV það hve vatn stendur hátt í jarðvegi.
vatnskista, -u, -ur (EF **-kistna**) KV land, jarðvegur sem vatn situr mjög í.
vatnsleiðsla, -u, -ur (EF **-leiðslna**) KV leiðsla fyrir vatnsrennsli.
vatnslök H FT vatnsskorpa.
vatnslögn KV vatnsleiðsla [ÁB].
vatnsrás KV rennsli vatns; farvegur vatns; renna.
vatnsrota, -u, -ur (EF **-rotna**) KV (staðb.) graslaus jarðvegsblettur (sem vatn hefur legið á).
vatnsskorpa KV yfirborðslag vatns.
vatnsstæði, -is, - H staður þar sem vatn hefur staðið.
vatnsuppistaða KV vatnslón til vatnsmiðlunar við vatnsorkurafstöð.
vatnsvegur (ÞGF **-vegi**) K **1** vatnsfarvegur. **2** leið sem flytja þarf neysluvatn.
vatnsveita, -u, -ur (EF **-veitna**) KV vatnsleiðsla, vatnsleiðslukerfi.
vatnsvirki H mannvirki til að sjá bæ eða borg fyrir neysluvatni.
vatnspró KV ró undir vatn.
vegarbrún KV vegarkantur.
vegarkantur (ÞGF **-kanti**) K vegbrún.
vegarsslóð, -ar, -ir KV óruddur vegur, slóð eftir ökutæki [ÁB].
vegarspotti K stuttur vegur, smáhluti af vegi.
vegarstæði H staður þar sem hentugt er að leggja veg.

vegbrún KV jaðar, kantur vegar.

veggöng H FT yfirbyggður vegur, leið grafin neðanjarðar eða gegnum fjall [ÁB].

vegnúmer, -s, - H númer sem Vegagerð ríkisins hefur gefið vegum landsins [ÁB].

vegskáli, -a, -ar K Stutt jarðgöng, yfirbygging yfir vegi, vegsvalir [ÁB].

vegstæði H vegarstæði.

vegsvalir KV FT stutt jarðgöng, yfirbygging yfir veg.

vegur, -ar, -ir (fornm. **-ar**) (ÞF FT **vegi, vengu** eða) K **1** leið, gata eða braut fyrir menn, dýr eða farartæki til að fara eftir. **2** (upphækkuð) braut ætluð farartækjum.

veiðihús H skýli fyrir veiðimenn, t.d. við veiðiá.

veisa, -u, -ur (EF **veisna**) KV veita, forardíki, mjög blautur staður, vatnsósa jarðvegur.

veita, -u, -ur (EF **veitna**) KV **1** skurður. **2** blautt landsvæði, mýri. **3** kerfi til að veita rafmagni, vatni eða þess háttar um tiltekið svæði: áveita, vatnsveita, rafveita, hitaveita.

ver, -s, -ir K eða **-s, -** H (staðb.) far í vatni eftir ár.

ver, -s, - H **1** veiðistöð, útgerðarstaður. **2** (friðaður) varpstaður: eggver. **3** grasi vaxið blautt landsvæði (lítið um sig), vin. **4** haf, sjór.

verbúð KV sjóbúð, bústaður í verstöð, skýli handa vermönnum.

verkamannabústaður K íbúð reist að tilhlutan hins opinbera, ætluð verkamönnum.

verkamannaskýli H hús þar sem verkamenn hafa afdrep (t.d. við höfn þar sem beðið er eftir vinnu).

verksmiðja KV stór vinnustöð sem hagnýtir mjög vélarafli: grasköggglaverksmiðja, áburðarverksmiðja.

verkstæði H vinnustöð (oft með fámennu starfslíði og notar minna vélarafli en verksmiðja).

vermsl H FT volg lind; lind sem ekki frýs.

verslunarhverfi, -is, - H bæjarhluti þar sem meira er um verslanir en yfirleitt í öðrum hverfum [ÁB].

verslunarmiðstöð KV hverfismiðstöð, þar sem eingöngu eru verslanir [OOS].

verslunarskóli K skóli sem býr nemendur (meðal annars) undir að vinna hvers konar verslunar- og skrifstofustörf.

verslunarstaður K staður þar sem verslun er.

verstöð KV ver, útgerðarstaður.

viðarbrandur K surtarbrandur myndaður úr trjábolum.

viðbrandur K surtarbrandur.

viður, -ar, -ir (ÞGF **viði**) K **1** tré; hrís, kjarr. **2** (fornm.) skógur: myrkviður: sólin gengur til viðar.

vigur, -urs, -rar K, (fornm.) **-rar, -ar** KV eyja, land.

vik, -s, - H krika, skarð, dalbót, hvammur.

vikur, -urs, -rar (ÞGF **vikri**) K, **-urs, -** H, (fornm.) **-rar, -rar** KV **1** gosmöl úr frauðkenndum, glerkenndum molum sem falla harðstorknir til jarðar. **2** FT vikrar landsvæði þakið þykku vikurlagi.

vikuraska KV smágerður vikur.

vikurfönn KV vikurskafl.

vikurgígur (ÞGF **-gíg**) K gígur myndaður við vikurgos.

vikurholsteinn K holsteinn úr vikri.

vikurkol H (svartur) harður stóraugnóttur vikursteinn.

vikursandur K sandur eða sandflæmi mestmegnis úr vikri eða vikurösku.

vikurskafl K hrönn af vikri.

vikursteinn K moli af vikri.

vilpa, -u, -ur (EF **vilpna**) KV (forar)þró fen.
vin, -jar, -jar eða **-ar** KV hagi, engi; gróinn blettur í eyðimörk.
vindaflstöð KV orkuver sem framleiðir raforku með vindafla [ÁB].
vindmylla, -u, -ur (EF **-myllna**) KV tæki sem knúid er af vindi (með því að láta hann snúa vængjahjóli) og afkastar þannig ýmis konar vinnu.
vindrof H svörfun jarðlaga af völdum vinds.
vinnuheimili H vistheimili þar sem vistmenn vinna.
vinnuskóli K skóli þar sem ýmis vinnubrögð eru kennd.
virkjun, -ar, -anir KV mannvirki til að nytja afl eða orku einhvers.
vistheimili H stofnun með aðstöðu til vinnu (á verkstæðum, við jarðrækt eða þess háttar) og heimavist handa mönnum til að dveljast í um lengri og skemmri tíma, t.d. sér til heilsubótar að læknisráði eða í uppeldisskyni eftir ákvörðun yfirvalda.
víti, -a, -ar K turn eða önnur há bygging (á strönd) sem sendir frá sér merki (ljós, hljóðvarpsbylgjur) til leiðbeiningar skipum og flugvélum: vitavarsla.
víðavangur, -s, -ar (PGF **-vangi**) K opið og óbyggt landsvæði.
víðiker H FT (formn.) víðikjarr.
víðikjarr H víðir sem vex í kjörrum.
víðimór K víði vaxið (móa)land.
vík, -ur, -ur KV bugur, vik inn í strönd, (stuttur) grunnur fjörður.
vogur, -s, -ar (PGF vogi) K vík, bugt.
volgra, -u, -ur (EF **volgra**) KV volg lind, hlý uppspretta.
votengi H mýrlent engi.
votlendi H rakt, vott landsvæði.
votlendisjarðvegur K mýrar; lífrænt set að mestu úr jurttaleifum [ÞE].
væsa, -u KV raki í jarðvegi, bleyta.
væta, -u, -ur (EF **vætna**) KV raki, dálítill bleyta.
vætla, -u, -ur (EF **vætlna**) KV eitthvað sem vætlar, dropi, seytla.
vöðull, -uls, -lar K krapa- eða vatnselgur.
völlur, vallar, vellir K (staðb. **völlur** KV FT) **1** slétta, flöt: knattspyrnuvöllur, flugvöllur. **2** tún. **3** sú spilda sem maður slær með orfi á einum degi. **4** jörð, grunnur.
völuberg, -s, - H molaberg sem inniheldur ávala steina (oftast áreyri að uppruna).
vör, varar, varir KV lendingarstaður báta, oft smávik inn í ströndina með ruddri fjöru.
yfirborð H ytra (ysta), efra (efsta) borð: yfirborð hafsins.
yfirborðsvatn H allt vatn sem liggur eða rennur á föstu yfirborði jarðar [Ob].
yfirfall H það að eitthvað fellur yfir, t.d. vatn yfir stíflu: yfirfallsop, yfirfallspípa.
ysja, -u, -ur (EF **ysja**) KV botnlaust dý, sandbleyta: sandysja; lausamjöll, nýfallinn snjór; sólbráðinn snjór.
þelagroppa KV (formn.) eðja í nýþiðnuðum jarðvegi.
þelahlaup H (staðb.) sandkvika í ám.
þelalag H klakalag í jörðu.
þelaurð KV **1** þelabundin skriða eða urð sem sígur undan halla sökum þunga síns. **2** grjótjökull, urð með ís eða jökli í [HJ].
þeli, -a K **1** klaki, ís, freri. **2** (staðb.) lágvaxið þétt gras (á túnnum), gróðurnál.
þéttbýli H **1** það að þétt er búið, þéttleiki byggðar. **2** þétt byggð, fjölsetinn staður.
þing, -s, - H (eldra mál) þingstaður, hérað (síðar sýsla): Rangárþing.
þingbrekka, -u, -ur (EF **-brekkna**) KV brekka á þingstað, brekka þar sem þingmenn hlýddu máli þeirra sem töluðu.
þinghá, -r, -r KV hérað, lögsagnarumdæmi, sýsla.
þingstaður, -ar, -ir (PGF **-stað**) K staður þar sem þing er háð.

þingstöð KV (formn.) þingstaður.

þíðjökull, -uls, -lar K jökull utan heimskautasvæðis þar sem hitastig íssins er við frostmark [PE].

þjóðbraut KV alfaraleið, almenningsgata, þjóðvegur, aðalvegur; lestavegur; þjóðvegur sem nær til minnst 1000 íbúa svæðis.

þjóðgarður, -s, -ar (PGF **-garði**) K almenningsgarður eða friðlýst landsvæði þar sem reynt er að láta náttúru staðarins halda sér, eða á hvílir söguleg helgi [ÁB, OOS].

þjóðvegur K aðalvegur, alfaraleið, vegur sem lagður er og viðhaldið á kostnað ríkisins; vegur sem er hraðbraut, þjóðbraut eða landsbraut.

þorp, -s, - H 1 lítið kaupún, húsaþyrping, þéttbýli; (staðb.) samfelld þyrping bæjar- eða gripahúsa á sveitabæ. 2 (formál) bersvæði, grýtt hæð.

þrengsli H FT þröngur farvegur vatnsfalls; mjótt fjallaskarð.

þrep, -s, - H 1 lágur jarðvegsstallur. 2 hjalli.

þríhyrningamælistöð KV punktur sem hefur verið mældur og ákvarðaður í plani með vissri nákvæmni [AB].

þræðingur, -s, -ar (PGF **þræðingi**) K 1 (mjög) mjó og krókótt gata. 2 (staðb.) löng og mjó sylla í klettum eða bjargi.

þröm, þramar, þramir KV brún, nöf.

þröngbýli H (of) þétt byggð.

þröskuldur, -s eða -ar, -ar eða -ir (PGF **þröskuldi**) K hryggur, sker, hæðarhaft.

þurrabúð KV býli, þar sem þurrabúðarmaður býr, tómthús.

þurrkvöllur sem eitthvað er þurrað á.

þurrlendi, -is H jörð, þurrt land.

þurrlendisjarðvegur K móajarðvegur að mestu gerður úr foki og eldfjallaösku (PE).

þúfa, -u, -ur (EF **þúfna**) KV meira og minna ávöl jarðvegsójafna, mynduð á gróinni jörð af víxlverkun frosts og þíðu.

þúfnakargi K illþýft svæði.

þúfnakollur K efsti hluti á þúfu.

þúfnarúst KV stór þúfa, stórþýft svæði, rúst.

þúfnastykki H þýft landsvæði (ÁB).

þúst, -ar, -ir (EF **þústa**) KV þúfa, ójafna, þústa.

þústa, -u, -ur (EF **þústna**) KV 1 einhvers konar hrúgald; smáhæð, þúfa. 2 rúst, tótt, hruninn veggur e.þ.h.

þverá KV minni á sem fellur (þvert) í stærri á, hliðará.

þverdalur K hliðardalur.

þvergil H gil sem kemur þvert á annað (önnur) gil.

þverhnípi, -is H mjög brattur staður, þverhnípt berg.

þyrluflugvöllur K sérstakur pallur eða svæði handa þyrlum [ÁB].

þýfi, -is H þúfnamergð á samfelldu svæði; þýft svæði.

ægir, -is K sjór, haf.

ægisandur K sandur á sjávarströnd, strandlengja; foksandur, fínn (ljós) sandur.

ögur, -urs, - H (eldra einnig K) vík, umgirt klettum; klettagil við sjó.

ölkelda KV lind með köldu vatni sem ólgar af kolsýru líkt og það sjóði.

öng, angar eða **öngvar, öngur** eða **öngvar** KV þrengsli, kreppa, einstigi.

öngvegi, -is H öngvegur.

öngvegur K mjór stígur, einstigi, þrengsli.

örfoka LO ÓB (um land) sem allur foksandur eða annar laus jarðvegur er fokinn af, uppblásinn; (um ís eða hjarn) sem allur lausasnjór er fokinn af.

öræfi H FT **1** eyðimörk, óbyggðir, ónytjað hálendi lands. **2** (staðb.) hafnlaus strönd, grynningar.

öskjuvatn, -s, -vötn H sigdæld, mynduð við eldsumbrot, sem fyllst hefur af vatni [PE].

öskuberg H móberg.

öskugígur (PGF **-gíg**) K eldgígur úr ösku og vikri til orðinn við þeytigos, hverfjall.

öskuhaugur K haugur, dyngja sem aska er borin í; sorphaugur.

öskulag H lag af gosösku milli annarra jarðlaga.

öskurimi K landræma ösku [ÁB].

öskusvæði H svæði sem aska hefur fallið á við eldgos.

öxl, axlar, axlir KV stallur þar sem fjallshryggur lækkar snögglega.